


Raufarfell undir Eyjafjöllum

Guðni Þorgrímur Þorvaldsson



Landbúnaðarháskóli Íslands, 2020.

Guðni Þorgrímur Þorvaldsson

Rit LbhÍ nr. 129 Raufarfell undir Eyjaföllum

ISSN 1670-5785

ISBN 978-9935-512-03-1

Forsíðumynd: Teikning eftir Thomas Stankiewicz

Uppsetning: Þórunn Edda Bjarnadóttir

Efnisyfirlit

INNGANGUR	V
SAGA RAUFARFELLS	1
VEÐUR OG GRÓÐUR.....	3
HÚSAKOSTUR Á RAUFARFELLI UM 1940	5
Votheysgryfjur.....	21
RAUFARFELL EFTIR 1940	22
TÓFTIR.....	29
TORF	31
LÆKIR	32
VEGIR TIL OG FRÁ RAUFARFELLI	34
FÓLKID Á RAUFARFELLI.....	35
Austurbær.....	35
Suðurbær	37
Miðbær	40
Vesturbær.....	43
Steinunnarhús	44
ÁBÚENDATAL.....	48
Austurbær.....	48
Miðbær	49
Suðurbær	50
Vesturbær.....	52
Fimmti bærinn 1856-1867	53
Ábúendur á Raufarfelli frá 1703-1762	53
Ábúendur á Raufarfelli fyrir 1700.....	55
SKÓLAHALD Í SVEITINNI.....	56
Skólastarfið.....	59
Skólaakstur	60
LEIKIR	64
MATUR	65
VERSLUN.....	67
HÁTÍÐIR	69
ULL OG SKINN	70
BÚFÉ	71
Sauðfé	73
Kýr.....	74
Hross	74
Nöfn búfjár.....	75
Búfjarrækt.....	77
Smölun	78
JARÐRÆKT	82
HEYSKAPUR	85
KÁLGARÐAR	87

TRJÁRÆKT.....	89
BÁTAR.....	90
HESTAVERKFÆRI.....	91
DRÁTTARVÉLAR.....	93
BÍLAR.....	97
AÐRAR TÆKNINÝJUNGAR.....	98
HEITT VATN.....	99
ÖRNEFNI.....	101
Heimatúnin á Raufarfelli.....	101
Önnur örnefni innan túngarðs.....	107
Mýri (engjarnar).....	107
Önnur örnefni á Mýrinni.....	109
Önnur örnefni í landi Raufarfells og Selkots.....	110
Örnefni innan við Selá.....	117
ÖRNEFNI Í LANDI RAUÐAFELLS.....	124
ÖRNEFNI Í STAFRÓFSRÖÐ.....	127
LANDAMERKI.....	129
ÞAKKARORÐ.....	131
MYNDIR.....	131
HEIMILDIR OG ÍTAREFNI.....	133

Inngangur

Þegar ég hugsa til áranna þegar ég var krakki á Rauфарfelli kemur tvennt fljótlega upp í hugann. Í fyrsta lagi var það þessi mikli fjöldi húsa sem var á jörðinni. Það var burst við burst í langri húsaröð og svo var önnur styttri húsaröð aftan við hina röðina. Svo voru fjárhús og hesthús utan raðanna. Öll þessi hús buðu upp á mikla möguleika til leikja, ekki síst feluleikja enda voru þeir vinsælir af krökkum þarna. Hitt sem er eftirminnilegt er fólksfjöldinn á bæjunum. Þarna voru þrjár fjölskyldur auk sumarkrakka sem voru einn eða fleiri á hverjum bæ. Örfáum árum áður voru fjórar fjölskyldur þarna. Nokkur hundruð metrum austar er Rauðafell og þá voru þar þrjár fjölskyldur og töluvert af krökkum. Aðeins vestar er Selkot en þar bjó ein fjölskylda.

Fyrir tæpum 30 árum fór ég að velta því fyrir mér að það þyrfti að teikna mynd af húsaröðinni eins og hún var. Við áttum ljósmyndir af flestum húsunum en engin ein mynd var til þar sem öll húsin voru með. Ég kynntist Thomas Stankiewicz, arkitekt, upp úr 1990 og spurði hann hvernig honum litist á að gera slíka teikningu fyrir mig. Hann sýndi þessu strax áhuga og ég kom til hans ljósmyndum sem við áttum og útskýrði mínar hugmyndir um myndina. Hann teiknaði svo myndina 1993 og var ég mjög sáttur við hana.

Við létum gera nokkrar eftirprentanir af myndinni sem voru töluvert minni en frummyndin. Einnig voru gerð nokkur tækifæriskort eftir myndinni. Einhverja þessara mynda rak á fjörur Harðar Ágústssonar myndlistarmanns og langaði hann að birta hana í bók sinni um íslenska húsagerðarsögu (Hörður Ágústsson, 1998). Hann taldi það mjög merkilegt hvernig bæirnir fjórir voru byggðir á sama hlaðinu en ekki dreifðir um stærra svæði eins og venja var. Hann hafði einnig orð á því að það þyrfti að lýsa þessum húsum, segja til hvers einstök hús voru notuð, úr hverju þau voru byggð o.s.frv. Ég tók að mér að gera þetta enda vel kunnugur á Rauфарfelli.

Þegar ég var búinn að lýsa gömlu húsunum langaði mig til að bæta meiru við. Segja eitthvað frá sögu staðarins, segja frá því hvernig gömlu torfhúsin viku fyrir nýrri húsum, segja frá fólkinu sem þarna bjó, búfé, ræktun, örnefnum, smalamenskum, tækninýjungum o.s.frv. Þar sem myndin, sem sýnir húsakostinn eins og hann var um 1940, var kveikjan að þessu verki, verður þetta ártal einnig svolítið miðlægt í umfjöllun um aðra þætti. Eigi að síður teygir umfjöllunin sig langt aftur fyrir þann tíma og fram til dagsins í dag.

Eitt málefni í ritinu hefur fengið meiri umfjöllun en upphaflega stóð til en það eru skólamálin sem snertu hvern einasta bæ í sveitinni. Mér finnst svo athyglisvert hvernig skólar tóku að spretta fram um allt land upp úr 1880, barnaskólar og framhaldsskólar. Fjórir bændaskólar risu t.d. á 9 árum (1880-1889).

Þó svo að ritið fjalli að mestu um Rauðafell þá er þessi bær hluti af sveit með mörgum bæjum sem mynda samfélag. Sveitin er svo lítil hluti Íslands og tengist öðrum hlutum landsins á ýmsan hátt. Sögu þessa bæjar verður því að skoða í ljósi þjóðarsögunnar og er því oft fjallað um hlutina í víðara samhengi en bara því sem snertir þennan bæ.

Guðni Þorvaldsson

Saga Raufarfells

Fimm þeirra landnámsmanna, sem nefndir eru í Landnámu, námu land undir Eyjafjöllum. Það voru þeir Þrasi Þórólfsson, Hrafn Valgarðsson, Ásgeir kneif, Þorgeir hörski Bárðarson og Ásgerður Asksdóttir. Þrasi kom frá Hörðalandi í Noregi og nam land milli Kaldaklofsár og Jökulsár. Hann bjó í Skógum. Hrafn Valgarðsson kom frá Þrándheimi í Noregi en ætt hans er rakin til Danakonunga. Hrafn nam land milli Kaldaklofsár og Lambafellsár. Samkvæmt Landnámu (Sturlubók) bjó hann að Rauðafelli hinu Eystra og var hið mesta göfugmenni. Oddaverjar voru niðjar Hrafns í beinan karlegg. Ásgeir kneif nam land milli Lambafellsár og Seljalandsár. Hann bjó að Auðnum. Þorgeir hörski Bárðarson kom frá Þrándheimi og keypti landið milli Lambafellsár og Írár af Ásgeiri kneif. Ásgerður Asksdóttir nam land milli Seljalandsmúla og Markarfljóts. Hún bjó norðan í Katanesi.

Raufarfells er getið í Hauksbók, Njálu og einnig í máldaga Miðbæliskirkju sem talinn er frá 1179. Í Íslensku fornbréfasafni (I, 255) segir um Mið-Arnarbæli: „*Tíund heimamanna liggur til kirkju og af næsta bæ og frá Raufarfelli hinu vestra og syngja þangað 12 messur*“. Á þessum tíma hefur verið hálfkirkja eða bænhús á Raufarfelli sem virðist hafa verið í notkun a.m.k. til loka 15. aldar en er ekki getið í máldaga Miðbæliskirkju frá um 1570.

Raufarfell var í Miðbælissókn þar til Miðbæliskirkja var lögð niður árið 1765. Miðbælissókn sameinaðist þá Eyvindarhólasókn og hefur fólkið á Raufarfelli sótti kirkju að Eyvindarhólum síðan. Árið 1890 sameinuðust Skógasókn og Steinasókn einnig Eyvindarhólasókn. Einnig var kirkja í Stóru-Borg en hún var lögð niður 1698. Frá 1890 hefur Eyvindarhólakirkja verið eina sóknarkirkja Austur-Eyfellinga. Í Eyvindarhólum var bæði prestssetur og kirkjustaður og var það sérstakt prestakall til 1904 (Björk Ingimundardóttir

2019). Frá 1904-2011 tilheyrðu Eyvindarhólar Holtsprestakalli og frá 2011 hafa þeir heyrt undir Víkurprestakall. Árið 1961 var núverandi kirkja í Eyvindarhólum vígð af Sigurbirni Einarssyni biskupi. Árið 1998 var ný kirkja vígð á Byggðasafninu í Skógum af Karli Sigurbjörnssyni biskupi.

Eyjafjöllin hafa lengi verið þéttbýl sveit. Árið 1703 voru 63 býli undir Austurfjöllum og íbúafjöldinn tæplega 400 manns. Bændum fjölgaði á níttjándu öldinni og 1880 voru heimilin orðin 77. Mest alla níttjándu öldina bjuggu þarna hátt í fimm hundruð manns. Árið 1910 var fjöldi bænda aftur orðinn sá sami og 1703 en þeim fækkaði töluvert næstu árin og voru orðinir 43 árið 1920. Leið margra lá til Vestmannaeyja og fleiri sjávarplássu sem kölluðu á fleira fólk í vaxandi útgerð.

Eyjafjöll voru eitt sveitarfélag til ársins 1871 en þá var sveitinni skipt í tvo hreppa, Austur- og Vestur-Eyjafjallahrepp. Árið 2002 sameinuðust þessi sveitarfélög aftur ásamt fjórum öðrum hreppum í sýslunni. Þá varð til sveitarfélagið Rangárþing eystra.

Bæirnir Raufarfell og Rauðafell liggja mjög nálægt hvor öðrum. Það eru einungis nokkur hundruð metrar á milli þeirra. Væntanlega hefur þetta verið ein jörð í upphafi, það er svo spurning hversu snemma jörðinni hefur verið skipt. Nöfn þessara bæja eru nokkuð á reiki í heimildum, ýmist skráðir Raufarfell eða Rauðafell ytra og eystra. Allt til þessa dags hefur það verið málvenja á Raufarfelli og Rauðafelli að nefna bæina Ytra (Raufarfell) og Eystra (Rauðafell). Menn tala um að fara út að Ytra og austur að Eystra. Hannes Þorsteinsson (1923) telur að bæirnir hafi upphaflega heitið Raufarfell ytra og eystra en Rauðafellsnafnið komið til síðar. Hann rökstyður það m.a. með því að hliðstæðar breytingar hafi orðið í málinu þar



1. mynd. Sóknarkirkjan að Eyvindarhólum 2018. Í garðinum hvíla margir sem átt hafa heima á Raufarfelli.

sem rauf breytist í rauð og svo sé Raufarfell yfirleitt notað í eldri heimildum. Nafnið Raufarfell tengist væntanlega skarðinu sem klýfur fjallið ofan við bæina í tvennt. Þessi dalur nefnist Bæjarskálir og er líklega til orðinn fyrir tilstilli jökuls.

Það hefur lengi verið margbýli á Raufarfelli eins og á mörgum bæjum í sveitinni. Í Manntalinu frá 1703 eru taldir upp sex ábúendur. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um Rangárvallasýslu var líklega skrifuð 1709. Þá bjuggu á Raufarfelli fjórir bændur. Þrír þeirra, Bjarni Eiríksson, Jón Björnsson og Einar Ólafsson bjuggu á jarðarpörtum sem biskupinn, Jón Þorkelsson Vídalín átti. Fjórði bóndinn, Gamaliel Eyjólfsson bjó á parti sem var í eigu Guðríðar Pálsdóttur á Sólheimum í Mýrdal. Síðan þá virðast ábúendur yfirleitt hafa verið fjórir. Það kemur fyrir að fleiri séu nefndir en það stóð yfirleitt stutt. Íbúafjöldi á Raufarfelli var oft um 30 manns. Suðurbær, Miðbær og Austurbær voru 10 hundruð að fornu mati en Vesturbær 5 hundruð.

Raufarfell var á 17. öld í eigu Vigfúsar Gíslasonar sýslumanns á Stórólshvoli og Katrínar Erlendsdóttur, konu hans. Sonur þeirra, Jón Vigfússon biskup á Hólum, erfði jörðina. Sigríður dóttir hans, kona Jóns Vídalíns biskups, fékk hana svo í arf. Af heimildum frá 17. öld má sjá að skjalasafn Katrínar hefur brunnið í Stórólshvolsbrunnum 1648 og þar á meðal skjöl um Raufarfell. Heimildir eru til um það allt frá síðasta fjórðungi 15. aldar að jörðin hafi gengið kaupum og sölum (Úrskurður Óbyggðanefndar 2004).

Aftast í ritinu er kort af Austur-Eyjafjallahreppi sem sýnir m.a. bæjarnöfn, vegi og ár (149. mynd).

Veður og gróður

Sveitin stendur í skjóli hárra fjalla og jafnframt nærri sjó á syðsta hluta landsins. Þetta veldur því að loftslag er þar milt í samanburði við mörg önnur héruð landsins. Vetur eru tiltölulega hlýir og frost gengur ekki djúpt í jörðu. Vegna þessa vorar snemma, en nærvera við hafið gerir það að verkum að sumarhiti verður þar ekki eins hár og í sumum innsveitum landsins. Í norðlægri átt getur veður á Raufarfelli verið hlýtt, kyrrt og fallett vegna skjólsins sem fjöllin veita. Sé norðanáttin hins vegar hvöss geta fjöllin magnað upp feiknarlegar vindhviður sem stundum hafa valdið miklu tjóni á mannvirkjum og tækjum. Sem betur fer eru þessi verstu veður ekki mjög algeng. Annað sem einkennir veðráttu Eyjafjalla er frekar mikil úrkoma.

Þessi veðrátta, ásamt berggrunninum og eldgosum, hafa gert það að verkum að Eyjafjöllin

eru mjög grösug sveit allt frá fjöru upp á efstu tinda. Eyjafjöllin eru umkringd eldfjöllum og í aldanna rás hefur oft orðið öskufall þar. Ef öskulagið verður ekki of þykkt gefur það jörðinni næringu. Árið 2010 varð töluvert öskufall á Raufarfelli þegar Eyjafjallajökull gaus. Guðni Þorvaldsson (2011) lýsti gosinu og afleiðingum þess. Í sveitinni vaxa nokkrar plöntutegundir sem ekki eru algengar í öðrum landshlutum. Má þar nefna munkahettu, stúfu, selgresi, loðgresi o.fl.

Plöntur í sveitinni höfðu sumar önnur nöfn en notuð eru í Flóru Íslands t.d. var blágresi kallað blásóley, burnirót nefndist blóðrót og ég man að gömul kona á Raufarfelli nefndi snarrótarpunt silfurpunt. Það er mjög lítið af snarrótarpunti undir Eyjafjöllum og þessi kona tindi stráin í blómavasa ef hún fann þau og notaði sem skraut.



2. mynd. Horft til Raufarfells. Rauðafell hægra megin en Selkot til vinstri.



3. mynd. Mikið rok gerði í september 2013, heyrúllur fuku úr rúllustæðu, hestakerra út í skurð og mikið tjón varð á húsum og vélum.



4. mynd. Á Raufarfelli í Eyjafjallajökulsgosinu 2010.

Húsakostur á Raufarfelli um 1940

Í Manntalinu 1910 er þess getið að á Raufarfelli hafi verið torfbærir með átta heilþilum og átta hálfþilum. Myndin af húsaröðinni sýnir Raufarfellsbæina eins og þeir litu út um 1940 (11. mynd). Hún er teiknuð eftir nokkrum ljósmyndum sem til eru af bæjarhúsunum. Tómas Stankiewicz, arkitekt, teiknaði myndina. Ekki sjást öll húsin á myndinni þar sem langa húsaröðin skyggir á nokkur hús sem voru baka til. Þeim húsum er þó einnig lýst í textanum hér fyrir neðan. Öll húsin nema nokkur smáhýsi, sem standa upp við önnur hús, sjást hins vegar á grunnmyndinni og hafa þar númer sem samsvara þeim sem eru í textanum (12. mynd).

Langa húsaröðin var um 125 m löng og norðan við hana var önnur röð mun styttri og á milli raðanna voru örfá hús. Fjórúsin voru stök ofar í landinu og nokkur önnur hús voru utan þessara tveggja raða. Ef hver burst er talin sem sérstakt hús, sem og öll smáhýsi, voru 58 hús á Raufarfellsbæjunum um 1940. Votheysgryfurnar eru ekki taldar með. Á þessum tíma var fjórbýli á Raufarfelli, Vesturbær, Miðbær, Suðurbær og Austurbær.

Mörg húsanna voru byggð á árabílinu 1915-1940. Það er þó ekki alltaf auðvelt að tilgreina aldur húsanna því stöðugt var verið að lagfæra hús og breyta þeim. Vegna þessa kallar Hannes Lárusson (2014) torfbæinn lifandi húsaþyrpingu. Í húsunum á Raufarfelli mættust gamli og nýi tíminn. Byggingarlagið var það sama og verið hafði um aldir. Gamla byggingarefnið, grjót, torf og timbur, var enn notað en ný byggingarefni voru komin til sögunnar og voru notuð með því gamla. Hér er átt við steinsteypu og bárujárn.

Flestir veggir húsanna voru hlaðnir úr grjóti en framhliðar steypar, bárujárnsklæddar eða hlaðnar úr grjóti. Þó veggirnir væru að mestu hlaðnir úr grjóti var notuð snidda með grjótinu þegar ysta lagið var hlaðið. Þannig urðu húsin grasi gróin

að utan. Yfirleitt voru sérstakir menn í að hlaða húsin og ganga frá þökum því ekki var allra að gera það svo vel færi. Einnig voru sérstakir menn í mótaupplætti. Af hleðslumönnum á bæjunum má nefna Pétur Hróbjartsson úr Austurbænum sem seinna varð bóndi á Lambafelli. Bræðurnir Skæringur og Sigurður Sigurðarsynir á Rauðafelli voru heldur yngri en Pétur en einnig góðir hleðslumenn. Þá má nefna syni Skærings, þá Rút og Sigurþór. Þorgrímur Þorvaldsson í Austurbænum vann mikið við mótasmíði í sveitinni.

Hellan sem notuð var á þökin var sótt út undir Útfjöll, í svokallaða Lakabrík sem er innarlega í Ysta-Skálaheiðinni. Það hefur verið mikil vinna að flytja hana heim að Raufarfelli. Torf og grjót var hins vegar tekið í landi Raufarfells. Á Rauðafelli var mógrýti og þótti það betra til hleðslu og auðvelt að höggva það til. Raftar sem notaðir voru í helluþök og fleira voru fyrst og fremst rekaviður frá bæjum sem áttu land að sjó. Einnig var eitthvað notað af innfluttu timbri.

Árið 1940 voru mörg húsanna komin með steyptan framstafn og þó nokkur með bárujárnsþak. Í fasteignamati frá 1930 er nefnt að Suðurbærinn og Miðbærinn séu með bárujárnsþaki og Vesturbærinn að hluta en torfþök voru á Austurbænum. Í sumum tilvikum var steypiti stafninn eða bárujárnsþakið endurbót á eldra húsi en ekki nýbygging. Þorvaldur Þorgrímsson (fæddur 1925) í Austurbænum man t.d. eftir því þegar faðir hans var að steypa framstafna á tvær af þremur burstum bæjarins. Steypu þilin leystu af hólmi eldra byggingarefni í sama bæ. Bárujárn var einnig sett á þökin í Austurbænum þó það kæmi seinna en á hinum bæjunum en torf var ofan á járninu.

Það er spurning hvenær steinsteypa var fyrst notuð á Raufarfelli. Ekki er minnst á steinsteyp

hús þar í fasteignamati frá 1916. Árin 1918-1920 var byggt íbúðarhús úr steinsteypu á Þorvaldseyri og er líklegt að það hafi verið fyrsta steinhúsið undir Austurfjöllunum. Steinhús komu heldur fyrir undir Útfjöllunum. Árið 1923 var sundlaugin á Seljavöllum steypt og þá hafa bændur á Raufarfelli komist í kynni við þetta byggingarefni hafi þeir ekki verið búnir að kynnast því áður. Það er líklegt að notkun steinsteypu á Raufarfelli hafi hafist upp úr þessu.

Austast í húsaröðinni stóð Steinunnarhús. Þess er ekki getið í fasteignamati frá 1916 og hefur því líklega verið byggt eitthvað seinna en það. Ef til vill má segja að þegar það var byggt hafi fyrsta skrefið verið stigið í átt að nýjum stíl en þetta var mjög lítið bárujárnsklætt timburhús. Um 1950 urðu svo breytingar á byggingarstílnum, þá tóku að rísa nýtískulegri hús á Raufarfelli. Fyrst steinhús í Suðurbæ með valmapaki sem byggt var 1948-1949. Árið 1954 var svo byggt steinhús með risi og kvisti í Miðbænum. Nýja húsið í Suðurbænum var byggt í sömu tóftinni og gamla Suðurbærinn en Miðbærinn var byggður framan við Austurbæinn, í kálgarði frá Vesturbænum. Miðbæjarhúsið er enn notað og er í góðu standi en búið er að rífa Suðurbæjarhúsið og byggja nýtt þar sem áður stóð hesthús (31).

Stór hluti af gömlu húsaröðinni stóð fram yfir 1970. Austurbærinn og húsin sem stóðu næst honum voru þó rifin fyrir 1960 til að rýma fyrir fjósi sem þar var byggt. Nú eru einungis fjögur hús eftir af þeim sem eru á myndinni, Miðbæjarfjárhúsin (43,44,45) og hesthús (32) frá Austurbænum.

Búskapur lagðist af í Austurbænum 1953. Skömmu áður hafði helmingur jarðarinnar verið lagður undir Suðurbæ en Miðbærinn fékk það sem eftir var þegar jörðin fór úr ábúð. Árið 1958 lagðist svo búskapur af í Vesturbænum og gekk jörðin undir Suðurbæinn. Síðan hefur verið tvíþýli á Raufarfelli.



5. mynd. Guðni Þorvaldsson (6 ára)
framan við gömlu húsaröðina.

Hér á eftir fer lýsing á hverju húsi sem var á Raufarfelli um 1940. Sagt er frá því til hvers húsin voru notuð, húsaskipan og byggingarefni. Einnig er sagt frá byggingartíma sé hann þekktur. Helsti heimildarmaður er Þorvaldur Þorgrímsson sem fæddist í Austurbænum á Raufarfelli árið 1925 og ólst þar upp. Ástþór Tryggvason (fæddur 1937) og Finnur Tryggvason (fæddur 1939) veittu ýmsar viðbótarupplýsingar. Þeir ólust upp í Suðurbænum á Raufarfelli. Nokkrir aðrir sem þarna þekkja til lásu handritið yfir og gáfu ábendingar. Sjálfur man ég eftir flestum þessara húsa. Einnig fengust mikilvægar upplýsingar úr fasteignamati frá árunum 1916, 1930 og 1940.

Steinunnarhús (1) var austast í löngu húsaröðinni. Það var byggt eftir 1916 fyrir Steinunni Ögmundsdóttur (29.4.1853-22.10.1932) en hún var frá Auraseli í Fljótshlíð. Hún kom að Raufarfelli 1913, sama ár og Þorgrímur og Guðfinna, og var eftir það skráð hjá þeim í Austurbænum. Líklega hefur hún fyrst búið í



6. mynd. Steinunnarhús, tíkin Gola fremst á myndinni.

Austurbænum og svo flutt í húsið þegar það var risið. Hún var svo í Austurbænum eftir að heilsan fór að þverra. Guðjón Vigfússon í Suðurbæ, Jón Bárðarson í Drangshlíðardal og Þorsteinn Tómasson, sonur Steinunnar, stóðu að byggingu hússins ásamt fleirum. Stærð þess var 3,2 x 3,8 m. Þetta var bárujárnsklætt timburhús en lítið einangrað. Það var ómálað að utan. Einungis voru gluggar á framhliðinni. Að innan var húsið klætt með panel og olíueldavél var í húsinu. Í húsinu var eitt herbergi, gangur og geymsla. Þetta var eina timburhúsið á jörðinni.

Austurbær (2,3,4) var líklega byggður fyrir 1920 en á honum voru síðar gerðar miklar breytingar með tilkomu steinsteypu og bárujárns. Þrjár burstir tilheyrðu þessum bæ. Frampílin voru steipt en aðrir veggir ýmist hlaðnir úr grjóti eða steiptir. Baðstofan (2) var í austustu burstinni og eldhús norðan við hana. Þessi burst var með steypum



7. mynd. Austurbærinn á Raufarfelli.

stöfnum að norðan og sunnan, og vesturveggur baðstofu var einnig steiptur. Austurveggurinn var hlaðinn. Bárújárn var á þaki baðstofunnar og torf ofan á.

Járnið var tjargað áður en torfið var lagt yfir. Upphaflega var þó grjóthella og torf á baðstofunni. Tréþil skildi að baðstofu og eldhús. Baðstofan var klædd með panel nema vesturveggurinn sem var pússaður. Baðstofan var máluð bláleit í seinni tíð en var ómáluð í upphafi. Einn gluggi var á suðurgafli. Tvö rúm voru með austur- og vesturvegg en eitt með norðurvegg. Timburgólf var í baðstofu og hlaðinn kjallari undir sem var notaður sem geymsla. Einu sinni voru þó lömb höfð í honum. Borð var undir glugganum í baðstofunni. Eldhúsið var pússað að innan að hluta til og að hluta klætt með timbri. Smáskápar og hillur voru í eldhúsinu. Borð var við norðurvegg í eldhúsi. Kolavél kom á árunum 1932-1933 og var komið fyrir í eldhúsinu. Á svipuðum tíma komu kolavélar í hina bæina á Raufarfelli. Nokkru seinna fóru svo að koma kolaofnar í baðstofunnar. Ekki var önnur einangrun en torfið. Baðstofan var 3,8 m á breidd og 4,4 á lengd. Eldhúsið hefur verið jafnbreitt og baðstofan og um 2-3 m á lengd. Austur- og miðburstin voru jafn langar en vesturburstin heldur styttri enda var norðurveggurinn hlaðinn þar. Ein trappa var af ganginum í miðburstinni upp í baðstofuna (tvö uppstig). Rennandi vatn kom í Austurbæinn á árunum 1936-1937 og var það fyrsti bærinn á Raufarfelli sem fékk rennandi vatn. Það var tekið úr Bæjarlæknum.

Miðburstin (3) var með steiptum veggjum. Bárújárn var á þaki og torf ofan á. Gengið var inn í bæinn um miðburstina og var gangur í burstinni að vestan en herbergi þar austan við. Þetta herbergi var pússað og með steingólfi. Það átti upphaflega að vera stofa en ekki varð úr því. Það var um það bil 3 x 4 m. Það var notað sem geymsla og smíðaherbergi en stundum var sofið í því. Gengið var inn í það úr ganginum. Norðan við herbergið beygði gangurinn til austurs inn í

baðstofuna. Í norðurenda miðburstarinnar var búr. Inngangur var í búið bæði úr ganginum og eldhúsinu. Norðurveggur búrsins var steiptur og einhver klæðning var einnig í búrinni. Búið gæti hafa verið um 3 m á lengd og náði þvert yfir húsið. Í fyrstu var moldargólf í ganginum en það var síðar steipt. Moldargólf var í búrinni. Þar var m.a. geymdur súrmatur. Í miðburstinni var geymsluloft og var járnstigi upp á loftið í búrinni.

Í vesturburstinni (4) voru framstafninn og austurveggurinn steiptir en hinir veggirnir hlaðnir. Grjóthella og torf var á þaki. Í vesturburstinni var hlóðældhús að sunnan en taðgeymsla þar norðan við. Dyr voru úr ganginum inn í hlóðældhúsið. Lág timburþil var milli taðgeymslu og hlóðældhúss. Engin timburklæðning var á veggjum í hlóðældhúsinu. Taðið var sett inn um gat á þekjunni. Hlóðældhúsið var minna en helmingurinn af burstinni, e.t.v. 3 m á lengd og tæpir 4 m á breidd. Hlóðirnar voru í suðaustur horninu. Moldargólf var í vesturburstinni. Mikið kjöt hékk oft í loftinu í hlóðældhúsinu. Hlóðældhúsið var notað eftir að kolaeldavélin kom t.d. þegar verið var að sjóða slátur. Vatnssalerni var sett í suðausturhornið á hlóðældhúsinu 1949 og var það fyrsta vatnssalernið á Raufarfelli. Sama ár var byggt nýtt hús í Suðurbænum og var það einnig með vatnssalerni.

Fyrir vestan Austurbæinn var mjótt sund sem hægt var að ganga um og fara norður fyrir bæinn.

Hesthús (5) frá Austurbænum var vestan við sunnið. Það var sambyggt **hesthúsi** frá Miðbænum (6). Þau voru hlaðin úr grjóti með grjóthellu og torfi á þaki. Steinum var raðað í gólfíð og var það einnig svo í öðrum hesthúsum á bænum. Þetta var kallað að gólfín væru flóruð. Stallar voru með austurvegg. Undir stöllum var bekkur hlaðinn úr steini. Ekki var hlaðinn veggur á milli húsanna heldur tréþil. Stoð var í milliveggnum. Austurbæjarhesthúsið tók tvo hesta en Miðbæjarhúsið þrjá. Hestarnir voru alltaf inni yfir nóttina eftir að þeir voru teknir á



8. mynd. Hesthús (5) og hlaða (8) frá Austurbænum.

hús. Þeir voru oft úti á daginn. Í þessari sveit voru hesthúsin oft nefnd traðir.

Austurbæjarfjós (7) var vestan við Miðbæjarhesthúsið. Báðir stafnarnir voru steiptir en aðrir veggir hlaðnir úr grjóti. Hella og torf var á þaki. Í fjósinu voru sex básar. Jötur úr tré voru á gólfinu með vesturvegg. Torf var í básum að framanverðu en aftasti hluti básanna var steiptur. Fjósið var líklega byggt um 1935. Hesthúsin austan við

voru eldri. Aftan við kýrnar var steiptur flór og steipt gangstétt. Austan megin var smá skot inn í vegginn og þar voru vatnstunnur. Í þær rann vatn af hlöðupakinu. Seinna þegar vatnslögn var komin í fjósið var þetta skot notað fyrir kálfa (það gerðist á svipuðum tíma og vatn var lagt í Austurbæinn). Hlandfor var framan við fjósið. Þetta var alsteipt þró sem hland úr kúnum var geymt í sem og það sem til féll frá kamrinum. Hún var 24 rúmmetrar að stærð. Flórinn í fjósinu hallaði að hlandforinni og op var úr flórnum inn í hlandforina sem hlandið rann eftir. Ofan á hlandforinni var gat sem handknúinni dælu var stungið í. Á vorin var hlandinu dælt í trékassa sem settur var á hestvagn og því dreift á túnin. Aftan á kassanum (neðst) var gat með loku sem hlandið rann út um þegar lokunni var rennt frá. Spjald var aftan við gatið sem dreifði hlandinu þannig að bunan varð nokkuð breið. Með tilkomu dráttarvélanna voru smíðaðir stærri og betri tankar. Opinn fjóshaugur var framan við forina. Þegar Þorvaldur Þorgrímsson man fyrst eftir sér voru eldri fjósin í Austurbæ og Miðbæ í notkun. Þau stóðu heldur sunnar, líklega í svipaðri línu og gamli Suðurbærinn. Ekki var hlandfor við þau og hafa því fjósin sem hér er lýst verið fyrstu fjósin á Raufarfelli sem byggð voru með hlandfor.



9. mynd. Fjós (7 og 10) og hlaða (8). Nýi Miðbærinn í smíðum.

Fjóshlaða (8) var norðan við fjósið. Framstafninn var steypdur en aðrir veggir hlaðnir úr grjóti. Hlaðan var með bárujárnsþaki og bárujárnsþili. Hlaðan snéri eins og fjósið, norður-suður. Hún var 100 rúmmetrar að stærð og byggð rétt fyrir 1940.

Kamar (9) frá Austurbænum var ofan á hlandforinni framan við fjósið. Hann var steypdur og stóð stakur á forinni.

Miðbæjarfjósið (10) var vestan við Austurbæjarfjósið. Það var einum bás styttra en Austurbæjarfjósið. Framstafninn var tæpum metra norðar en Austurbæjarfjósið og því ekki í línu við það. Kamar sem var upp við fjósið myndaði línu við Austurbæjarfjósið. Básar voru með vesturvegg, fimm talsins. Þar var svipaður frágangur og í hinu fjósinu. Engin hlaða var við Miðbæjarfjósið en hey borið þangað úr hlöðu sem var vestan við Miðbæinn. Steypt hlandfor var framan við fjósið sem var 15 rúmmetrar að stærð. Opinn fjóshaugur var framan við forina.


Kamar (11) frá Miðbænum var á hlandforinni framan við Miðbæjarfjósið, alveg upp við fjósið. Hann var við vestanverðan gaflinn og sést á 10. mynd (lengst til hægri). Hann var steypdur.

Skemma (12) frá Miðbænum var vestan við Miðbæjarfjósið. Framgaflinn var steypdur en aðrir veggir hlaðnir úr grjóti. Hella og torf var á þaki og moldargólf var í skemmuni. Breidd skemmunnar var 2-3 m og lengdin nálægt 4 m. Innst í skemmuni voru geymdar kartöflur. Þarna voru einnig saltkjötstunnur og stundum önnur matvæli eins og saltfiskur. Fremsti hluti skemmunnar var notaður sem smiðja. Vestan við skemmuna var mjótt sund sem hægt var að ganga um og komast norður fyrir húsaröðina. Núverandi markagirðing á milli bæjanna er þar semundið var.


Suðurbæjarfjósið (13) var vestan viðundið. Það var byggt um 1935. Austur- og norðurveggur voru hlaðnir. Framþilið var steypdur og vesturveggurinn.



10. mynd. Frá vinstri, hlaða frá Suðurbænum (15), Suðurbæjarfjósið (13), skemma (12) frá Miðbænum og Miðbæjarfjósið (10). Ingveldur Stefánsdóttir og Jón Pálsson eru fremst á myndinni. Hesturinn er Sóti úr Miðbænum.



11. mynd. Raufarfell eins og það leit út 1940.



12. mynd. Húsin séð ofan frá, númerin vísa til einstakra húsa sem lýst er í textanum. Stærðarhlutföll húsanna eru ekki rétt og myndin sýnir ekki nákvæma afstöðu þeirra hvers til annars, heldur er þetta gróf afstöðumynd.

Fjósíð var einstætt og básar voru með vesturvegg. Göt voru á veggnum við hvern bás þar sem hey var sett í gegnum en hlaða var vestan við fjósíð og önnur hlaða þar fyrir vestan. Í fjósinu voru sex básar. Bárújárnsþak var á fjósinu og torf ofan á. Alsteyp handfor var framan við fjósíð sem var 58 rúmmetrar að stærð og opinn haugur þar fyrir framan.

Kamar (14) frá Suðurbænum var í suðausturhorni fjóssins og tengdur handforinni. Hann var steypur.

Tvær **hlöður** (15,16) frá Suðurbænum voru vestan við fjósíð. Allir veggir voru steypdir og þök með bárújárni. Ekki var veggur á milli þeirra. Þær voru 187 rúmmetrar samanlagt.

Suðurbærinn (17,18) var vestan við hlöðurnar tvær. Áður stóð Austurbærinn á þessum stað en Suðurbærinn framan við bæjaröðina. Þegar Austurbærinn var færður austur var Suðurbærinn endurbyggður þarna. Hann var því aðeins yngri en Austurbærinn og gæti hafa verið á svipuðum aldri og Miðbærinn sem stóð við hliðina og var byggður um 1926. Tvær burstir tilheyrðu Suðurbænum. Austurveggur Suðurbæjarins var steypur sem og veggurinn milli burstanna. Framþilin voru steypd en vestur- og norðurveggur hlaðnir úr grjóti. Bárújárnsþak var á bænum. Í austurburstinni (17) var baðstofa og eldhús þar norðan við. Þrjú rúm voru með austurveggnum en tvö með vesturveggnum. Dyr voru úr baðstofu á vesturvegg og rúmin tvö sitt hvoru megin við dyrnar. Að norðan voru dyr úr baðstofu inn í eldhús. Veggir og loft baðstofu voru klædd með panel og gólfíð var úr timbri. Baðstofan var máluð með bláleitum lit. Eldhúsið var timburklætt og þar var kolaeldavél. Baðstofan hefur verið 5-6 m á lengd. Eldhúsið var 2-3 m á lengd og 3-4 m á breidd. Hlaðinn kjallari var undir baðstofu og þar var moldargólf. Kjallarinn var notaður sem geymsla.

Gengið var inn í Suðurbæinn um vesturburstina (18). Gangur lá með austurvegg. Í vesturburstinni

að sunnan var stofa. Norðan við stofuna var búr eða geymsla. Geymsluloft var í vesturburstinni og þar m.a. geymt mjöl. Stigi upp á loftið var í búrinu. Gengið var inn í stofuna og baðstofuna úr ganginum og við norðurenda gangsins voru dyr inn í búrið. Í búrinu var moldargólf. Torfkofi gekk norður úr vesturburstinni og þar var hlóðaeldhús og taðgeymsla. Taðið var sett inn um gat á þakinu. Gengið var inn í kofann úr búrinu.

Miðbærinn (19,20) var vestan við Suðurbæinn og honum tilheyrðu tvær burstir. Hann hefur verið byggður um 1926. Heildarstærð bæjarins var 6,3 m x 7,6 m. Framþil bæjarins voru steypd sem og veggurinn á milli burstanna. Austurveggurinn var hlaðinn. Veggirnir að norðan voru hlaðnir en stafarnir steypdir ofan á hleðsluna. Bárújárni var á þökum og timbur og pappi undir. Baðstofa (19) var í eystri burstinni og undir baðstofugólfinu var hlaðinn kjallari með moldargólf. Í kjallaranum var geymsla og þar fór einnig fram mjólkurvinnsla. Ekkert annað herbergi var í austurburstinni. Þrjú rúm voru með austurvegg baðstofunnar. Með vesturveggnum var eitt rúm sunnan við dyrnar en eitt norðan við þær og kolaofn. Panell var á veggjum og í lofti en timbur á gólf. Baðstofan var ómáluð. Baðstofugólfíð var hærra en gangurinn og því þrep upp í baðstofuna.

Í vesturburst Miðbæjarins (20) var gangur að austan en stofa að vestan. Norðan við stofuna var eldhús. Gengið var inn í stofuna úr ganginum. Einnig var inngangur í baðstofuna úr ganginum frekar sunnarlega. Gengið var inn í eldhúsið úr norðurenda gangsins. Stofan gæti hafa verið 3 x 3,5 m. Vesturveggurinn var steypur. Stofan var klædd með panel og timbur í gólf. Gólfíð í ganginum var einnig klætt með timbri. Yfir vesturburstinni var geymsluloft. Það var stigi upp á loftið úr eldhúsinu. Í eldhúsinu var kolavél. Norðan við eldhúsið var hlóðaeldhús og taðgeymsla í sér byggingu en innangengt þangað úr eldhúsinu. Þetta hús var hlaðið úr grjóti og grjóthella og torf á þaki. Taðgeymslan var norðan

við hlóðirnar. Taðið var sett inn um gat á þakinu. Moldargólf var í þessu húsi.

hafa verið 4 m á breidd og 2-3 m á lengd. Opið var úr skúrnum inn í hlöðu, a.m.k. að hluta.

Geymsluskúr (21) frá Miðbænum var vestan við bæinn. Hann var steypdur og notaður sem geymsla. Hann var með hallandi bárujárnsþaki. Hann gæti

Hlaða (22) frá Miðbænum var vestan við skúrinn. Framþilið var steypd en hlöðuveggirnir hlaðnir nema stafninn að norðan var steypdur ofan á



13. mynd. Hluti húsanna á Raufarfelli um 1940. Þessi mynd var notuð ásamt fleirum þegar forsíðumyndin var teiknuð.



14. mynd. Guðfinna Lilja Tómasdóttir á Daljarpi framan við Miðbæinn, Jarpur, Blesi og Sóti standa hjá.



15. mynd. Tómas Guðjónsson að fletja fisk framan við hlöðu (22).

vegginn. Bárújárnsþak var á hlöðunni. Stærð gæti hafa verið 4-5 m á breidd og um 8 m á lengd. Vestan við hlöðuna var mjótt sund og þar vestan við Vesturbærinn. Sundið var þannig að það þurfti að klifra upp á um meters háan steinkamp til að komast norður fyrir.

Vesturbærinn (23,24,25) hafði tvær burstir og yfirbyggður gangur á milli þeirra (16. mynd). Vesturbærinn stóð um það bil 1 m innar en húsaröðin austan við. Húsin vestan við Vesturbæinn voru í sömu línu og hann. Bærinn var hlaðinn úr grjóti nema stafninn var bárújárnsklæddur. Rimlar, pappi og bárújárn var á þökum. Gangurinn milli



16. mynd. Þorvaldur Ingvarsson og Guðbjörg Sigurðardóttir framan við Vesturbæinn.

burstanna (24) var með skúrþaki. Í austurburstinni (23) var geymsla og þar fór fram mjólkurvinnsla. Moldargólf var í austurburstinni. Áður hafði verið hlóðældhús í austurburstinni en það var lagt af við endurbyggingu hennar.

Baðstofa (25) var í sunnanverðri vesturburstinni og var hún byggð um 1926. Hún var 3,8 m á breidd en 6 m á lengd. Hún var klædd með panel og timbur var á gólfi. Baðstofan var ómáluð framan af en síðar máluð í grænleitum lit. Undir baðstofunni var kjallari sem notaður var sem geymsla. Gengið var í kjallara úr ganginum inn við eldhúsið. Gengið var inn í baðstofuna úr ganginum. Baðstofan og eldhúsið voru aðeins hærrí en gangurinn og því trappa upp. Eldhús var norðan við baðstofuna en ekki var innangengt þaðan í baðstofuna heldur þurfti að fara um ganginn.

Tvær **hlöður** (26,27) frá Vesturbænum stóðu hlið við hlið vestan við bæinn en enginn milliveggur var á milli þeirra, einungis stoðir. Veggir í hlöðunum voru hlaðnir en framþil eystri hlöðunnar var steipt en stafninn á vestari hlöðunni var bárujárnsklæddur. Bárujárnsþak

var á báðum og moldargólf í báðum. Þær voru samanlagt 167 rúmmetrar.

Kamar (28) frá Vesturbænum var inni í þykkum vegg á milli vestari hlöðunnar og fjóssins. Hann var steiptur. Hann var tengdur hlandforinni við fjósið.

Vesturbæjarfjósið (29) var vestan við kamarinn. Það var hlaðið úr grjóti nema hvað framþil var steipt. Torfþak og grjóthella var á fjósinu sem var einstætt með fjórum básum. Jötur voru vestan megin. Hlandfor var framan við fjósið og haugstæði suðvestan við forina. Hlandforin var alsteipt og 12 rúmmetrar að stærð.

Hesthús (30) frá Vesturbænum var vestast í húsaröðinni. Það var allt hlaðið úr grjóti nema framhliðin var steipt. Það var með torfþaki. Stallur var með austurvegg. Inn úr hesthúsinu var lítið rými fyrir trippi sem kallað var kór. Kórinn rúmaði tvö trippi en hesthúsið 2-3 hross. Gólfíð var flórað.

Hesthús (31) frá Austurbænum var vestan við löngu húsaröðina og aðeins sunnar (20-30 m frá



17. mynd. Raufarfell um 1950.



18. mynd. Kýrnar mjólkaðar á stöðlinum um 1940. Húsið fyrir miðri mynd er hesthús (31). Hægra megin við það eru tradirnar sem kýrnar voru reknar eftir inn í haga. Vesturbæjarfjósíð er lengst til hægri á myndinni. Hestasteinn sést á miðri mynd. (Ljósm. Ólafur Daðason).

húsaröðinni). Það var hlaðið úr grjóti og með torfpaki. Stallar voru á austur- og vesturvegg og hlaðinn bekkur undir þeim. Gólfíð í þessu húsi var steipt og framan við hesthúsið var steipt baðgryfja. Gólfíð var notað til að láta vatnið renna af fénu og leiða vatnið aftur í gryfjuna. Gryfjan var notuð til að baða féð til varnar fjárkláða. Féð af öllum Raufarfellsbæjunum og Selkoti var baðað þarna og um tíma fé frá Rauðafelli einnig. Síðar voru svo byggðar baðgryfjur í Selkoti og á Rauðafelli. Framan við baðgryfjuna var kálgarður frá Austurbænum. Hesthúsið tók fjóra hesta, tvo hvorum megin.

Stutt húsaröð var norðan við löngu húsaröðina. Austast var **hesthús** (32) frá Austurbænum og sést aðeins í mæninn á því á teiknuðu myndinni. Það stendur enn. Það er hlaðið úr grjóti með torfpaki. Stallur var með norðurvegg og hlaðinn bekkur undir. Innanmál þess er 4,2 x 2,8 m og vegg hæð 1,4 m. Dyrnar eru 80 cm breiðar og ekki á miðju húsi, frá dyrum eru 2,3 m til austurs en 1,2 til vesturs.

Hesthús (33) frá Suðurbænum var þar vestan við og nefndist það Suðurbæjartröð. Það tók 8-10 hross. Einar dyr voru á húsinu. Það var hlaðið úr grjóti og með torfpaki. Gólfíð var flórað. Stallar voru með norðurvegg.

Smiðja (34) frá Suðurbænum var vestan við tröðina. Hún var hlaðin úr grjóti og með burst. Þak var úr grjóthellu og torfi en framþil steipt. Smiðjan var um það bil 2 m á breidd og 4-5 m á lengd. Þar sem smiðjan var eru nú fjárhús (byggð um 1950). Þegar þau voru byggð var smiðjustafninn látinn halda sér og er nú hluti af stafni eystra fjárhússins. Það sést móta fyrir honum í fjárhússtafninum.

Lambhús (35) frá Suðurbænum var vestan við smiðjuna. Það var hlaðið úr grjóti með torfpaki. Járnpil var í stafni ofan á veggnum. Húsið gæti hafa verið 4 x 7 m. Það sést ekki á myndinni. Fjós hlaðan í Austurbænum skyggir á það.

Hesthús (36) frá Miðbænum var um 8-10 m



19. mynd. Hesthús (32) og Miðbæjarfjárhúsin (43,44,45) árið 1994 en þetta eru einu húsin sem eftir standa af gömlu húsunum.

vestar. Það nefndist Miðbæjartröð. Það tók 8-10 hesta. Á því voru tvennar dyr en eitt þak. Það var hlaðið úr grjóti með torfþaki. Gólfíð var flórað. Húsinu var skipt í tvennt með skilrúmi úr tré.

Næst skal nefna nokkur hús sem ekki sjást á teiknuðu myndinni. Norðan við Steinunnarhúsið var **hænsnakofi** (37) frá Austurbænum. Hann var hlaðinn úr grjóti með torfþaki. Framþil var steipt og snéri til suðurs. Í kofanum var moldargólf. Hann tók 10-15 hænur. Hann sést á 27. mynd.

Norðan við Austurbæinn en sunnan við nyrðri húsaröðina voru **hesthús** (38) og **smiðja** (39) frá Austurbænum, hlið við hlið. Hesthúsið var austar. Það var hlaðið úr grjóti með torfþaki. Það var með burst og framþil klætt með bárujárni. Gólfíð var flórað eins og í flestum hesthúsunum. Það tók líklega þrjú hesta. Stallur var að norðan og hlaðinn bekkur undir. Smiðjan var vestan við hesthúsið, hlaðin úr grjóti og með torfþaki. Stafinn var steiptur. Moldargólf var í smiðjunni. Það sést í smiðjugaflinn á teiknuðu myndinni af bæjunum vestan við Austurbæinn. Hún gæti hafa verið 5-6

m á lengd og 3 m á breidd. Innst í smiðjunni voru geymdar kartöflur. Á hesthúsinu var vindmylla frá Austurbænum sem framleiddi rafmagn til lýsingar. Hún kom líklega um 1937. Ekki voru vindmyllur á hinum Raufarfellsbæjunum.

Norðan við Suðurbæinn, við endann á hlöðnum garði, var **hænsnakofi** (40) frá Suðurbænum. Þessi garður var þakinn brenninetlu og kallaðist Nötugarður, en brenninetlan var oft nefnd nata. Kofinn var hlaðinn úr grjóti með torfþaki og með moldargólfi. Hann tók 10-15 hænur.

Hænsnakofi (41) frá Austurbæ var í svokallaðri Markamýri, nokkuð langt austan við bæina. Þar voru hænsnin höfð á sumrin til að þau væru ekki í kálgörðunum.

Hesthús (42) frá Austurbænum var nokkuð sunnan við löngu húsaröðina, í Austurbæjarkálgarðinum. Það var byggt um 1938 og var eina húsið sunnan traðanna. Það var hlaðið úr grjóti og með torfþaki. Gólfíð var flórað. Þarna voru fyrst og fremst trippi og var pláss fyrir 3-4 trippi í þessu húsi. Á haustin

voru kartöflur þurrkaðar þarna. Þegar helmingur Austurbæjar gekk undir Suðurbæ fylgdi þetta hús með.

Miðbæjarfjárhúsin (43,44) (N 63° 32' 41,7" V 019° 36' 21,6"). Tvær jafnstórar burstir og hlaða norðan við (45). Þessi hús taka 60 kindur og standa

enn. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti en stafnarnir steypdir. Þau voru byggð um 1935. Garði er í miðju beggja húsanna og krær sitt hvorum megin. Eystra húsið (43) er með bárujárnsþaki því ekki var til næg hella á það. Vestara húsið (44) er hins vegar með hellu og torfþaki. Hlaðan var byggð um 1925. Pétur Hróbjartsson á Lambafelli hlóð



20. mynd. Miðbæjarfjárhúsin sumarið 2015.



21. mynd. Þakið á vestra fjárhúsinu í Miðbænum séð innan frá, grjóthellan hvílir á röftunum og torfið er ofan á grjóthellunni.



22. mynd. Norðurveggur Miðbæjarhlöðunnar sem hlaðinn var fyrir tæpum 100 árum.

hlöðuveggina með aðstoð Þorsteins Jónssonar frá Seljavöllum sem þá var unglingur. Þorsteinn varð síðar bóndi á Eystri-Sólheimum í Mýrdal. Við byggingu hlöðunnar kom í ljós hellismunni í norðvesturhorninu. Þorstein langaði til að skoða hellinn en Pétur vildi ekkert gera í því og var hlaðið fyrir opið. Þak hlöðunnar er úr bárujárni. Veggir hlöðunnar eru hlaðnir úr grjóti og alveg niðurgrafnir. Stafnar hlöðunnar eru steyptir ofan á hlöðnu veggina. Þegar hlaðan var byggð voru jafnframt byggð þrjú minni fjárhús sunnan við hlöðuna. Þau voru svo rifin þegar þessi hús voru byggð um tíu árum seinna. Hvort hús er 7,8 m á lengd og 3,8 á breidd. Vegg hæð í húsunum er 1,8 m. Grunnflötur hlöðunnar er 8 x 4,2 m og vegg hæð 2,8.

Hænsnakofi (46) var vestan við Miðbæjarfjárhúsin. Hann var hlaðinn úr grjóti og með torfþaki. Fjöldi hæna var um tíu.

Suðurbæjarfjárhúsin (47) (N 63° 32' 44,4" V 019° 36' 21,1") voru byggð aðeins seinna en Miðbæjarhúsin. Þau voru aðeins ofar og austar en Austurbæjarhúsin, rétt austan við Litlálækinn.



23. mynd. Kýrin Reyðir úr Miðbænum við Austurbæjarfjárhúsin 1966.

Það var eitt hús og hlaða norðan við (48) sem lá þvert á fjárhúsið. Í fjárhúsinu var einn garði. Húsin voru hlaðin úr grjóti með torfþaki. Stafninn var steypur í vegg hæð og bárujárn þar fyrir ofan. Veggir hlöðunnar voru hlaðnir en líklega steypur stafn ofan á vesturveggnum. Grjótveggir voru í hlöðunni og bárujárnsþak. Hlaðan var 46 rúmmetrar. Suðurbæjarfjárhúsin sjást á 27. mynd.

Hænsnakofi (49) var vestan við Suðurbæjarhúsin.

Austurbæjarfjárhús (50,51) (N 63° 32' 44,4" V 019° 36' 25,9"). Þetta voru tvö hús hlaðin úr grjóti og með torfpaki. Húsin tóku 60 kindur. Garði var eftir húsunum miðjum. Í eldri húsum voru jötur hins vegar með veggjum. Framhlið húsanna var einnig hlaðin í veggjahæð en timbur eða járn þar ofan við. Hlaða (52) var norðan við húsin og sneri þvert á þau. Hún var einnig hlaðin en þakið bárujárnsklætt. Hún var 140 rúmmetrar. Húsin og hlaðan voru byggð um 1935. Áður var

þarna minni hlaða og eitt fjárhús. Vatn var lagt í þessi hús um 1940 og var það þá eina fjárhúsið með brynningu. Vatnið var tekið úr svonefndum Litlalæk sem á þessum árum átti það til að þorna, en það gerist mjög sjaldan núna.

Vesturbæjarfjárhús (53,54) (N 63° 32' 46,5" V 019° 36' 34,4") voru byggð um 1935 (sjá 29. mynd). Þau voru með hlöðnum veggjum en steypu framþili. Eystra húsið var með bárujárnsþaki en hella og torf



24. mynd. Hesthús frá Vesturbænum (58). Jónína Þorgrímsdóttir mjólkur kú sem var orðin slæm í fótum og því ekki rekin heim til mjalta heldur mjólkuð í haganum.

á vesturhúsinu. Þessi hús tóku 60 kindur. Hlaða (55) var við húsin með steiptum veggjum og bárujárnsþaki. Hún lá þvert á stefnu húsanna.

Hænsnakofi (56) frá Vesturbænum var vestan við fjárhúsin en norðar en framþil fjárhúsanna. Hann var hlaðinn úr grjóti með torfþaki en líklega var framþilið úr bárujárni.

Lambhús (57) var skammt austan og sunnan við Vesturbæjarfjárhúsin. Það var hlaðið úr grjóti og með torfþaki. Það sést ekki á teikningunni. Þetta hús var síðar notað sem hesthús.

Hesthús (58) (N 63° 32' 47,2" V 019° 36' 36,2") frá Vesturbænum var vestan við fjárhúsin (um 80 m frá þeim) og var með sama lagi og flest hin hesthús. Það var hlaðið úr grjóti og með torfþaki. Það tók um fjóra hesta. Hesthúsið sést á 24. mynd og 105. mynd.

Votheysgryfjur

Í búnaðarskýrslum er fyrst minnst á vothey í Austur- og Vesturbæ árið 1939. Þorvaldur Þorgrímsson segir að votheysverkun hafi verið stunduð í einhverjum mæli í Austurbænum frá því hann fyrst man eftir sér. Til að byrja með

voru notaðar moldargryfjur sem gert var yfir með torfi þegar heyskap var lokið. Einkum voru svona gryfjur notaðar í óþurrkatíð.

Síðar var farið að steypa votheysgryfjur og voru slíkar gryfjur til á öllum Raufarfellsbæjunum þegar komið var fram yfir 1940. Einhverjar steiptar votheysgryfjur voru komnar fyrir 1940, t.d. var snemma byggð gryfja inni í fjóshlöðunni í Austurbænum, hún var í norðausturhorni hlöðunnar. Hey var sett í hana með því að taka járnplötur af hlöðuþakinu. Einnig var votheysgryfja í norðausturhorni eystri fjóshlöðunnar í Suðurbænum og votheysgryfjur voru í báðum Vesturbæjarhlöðunum. Þessar gryfjur gætu hafa verið byggðar í kringum 1940. Norðan við sundið milli Suðurbæjarfjósins og skemmunnar var stök gryfja frá Miðbænum, og önnur gryfja frá Miðbænum var norðan við Miðbæjarfjósíð. Sú gryfja var líklega yngst af þessum gryfjum og byggð eftir 1940. Þessar gryfjur voru töluvert mikið niðurgrafnar þannig að 1,5-2,5 m voru ofanjarðar. Votheysgryfjurnar voru ferkantaðar á að giska 4 x 4 m og nokkrir metrar á dýpt. Votheysturn var byggður í Suðurbænum rétt eftir 1950 og mörgum árum seinna í Miðbænum.



25. mynd. Guðni, Bjarni og Hans Þorvaldssynir að brjóta niður gamla votheysgryfju norðan við Miðbæjarfjósíð 1971. Votheysturninn í Suðurbænum í bakgrunni.

Raufarfell eftir 1940

Teiknaða myndin (11. mynd) sýnir Raufarfell eins og það var um 1940. Þetta útlit hélst fram undir 1950. Eins og áður segir var byggt nýtt íbúðarhús í Suðurbæjartóftinni árin 1948-1949 (26. mynd) og um svipað leyti var steypdur nýr votheysturn norðan við fjósið í Suðurbænum. Um 1960 var íbúðarhúsinu þar breytt, sett á það ris og kvistur.

Árið 1954 var byggt nýtt steinhús í Miðbænum og nýtt fjós árið 1957. Austurbærinn þurfti að víkja fyrir fjósinu. Smiðurinn sem byggði húsin í Miðbænum hét Jón **Haraldur** Pálsson (1906-1981) og var frá Bolungarvík. Hann kom austur undir Eyjafjöll árið 1938 til að byggja íbúðarhús á Hrutafelli. Hann byggði í kjölfarið fjölmörg íbúðar- og útihús undir Eyjafjöllum og bjó þar til

dauðadags. Síðustu árin dvaldi hann á Ysta-Skála. Haraldur var góður smiður, mjög vinnusamur og vel liðinn.

Um 1950 voru byggð fjárhús fyrir Suðurbæinn í efri húsaröðinni. Þau eru í gamla stílnum, útveggirnir eru hlaðnir en steyp hlaða norðan við. Þetta eru tvær burstir, önnur var með grjóthellu og torfi en hin með bárujárni. Stafnarnir eru steypdir og eystra húsið var steyp ofan á stafninn á Suðurbæjarsmiðjunni (34) og þannig sparaðist steypa. Það mótar fyrir smiðjunni í fjárhússtafninum. Hænsnakofi með hlöðnum veggjum, steypum stöfnum og torfþaki var byggður vestan við en hesthús austan við. Hesthúsið var einnig með hlöðnum veggjum og



26. mynd. Myndin er tekin 1956. Ný íbúðarhús eru komin í Suðurbænum og Miðbænum. Einnig votheysturn við Suðurbæjarfjósið og búið er að breyta aftari húsaröðinni. Hesthúsið lengst til hægri, fremst á myndinni er nr. 42. Einnig sést Miðbæjartröðin (36) hægra megin við votheysturninn. (Ljós. Gísl Friðrik Jesson).



27. mynd. Nýja íbúðarhúsið í Miðbænum um 1955. Það er búið að setja vélengar dyr á austustu burstina í Austurbænum (2). Einnig sést hæsnakofinn í Austurbænum (37) og hesthús (32). Ofar eru Suðurbæjarfjárhúsin (47 og 48). (Ljós. Gísli Friðrik Jesson).



28. mynd. Styttri húsaröðin eftir breytingarnar um 1950, myndin er tekin 1974.



29. mynd. Raufarfell 1971. Nýtt íbúðarhús í byggingu í Suðurbænum til vinstri við hinar byggingarnar. Norðan og vestan við nýja húsið sjást Vesturbæjarfjórhusin (53 og 54). Gamli Suðurbærinn sést á miðri mynd með risi og kvisti en sú breyting var gerð um 1960.



30. mynd. Raufarfell 1995. Fjósið frá 1974 sést á miðri mynd, ris er komið á nýja íbúðarhúsið í Suðurbæ og bílskúr austan við. Gamla íbúðarhúsið er horfið.

torfþaki en stafninn var úr timbri og bárujárn. Austan við hesthúsið var hlaðin strympa til að reykja kjöt. Strympur voru hús með keilulaga þaki. Þar austan við er hesthús frá Austurbænum (32) sem stendur enn. Þessi húsaröð sést á 28. mynd.

Árið 1958 var byggt nýtt fjós í Suðurbænum, í kálgarðinum framan við Vesturbæinn, og nokkrum árum seinna var byggð hlaða norðan við fjósið. Árið 1974 var svo aftur byggt nýtt fjós í Suðurbænum, rétt austan við eldra fjósið. Flatgryfja var byggð norðan við nýja fjósið 1982. Á árunum 1999-2000 voru eldra fjósið og hlaðan rifin og nýtt fjós byggt á sama stað.

Um 1970 voru byggð ný fjárhús í Suðurbænum, inn undir Breiðuskriðu, sem er innan við Selkot.

Árið 1971 var farið að byggja nýja hlöðu og kálfafjós vestan við nýja Miðbæjarfjósið og 1975 var byggð vélageymsla þar vestan við. Þá var byggingum 8-12 ýtt niður. Nokkru áður var húsunum austan við Suðurbæinn ýtt niður (13-

16). Suðurbærinn og byggingarnar vestan við hann voru rifnar rétt eftir 1974. Þá voru öll húsinn í löngu röðinni horfin.

Árið 1972 var byggt nýtt íbúðarhús í Suðurbænum. Þar stóð áður hesthús frá Austurbænum (31). Þá var einnig ýtt ofan í gömlu traðirnar sem lágu frá stöðlinum inn í haga. Bílskúr var byggður austan við húsið 1989 og aðeins norðar jarðhús 2017. Árið 2019 var lítið íbúðarhús byggt í Suðurbænum vestan og norðan við núverandi íbúðarhús, þar sem traðirnar inn í haga enduðu.

Skömmu eftir að heita vatnið kom var byggt hús yfir heitan pott í Miðbænum rétt við gamla hesthúsið (32). Þetta hús gengur undir heitinu Baðhús eða Potthús.

Árið 1997 byggði Þorvaldur Þorgrímsson reykkofa þar sem strypan stóð áður (28. mynd), en strypan var þá hrunin. Veggirnir á reykkofanum voru hlaðnir úr grjóti en gaflinn er úr timbri. Hella og torf er á þaki (33. - 35. mynd).



31. mynd. Rýmt fyrir hlöðu og kálfafjósi 1971. Miðbæjarskemman (12) til vinstri stendur enn uppi.



32. mynd. Hlaða og kálfaþjós í Miðbænum í byggingu 1971.



33., 34. og 35. mynd. Reykkofi byggður í Miðbæ 1997.



36. mynd. Baðhúsið fyrir miðri mynd, reykkofinn lengst til vinstri.



37. mynd. Raufarfell 2015. Nýtt fjós risið í Suðurbæ og baðhús og reykhus í Miðbæ. Selkot til vinstri.



38. mynd. Raufarfell 2019. Nýbyggt hús frá Suðurbænum lengst til vinstri en nýbyggt jarðhús frá Suðurbæ er hægra megin við bílskúr, bak við trén.



39. mynd. Suðurbærinn 2019, bílskúr og jarðhús sjást vel hægra megin við íbúðarhúsið

Tóftir

Víða í brekkunum ofan við bæinn eru tóftir sem áður voru notaðar sem fjárhús. Á Hnausunum er tóft frá Suðurbænum sem sést vel (N 63° 32' 42,8" V 019° 36' 06,9"). Ofarlega á Hnausunum, rétt við Bæjarlækinn, er tóft frá Miðbænum sem er eldri og sést ekki eins vel (N 63° 32' 43,5" V 019° 36' 07,3"). Þar hafa verið tvö hús hlið við hlið.

Vestan við Bæjarlækinn, niður undir núverandi túngirðingu er fjárhústóft sem tilheyrði Suðurbænum (N 63° 32' 42,9" V 019° 36' 14,6"). Um 100 m ofan við hana og aðeins austar er önnur tóft sem einnig var frá Suðurbænum og standa veggir uppi að hluta (N 63° 32' 43,7" V 019° 36' 09,6"). Þorvaldur Þorgrímsson man eftir því að lömb hafi verið þar. Um 100 m ofan við þá tóft, upp undir vestari Sandhálsinum, er einnig tóft sem gæti hafa verið frá Suðurbænum (N 63° 32' 46,1" V 019° 36' 07,3").



40. mynd. Tóft frá Miðbænum í Leyniskinn.

Um 50 m vestur af miðtóftinni sem nefnd er hér að ofan er tóft sem lítið ber á (N 63° 32' 43,5" V 019° 36' 07,3"). Hún hefur líklega verið frá Miðbænum. Niður undir núverandi túngirðingu, aðeins vestar, var fjárhústóft frá Miðbænum (N 63° 32' 43,4" V 019° 36' 17,6"). Hún sést ekki vel því ýtt hefur verið yfir hana. Hún er austan og ofan við Miðbæjarfjárhúsin og þau leystu þetta hús af hólmi. Þorvaldur Þorgrímsson man eftir kindum í þessu húsi.

Skammt ofan við Austurbæjarfjárhúsin eru fjárhústóftir frá Austurbænum (N 63° 32' 47,3" V 019° 36' 22,6"), 30-40 m ofan við túngirðinguna. Þorvaldur man ekki eftir kindum í þeim húsum. Nokkuð ofar í Kinninni vestan við Litlalækinn er tóft sem tilheyrði Miðbænum (N 63° 32' 48,8" V 019° 36' 18,4"). Þorvaldur man ekki eftir kindum þar. Veggir standa þar að mestu. Í Kúatröðinni er tóft frá Vesturbænum (N 63° 32' 52,4" V 019° 36' 27,3"). Þorvaldur telur sig ekki muna eftir kindum þar. Veggir standa að mestu í þessari tóft.

Guðjón Vigfússon í Suðurbænum byggði á sínum tíma fjárhús inn undir Djúpagili sem er inni í högum (N 63° 33' 17,0" V 019° 36' 54,2"). Þau voru svo lögð af þegar hann dó 1932.

Tóftirnar sem hér hafa verið tilgreindar voru forverar fjárhúsanna sem sjást á teiknuðu myndinni og lýst hefur verið hér á undan. Þau hús voru öll norðan við önnur bæjarhús, um 100-150 m frá löngu húsaröðinni, og stóðu stök. Austast voru Miðbæjarhúsin og voru þau nokkuð austar en önnur hús á bænum. Næst komu Suðurbæjarhúsin og stóðu aðeins ofar en hin húsin, upp af fjósunum í Miðbæ og Austurbæ. Þá komu Austurbæjarhúsin aðeins neðar og vestar. Vesturbæjarhúsin voru svo norðvestan við húsaröðina. Neðan við Miðbæjarfjárhúsin, rétt neðan við Bæjarlækinn eru svokölluð Fornufós.



41. mynd. Tóft frá Vesturbænum í Kúatröðinni.

Þar sést ekki tóft núna en eldri menn muna eftir garðbrotum þarna sem var ýtt út til að slétta túnið. Niður á Mýri voru þrjár hesthústóftir frá Suðurbænum, Austurbænum og Vesturbænum. Austurbæjartóftin sást þar til vorið 2011 en þá var henni ýtt út. Þorvaldur Þorgrímsson man ekki eftir þeim í notkun. Austurbæjartóftin var í Litla-Kolli. Vesturbæjartóftin var í Óskiptuhólma beint austur af Austurbæjartóftinni. Suðurbæjartóftin var í Brandsbakka, norðan núverandi vegar.

Svæðið milli túngarðanna á Raufarfelli og í Selkoti var nefnt Ból. Það nær ofan frá Bæjargili og niður undir Laugará. Kvíar voru á Bólinu vestan og aðeins ofan við Raufarfellsbæina (N 63° 32' 48,2" V 019° 36' 35,6"). Þær voru vestan við Nýgræðuna og Dalvöllinn en austan við Grjótalækinn og það sést enn móta fyrir þeim. Það var fært frá á a.m.k. tveimur bæjum á Raufarfelli, Miðbæ og Suðurbæ, fram yfir 1920.



42. mynd. Tóft frá Suðurbænum á Hnausunum.

Torf

Torf og grjót var fram á 20. öld mikilvægt byggingarefni á Íslandi. Á Raufarfelli var mikið til af hvoru tveggja. Torf var gjarnan skorið þar sem landið var rakt eða blautt en það mátti ekki vera þýft. Torfið hékk betur saman af slíku landi og jarðvegurinn var þykkari. Torf var oft skorið í Markamýri, en einnig í Pælum, Torfmýri og víðar.

Það var skorið með torfljá í um 35 cm breiðar ræmur sem voru hafðar mislangar eftir því til hvers átti að nota torfið. Oft var það skorið þannig að fyrsta röndin var eðlilega alveg þakin grasi en þegar næstu rendur voru skornar var ljárinn látinn ná inn á skornu röndina við hliðina þannig að hluti ræmunnar var ógróinn og þynnri. Þegar torfinu var raðað á þökin var þessi þynnri hluti látinn koma undir torfunna við hliðina. Þannig var torfið bundið saman.

Torf var ekki bara notað á húspök heldur var það einnig notað til að klæða hey sem ekki var hlöðupláss fyrir. Á öllum bæjunum voru til heygarðar sem voru hlaðnir úr grjóti þar sem veggirnir voru 1-1,5 metrar á hæð. Ef meira var til af heyi en komst í hlöðurnar var heyinu hlaðið upp inni í þessum gördum. Það þurfti að vanda til verka þegar heyinu var hlaðið upp svo það skemmdist sem minnst af vatni og vindum. Þessi upphlöðnu hey voru einnig kölluð lanir eða galtar.

Þegar baggarnir voru teknir af vagninum eða klakknum var þeim velt á sinn stað í heystæðunni og reipin svo losuð af þeim, þá héldu þeir löguninni nokkurn veginn og auðveldara að hlaða stæðuna rétt upp. Lanirnar voru nokkrir metrar á lengd eftir því hvað heygarðurinn var langur og breiddin var oft þrjár eða fjórar baggabreiddir. Oft voru nokkrar heystæður hlið við hlið í hverjum heygarði en það fór eftir því hvað heygarðurinn var breiður og hversu miklu heyi þurfti að koma fyrir. Það var höfð smá geil á milli lananna þannig

að menn gátu smeygt sér á milli þeirra. Lönunum var hlaðið lóðrétt upp í rúmlega axlarhæð en þá var farið að hlaða mæninn sem mjókkaði upp frá langhliðunum en hélt sömu hæð á langveginn þar til kom að endunum, þá var stæðan látin lækka aðeins til beggja enda. Þegar búíð var að hlaða upp heyið voru torfstrengirnir lagðar þvert yfir heystæðuna þannig að þeir næðu niður á lóðréttu hliðarnar báðum megin. Ef vel var gengið frá lönunum skemmdist heyið ekki mikið,

Þurrkað torf var einnig notað sem reiðingur undir klyfbera sem settir voru á bak hrossa. Reiðingurinn var hlífðardýna til að hrossin meiddust ekki undan klyfberanum. Þegar reiðingur var útbúinn þurfti að skera grasið ofan af, því einungis ræturnar voru notaðar. Reiðingurinn var nokkuð þykkur, 5-7 cm og þurfti að ná frá bógum hestanna aftur á miðjar síður og töluvert niður á síðurnar báðum megin. Yfirleitt var sett stærri dýna næst hestinum, svo minni dýna ofan á hana undir klyfberanum. Sú dýna var gjarnan tvískipt og stutt band á milli partanna ofan við hrygginn. Oft var einnig sett lítil dýna framan við svo klyfberinn leitaði ekki fram á háls hestanna. Ef hestar voru með lágar herðar var meiri hætta á að það gerðist.

Torf var aðeins notað sem eldiviður t.d. við rúgbrauðsbakstur og fleira. Sauðatað var þó aðalbrennsluefnið sem og afgangstimbur þar til kol komu til sögunnar.

Lækir

Tveir lækir runnu um bæjarhlöðin á Raufarfelli. Bæjarlækurinn var rétt austan við löngu húsaröðina. Í honum var manngerður foss, um 1 m á hæð, sem notaður var til þvotta og til að fylla vatnsílát. Lækurinn er að mestu kvísl úr Merkilæk sem rennur á milli Rauðafells og Raufarfells. Honum hefur á sínum tíma verið veitt heim að bænum. Lækurinn rennur enn á sama stað og fossinum er haldið við. Litlilækur kemur ofan úr fjallinu upp af bæjunum (úr Leyni). Á þessum tíma rann hann til vesturs norðan við bæina,

sveigði svo til suðurs vestan við löngu húsaröðina og svo aftur til austurs inn í traðirnar. Hann rann eftir tröðunum en sveigði til suðurs austan við Miðbæjarkálgarðinn. Þessi lækur var mun minni en Bæjarlækurinn og átti það til að þorna. Í honum var manngerður foss, um hálfur metri, sem notaður var til að fylla vatnsílát og skola ýmislegt. Ekki var þvottur þveginn í þessum læk. Núna rennur Litlilækur á milli Raufarfellsbæjanna en leggur ekki lykkju á leið sína eins og áður. Hann þornar mjög sjaldan nú orðið.



43. mynd. Bæjarlækurinn.



44. mynd. Sigurþór Skæringsson lagar fossinn 1978.



45. mynd. Litlilækur 2016.

Vegir til og frá Raufarfelli

Sunnan við bæina, á milli kálgarðanna, voru traðir sem voru hluti vegarins sem lá með bæjunum. Til austurs var gatan nánast á sama stað og gamli þjóðvegurinn sem var aflagður fyrir nokkrum árum. Farið var yfir Merkilækinn á nánast sama stað og núna. Austan við Merkilækinn voru gatnamót. Önnur gatan hélt áfram austur með Rauðafelli og þaðan niður Aurgötuna á svipuðum stað og núna. Neðan við Aurgötuna sveigði gatan til austurs og stefndi nokkurn veginn á skarðið í Hrutafellsfjalli. Á þessum tíma rann Kaldaklifsáin í mörgum álum. Einn állinn rann fyrir neðan Rauðafell og sameinaðist Laugaráni suður í Áttahringjum. Það þurfti því að fara yfir nokkra ála á leiðinni austur að Hrutafelli.

Hin gatan lá niður með Merkilæknum, á austurbakka hans. Leiðin lá rétt austan við Útmýrarnar en vestan við álinn úr Kaldaklifsá. Frá vegamótunum við Merkilækinn og niður undir Laugará var vegurinn uppbyggður en frá Laugaráni var þetta slóði niður svokallaða Óskiptu. Þessi leið var farin þegar mjólkinn var flutt í veg fyrir mjólkurbílinn en brúspallurinn var við þjóðveginn rétt vestan við brúna á Bakkakotsá (sem heitir Laugará norðan þjóðvegur). Seinna var pallurinn færður austur fyrir ána.

Vegurinn til vesturs frá Raufarfelli var, þegar tröðunum sleppti, á svipuðum stað og núna. Þegar komið var út fyrir túngarðinn voru vegamót. Önnur leiðin lá út að Lambafelli, nokkru norðar en núverandi vegur. Vegurinn stefndi því sem næst á brekkurnar í Lambafellsfjalli. Frá Lambafelli lá vegurinn til vesturs og komið var á þjóðveginn sunnan við steiptan hornstaur austan við Þorvaldseyri.

Hin leiðin var vestan við túngarðinn á Raufarfelli og lá niður á svokallaða Mýri sem tilheyrði



46. mynd. Hringvegurinn að Raufarfelli.

Raufarfellsbæjunum (Raufarfellsengjar). Nú er þar aðalræktunarland bæjanna. Gatan lá niður Bólið rétt vestan við Útmýrarnar. Það var svo breytilegt hvar var farið yfir Laugarána eftir því hvernig hún lá.

Sunnan við vestustu húsin í löngu húsaröðinni var stöðull (18. mynd). Þar voru kýrnar frá öllum bæjunum mjólkaðar á sumrin. Kýrnar frá hverjum bæ héldu hópinn á stöðlinum og ekki þurfti að binda þær við mjaltirnar. Frá stöðlinum lágu traðir til norðvesturs inn í sameiginlega óskipta haga. Traðirnar byrjuðu norðan við Austurbæjarhesthúsið (31). Selkot á einnig hlut í þessum högum.

Brú var byggð yfir Laugarána um 1955 og þá kom þokkalegur bílvegur heim að bæjunum og fljótlega eftir það fór mjólkurbíllinn að fara þennan krók á bæina sem þar eru. Vegurinn heim að Raufarfelli og Rauðafelli er að mestu á sama stað enn þann dag í dag nema hvað hann var færður aðeins fjær Raufarfellsbæjunum um 2005. Við Merkilækinn sameinaðist nýi vegurinn gamla veginum aftur. Á loftmynd af bænum í kaflanum um örnefni sést gamli vegurinn vel. Þá var hann bara nokkrum metrum sunnan við húsið í Miðbænum og olli það miklu ónæði eftir að umferðin tók að aukast.

Fólkið á Raufarfelli

Myndin af Raufarfelli (11. mynd) og lýsingin hér á undan vísa til húsanna á Raufarfelli eins og þau litu út um 1940. Þá bjuggu fjórar fjölskyldur á Raufarfelli í mikilli nánd hver við aðra og þannig hafði þetta verið um aldir. Það reyndi því á umburðarlyndi fólks. Yfirleitt var mjög gott samkomulag milli bæjanna og menn hjálpuðust að eftir því sem þurfti. Fólkið hittist oft á dag á bæjarstéttunum og oft leit það inn hvert hjá öðru og drakk kaffisopa saman. Börnin voru heimagangar á öllum bæjunum.

Af viðtölum við nokkra þeirra sem bjuggu í torfbæjunum á Raufarfelli má ráða að þetta hafi verið góðar vistarverur. Bær með bárujárnsþökum þóttu kaldari en þeir sem voru með torfbaki.

Bíblíur, sálmabækur og húslestrarbækur voru til á öllum bæjunum og eitthvað var til af öðrum bókum einnig. Ekki var mikið um myndir á veggjum en þær voru þó til.

Þó svo að kristin trú væri ástunduð og fólkið skírt og fermt voru íbúarnir á Raufarfelli ekki allir jafn trúaðir eins og gengur. Álfa- og draugasögur voru einnig hluti af lífi fólksins og álagablettir voru þekktir. Þórður Tómasson (1949; 2008), Eiríkur Ólafsson (1946) og fleiri hafa sagt frá þessu í sínum ritum.

Hér á eftir eru íbúar á Raufarfelli á þessum árum kynntir til sögunnar og myndir af mörgum þeirra birtar. Einnig eru nefndir

þeir ábúendur sem á eftir komu og birtar myndir af þeim. Einnig eru nokkrar myndir af ábúendum sem bjuggu enn fyrr á Raufarfelli en ekki tókst að finna margar svo gamlar myndir. Upplýsingar um fólkið á þeim myndum má finna í ábúendatalinu. Þar sem mörg börn voru í heimili og fædd á löngum tíma voru þau eldri oft flutt að heiman þegar þau yngstu fæddust.

Austurbær

Í Austurbænum bjuggu Þorgrímur Þorvaldsson (fæddur 23.11.1886) og Guðfinna Runólfsdóttir (fædd 26.1.1883). Þorgrímur var sonur Þorvaldar Björnssonar á Þorvaldseyri (fæddur 18.10.1833) og Guðrúnar Gísladóttur frá Brennu undir Eyjafjöllum (fædd 12.9.1849). Þorgrímur fæddist í Brennu en ólst upp á Lambafelli hjá Jóni Jónssyni (fæddur 3.5.1837) og Guðnýju Vigfúsdóttur (fædd 25.11.1835). Guðfinna var fædd í Hörgslandskoti á Síðu, dóttir Runólfs Sigurðssonar sem fæddist í Nýjabæ í Landbroti (24.9.1843) og Guðfinnu Björnsdóttur sem fæddist á Rofunum í Mýrdal (1.6.1848).



47. mynd. Guðfinna og Þorgrímur.

Börn þeirra:

Jónína Guðný fædd 9.3.1913

Guðrún fædd 6.11.1916

Kristín Lilja fædd 17.11.1919 (dó á fjórða
aldursári)

Þorvaldur fæddur 19.11.1925



48. mynd. Guðfinna Lilja Tómasdóttir, dótturdóttir
Guðfinnu og Þorgríms.

Þorgrímur og Guðfinna hófu búskap í Austurbænum árið 1913 eftir að hafa búið eitt ár í Ysta-Bæli. Guðfinna lést árið 1950 en Þorgrímur bjó áfram til 1953 er hann lést. Áður hafði helmingur jarðarinnar verið lagður undir Suðurbæinn en þegar Þorgrímur féll frá gekk hinn helmingurinn undir Miðbæinn.



49. mynd. Kristinn Heiðar Jónsson, dóttursonur
Guðfinnu og Þorgríms.



50. mynd. Ólöf Ólafsdóttir með Elínu dóttur sinni, en
Ólöf bjó í Austurbænum frá 1870-1903.



51. mynd. Steinunn Jónsdóttir og Pétur Hróbjartsson bjuggu í Austurbænum á Raufarfelli 1903-1908.



52. mynd. Ingvar Gíslason bjó í Austurbænum 1908-1913.

Suðurbær

Í Suðurbænum bjuggu Eiríkur **Tryggvi** Þorbjörnsson (fæddur 6.8.1909) og Kristín **María** Guðjónsdóttir (fædd 18.2.1909). Tryggvi var frá Hátúnum í Skriðdal, sonur Þorbjörns Eiríkssonar (fæddur 1884) frá Hlíðarhúsum við Djúpvog og Filippíu Bjarnadóttur (fædd 1880) frá Bakka á Mýrum í A.-Skaft. María var fædd í Suðurbænum á Raufarfelli. Hún var dóttir Guðjóns Vigfússonar (fæddur 17.6.1887) bónda á Raufarfelli og Þorbjargar Jónsdóttur (fædd 1884) frá Rauðsbakka undir Eyjafjöllum.

Börn þeirra:

Drengur sem fæddist 1935 en dó í fæðingu.

Ástþór Jón fæddur 6. apríl 1937.

Þórir Finnur fæddur 22. mars, 1939.

Ólafur Guðjón fæddur 5. júní 1940.

Gréta Sigrún fædd 12. ágúst 1941.

Tryggvi og María hófu búskap í Suðurbænum 1935 og bjuggu þar til ársins 1966 er börn þeirra Þórir **Finnur** og Gréta Sigrún tóku við og bjuggu til 1969. Árið 1969 tók svo bróðir þeirra Ólafur



53. mynd. Tryggvi og María.

Guðjón við búinu ásamt konu sinni Bóel Jónheiði Guðmundsdóttur (20.11.1942) frá Vorsabæ í Landeyjum. Frá 1994-1996 bjuggu dóttir þeirra, Rósa Íris Ólafsdóttir (2.6.1973), og Róbert Már Jónsson (21.6.1970) með þeim í félagsbúi. Frá 1996-2002 bjuggu Anna Björk Ólafsdóttir

(10.11.1968) dóttir þeirra, og Kristinn Stefánsson (04.07.1963) úr Vík með þeim í félagsbúi. Anna Björk Ólafsdóttir og Kristinn Stefánsson bjuggu í Suðurbænum frá 2002-2019. Þá tóku við Þórarinn Ólafsson (1.5.1983) frá Drangshlíð og Tímea Nagy (26.8.1989) frá Horný Pjal í Slóvakíu.



54. mynd. Þorbjörg Jónsdóttir.



56. mynd. Gréta Sigrún Tryggvadóttir.



55. mynd. Þórir **Finnur** Tryggvason.



57. mynd. Ólafur, Bóel og börn 1990.



58. mynd. Anna, Kristinn og börn 2017.



59. mynd. Þórarinn og Tímea með Margréti Sóleyju í september 2020.

Miðbær

Í Miðbænum bjuggu Guðjón Tómasson (fæddur 19.9.1869) og Ingveldur Jónsdóttir (10.12.1872). Guðjón var frá Selkoti sonur Tómasar Stefánssonar stúdents (fæddur 1834) og Gróu Arnoddsdóttur (fædd 1830). Ingveldur var frá Lambafelli dóttir Jóns Jónssonar (fæddur 3.5.1837) bónda þar og konu hans Guðnýjar Vigfúsdóttur (fædd 25.11.1836). Ingveldur og Vigfús í Suðurbænum, afi Maríu, voru því systkini. Jón var fæddur í Heiðarseli í V-Skaft. en Guðný var fædd í Hlíð undir Eyjafjöllum.



60. mynd. Ingveldur og Guðjón.

Börn þeirra:

- Hjörleifur fæddur 21.5.1893
- Guðný fædd 1.7.1895
- Tómas fæddur 9.3.1899
- Sigfús fæddur 16.8.1901
- Stefán fæddur 8.5.1904
- Þorbjörg fædd 10.10.1905
- Gróa Stefanía fædd 31.3.1907
- Sigurjón fæddur 6.2.1909
- Anna fædd 6.12.1910
- Ragnhildur fædd 1.6.1912



61. mynd. Systkini frá Lambafelli. Ingveldur á Raufarfelli, Jón á Seljavöllum og Steinunn á Lambafelli.



62. mynd. Soffía og Hjörleifur.



63. mynd. Guðný Guðjónsdóttir.



64. mynd. Systurnar Ragnhildur og Þorbjörg Guðjónsdætur.



65. mynd. Stefán og Sigurjón Guðjónssynir úr Miðbænum.



Austurbænum á Raufarfelli. Þau bjuggu þar til ársins 1970 er Tómas lést. Þá tóku við búinu Þorvaldur Þorgrímsson bróðir Jónínu og kona hans Valgerður Bjarnadóttir (fædd 9.9.1927) frá Þorkelsgerði í Selvogi. Frá árinu 1999 hafa synir þeirra, Guðni Þorvaldsson (23.3.1952) og Bjarni Þorvaldsson (18.11.1954) staðið fyrir búrekstrinum ásamt Ernu Friðriksdóttur (10.3.1957) konu Bjarna. Þau hafa þó ekki haft fasta búsetu á bænum.

Einnig ólust þar upp að nokkru leyti tveir synir Hjörleifs Guðjónssonar og Soffíu Runólfsdóttur, Magnús Hjörleifsson (fæddur 13.6.1921) og Gísli Hjörleifsson (fæddur 13.2.1924).

Guðjón og Ingveldur hófu búskap í Miðbænum 1902. Guðjón lést árið 1915 en Ingveldur bjó með börnum sínum til 1941. Þá tók sonur hennar Tómas Guðjónsson við búinu ásamt konu sinni Jónínu Þorgrímsdóttur en hún var úr



66. mynd. Jónína Þorgrímsdóttir úr Austurbænum og Tómas Guðjónsson úr Miðbænum.





67. mynd. Þorvaldur Þorgrímsson og Valgerður Bjarnadóttir.



68. mynd. Guðni Þorvaldsson.

69. mynd. Erna Friðriksdóttir og Bjarni Þorvaldsson.



70. mynd. Vilborg Þórðardóttir bjó í Miðbænum á Raufarfelli frá 1893-1901 ásamt manni sínum, Stefáni Tómassyni. Hún er hér með nokkrum systkinum sínum. Aftari röð: Sigurður, Sigrún og Ágústína. Fremri röð: Vilborg og Margrét.



71. mynd. Gunnvör Sigurðardóttir bjó á Raufarfelli 1869-1893 ásamt manni sínum Eyjólfí Þórarinssyni en hann lést 1889. Drengurinn er Einar Sigurðsson (f. 1894), síðar bóndi í Varmahlíð og organisti í Ásólfsskálakirkju. (Ljós. Friðrik Gíslason).

Vesturbær

Í Vesturbænum bjuggu Þorvaldur Ingvarsson (fæddur 9.8.1885) og Guðbjörg Sigurðardóttir (fædd 24.5.1885). Þorvaldur var frá Brennu undir Eyjafjöllum, sonur Ingvars Gíslasonar (fæddur 31.7.1865) og Jóhönnu Þorvaldsdóttur frá Krosshjáleigu í Landeyjum (fædd 11.10.1846). Guðbjörg var fædd á Rauðsbakka undir Eyjafjöllum, dóttir Sigurðar Eyjólfssonar frá Efri-Ey í Meðallandi (fæddur 20.7.1850) og Ólafar Guðmundsdóttur (fædd 18.4.1861) í Eyvindarhólasókn undir Eyjafjöllum. Þau hófu búskap í Vesturbænum árið 1913 og bjuggu þar til ársins 1958.

Börn Þorvaldar og Guðbjargar eru:

Engilbert fæddur 11.10.1906

Jóhanna Ingileif fædd 9.10.1907

Þorsteina Margrét fædd 21.5.1911

Sigurjón Óskar fæddur 4.3.1915 (dó rúmlega árs gamall)

Sigurjón Júlíus fæddur 1.7.1918

Elín Ólafía fædd 19.5.1926

Eins og áður segir hefur yfirleitt verið fjórbyli á Raufarfelli frá því um 1700 þar til Austurbær og Vesturbær voru lagðir undir hinar jarðirnar á sjötta áratug 20. aldar. Íbúaföldi á Raufarfelli var samkvæmt manntölum oft um 30 manns.

Steinunnarhús

Steinunn Ögmundsdóttir frá Auraseli í Fljótshlíð bjó á Raufarfelli um 20 ára skeið. Hún kom þangað 1913 og bjó þar til dauðadags 1932. Hún var skráð í Austurbænum sem

húskona en sá titill fól í sér heldur meira sjálfstæði en vinnufólk hafði. Í upphafi og lok þessa tímabils hefur hún búið í Austurbænum hjá Þorgrími og Guðfinnu en lengst af í timburhúsi sem var byggt sérstaklega fyrir hana og áður hefur verið sagt frá. Áður en hún dó lét hún semja fyrir sig ljóð til Eyfellinga sem birtist hér á eftir. Fangamarkið undir ljóðinu er J.P. sem gæti staðið fyrir Jón Þórðarson Fljótshlíðarskáld en hann var fæddur í Tungu í Fljótshlíð 1862 og var því níu árum yngri en Steinunn. Hafi hann ort ljóðið hefur hann ort það nokkrum árum fyrir lát hennar því hann dó 1926.



72. mynd. Elín, Þorsteina og Jóhanna Þorvaldsdætur.



73. mynd. Þorvaldur Ingvarsson, Guðbjörg Sigurðardóttir og Jóhanna Þorvaldsdóttir dóttir þeirra.



74. mynd. Sigurjón og Engilbert Þorvaldssynir.



75. mynd. Steinunn Ögmundsdóttir og Þorsteinn Tómasson sonur hennar.

Undir nafni

Steinunnar Ögmundsdóttur

Hinsta kveðja til Eyfellinga.

Nú til Eyja-formu-fjalla
fyr en hinstu loka brá,
mál í stuðla metti falla
mínum instu rötum frá
þar sem dygð og drenglund alla
daga mína best ég sá.

Minna liðnu æfiára
ylinn mestan fann ég þar;
hollar batur böls og tára
báðar hendur útréttar.
Mér fanst þá hver mótgangsbára
margfalt lagri en áður var.

Og hjá mörgu mestu hjarta
mér varð hlýjast þar í sveit,
þar var ljós, sem birtu bjarta
ber þar lengst og glöggt ég veit.
Skin þess best fær skugga svarta
skilið við þann bygðarreit.

Þeim sem einn óstyrkur stendur
stuðnings þegar þörf er mest,
gleymast síst þar hollu hendur
honum sem að reynast best;

hjálpur til oss sýnist sendur
sá, er þá má bata flest.

Verðugt er að vinnu minna,
verði þannig getið hér;
og þeir sjái að ég má finna
að hvert brjósti gnúði er.
Samanburður sumra hinna
sönnuast rök þess færir mér.

Fyrir allt það fagra og góða,
fólkið sem að veitti mér;
ekkert gjald ég á að bjóða
en ég veit að guð það sér.
Þar man sérhver á sína gróða,
sem að sumum líknað hér.

En þú, hinna heiranna góði,
heyrðu barna kvakið mitt.
Gjald þú öllum úr þeim sjóði,
eitt og sérhvert góðverk mitt.
Þessu mínu litla ljóði
ljá þú föður eyrað þitt.

Síðast kveðja svo skal alla,
sem mér stóðu lengst við hlið.
Lát í skaut þeim lénið falle
ljúfa gleði og hjartans frið.
Kynslóð öldna Eyjafjalla
alls kyns blessun haldist við.

J. Þ.

Ábúendatal

Í Manntalinu frá 1703 er sagt frá sex ábúendum á Raufarfelli. Síðan þá hafa oftast verið fjórir ábúendur. Á því eru þó undantekningar, á árunum 1856-1867 voru fimm ábúendur á Raufarfelli og það kemur einnig fyrir eitt og eitt ár þess utan. Á árunum 1880-1884 voru þrír ábúendur á Raufarfelli.

Hér á eftir eru taldir upp ábúendur á hverjum þessara fjögurra bæja eins langt og hægt er með góðu móti. Ugglaut væri hægt að bæta einhverjum ábúendum við listann. Einnig eru taldir upp þeir ábúendur sem bjuggu á fimmta býlinu 1856-1867. Þegar kemur aftur fyrir 1775 fara að koma göt í listann og þá fer að verða erfitt að staðsetja fólk á ákveðnum bæjum. Ábúendur eru því nefndir án þess að bæirnir séu tilgreindir þegar þangað er komið.

Austurbær

- 1913-1953 Þorgrímur Þorvaldsson (1886-1953) fæddur í Brennu undir Eyjafjöllum og Guðfinna Runólfsdóttir (1883-1950) fædd í Hörgslandskoti á Síðu.
- 1908-1913 Ingvar Gíslason (1865-1947) frá Brennu undir Eyjafjöllum og Jóhanna Þorvaldsdóttir (1846-1933) frá Krossi í A-Landeyjum. Þau bjuggu áður í Brennu undir Eyjafjöllum og síðar á Miðbælisbökkum.
- 1903-1908 Pétur Hróbjartsson (1874-1941) frá Rauðafelli og Steinunn Jónsdóttir (1875-1962) frá Lambafelli. Þau fluttust að Lambafelli 1908.
- 1870-1903 Bárður Pálsson (1835-1890), fæddur á Hunkubökkum í Vestur-Skaftafellssýslu og kona hans Ólöf Ólafsdóttir (1843-1927), fædd á Syðri-Steinsmýri í Meðallandi.

- Bárður fórst við Eyjafjallasand í lendingu úr fiskiróðri árið 1890. Ólöf bjó áfram á Raufarfelli til 1903. Sum barna þeirra settust að í sveitinni, Páll bjó í Ytri-Skógum, Jón í Drangshlíðardal og Elín í Steinum.
- 1864-1870 Tómas Stefánsson (1834-1914) frá Selkoti, sonur Stefáns Ólafssonar (1772) og sonarsonur Ólafs Jónssonar (1742) gullsmiðs í Selkoti. Ólafur nam gullsmíði í Kaupmannahöfn. Kona Tómasar var Gróa Arnoddsdóttir (1830) frá Hrútafellskoti. Hún var dóttir Arnodds Brandssonar (1796-1883) frá Drangshlíð.
- 1835-1864 Hjörtur Ólafsson (1799) frá Raufarfelli, sonur Ólafs Ólafssonar bónda þar og konu hans Guðrúnar Hjartardóttur (1762). Kona Hjartar var Helga Eyjólfsdóttir (1802-1887) frá Búðarhólshjáleigu í A.-Landeyjum. Frá 1862 bjó Helga á Raufarfelli sem ekkja. Þau Hjörtur voru búin að búa nokkurn tíma með Ólafi áður en þau tóku við búinu.
- 1797-1835 Ólafur Ólafsson (1764-1860) og seinni kona hans Guðrún Hjartardóttir (1762-1834). Guðrún var fædd í Hrútafellskoti undir Eyjafjöllum. Í Landbúnaðarskýrslum er þess getið að Ólafur hafi átt 1/6 hlut í bát (sexæringi).
- 1794-1796 Ólafur Ólafsson (1764-1860) frá Leirum undir Eyjafjöllum og Hallbera Árnadóttir (1770-1796). Hallbera var á Þverá á Síðu 1783 þegar Skaftáreldar hófust og flúði þaðan með foreldrum sínum að Syðri-Steinsmýri og þaðan með systkinum sínum út í

- Rangárvallasýslu 1784. Hún lést eftir aðeins tveggja ára búskap á Raufarfelli.
- 1785-1793 Sesselja Magnúsdóttir (um 1728). Líklega ekkja.
- 1750-1785 Teitur Gíslason (1721-1785) frá Stóru-Mörk og kona hans Guðný Magnúsdóttir (um 1720). Móðir Teits hét Ingveldur Einarsdóttir (1683) og var hún dóttir Einars Magnússonar (1649) prests í Stóra-Dal og síðar í Guttormshaga í Holtum og konu hans Guðríðar Jónsdóttur (1658-1730). Þau voru komin að Raufarfelli 1750 en gætu hafa komið fyrr.

Miðbær

- 1999- Guðni Þorvaldsson (1952) og Bjarni Þorvaldsson (1954) synir Þorvaldar og Valgerðar ásamt konu Bjarna, Ernu Friðriksdóttur (1957) frá Selfossi.
- 1970-1999 Þorvaldur Þorgrímsson (1925) úr Austurbænum á Raufarfelli og Valgerður Bjarnadóttir (1927) frá Þorkelsgerði í Selvogi.
- 1941-1970 Tómas Guðjónsson (1899-1970) úr Miðbænum á Raufarfelli og Jónína Þorgrímsdóttir (1913-2002) úr Austurbænum á Raufarfelli.
- 1902-1941 Guðjón Tómasson (1869-1915) frá Selkoti og Ingveldur Jónsdóttir frá Lambafelli (1872-1964). Guðjón var sonur Tómasar Stefánssonar (1834-1914) sem var sonur Stefáns Ólafssonar stúdents og bónda í Selkoti. Afi Stefáns var Jón Ísleifsson lögréttumaður og ættfaðir Selkotsættar. Guðjón dó 1916 en Ingveldur bjó áfram með börnum sínum eftir dauða Guðjóns þar til Tómas sonur hennar tók formlega við.
- 1901-1902 Sveinn Jónsson (1874-1920) frá Lambafelli og kona hans Anna Valgerður Tómasdóttir (1871-1963) frá Selkoti. Þau fluttu svo að Selkoti 1902. Sveinn var bróðir Ingveldar, Steinunnar og Vigfúsar sem einnig bjuggu á Raufarfelli. Fleiri systkinanna frá Lambafelli settust að í sveitinni og fjöldi Eyfellinga getur rakið ættir til þeirra. Anna Valgerður var systir Guðjóns og Stefáns sem einnig voru bændur á Raufarfelli.
- 1893-1901 Stefán Tómasson (1866-1901) sonur Tómasar Stefánssonar (1834) sem bjó um tíma í Austurbænum á Raufarfelli. Kona Stefáns var Vilborg Þórðardóttir (1867-1933) frá Rauðafelli. Hún var föðursystir Þórðar Tómassonar fræðimanns og safnvarðar í Skógum undir Eyjafjöllum. Stefán druknaði við Vestmannaeyjar ásamt mörgum Eyfellingum árið 1901. Vilborg flutti þá frá Raufarfelli. Hún giftist síðar Jóni Bjarnasyni og þau bjuggu á Nýlendu undir Eyjafjöllum en fluttu síðar til Vestmannaeyja.
- 1869-1893 Eyjólfur Þórarinnsson (1836-1889) frá Seljalandi í Fljótshverfi og kona hans Gunnvör Sigurðardóttir (1845), fædd í Álftagróf og uppalin hjá föður sínum í Nykhól í Mýrdal. Faðir hennar var Sigurður Pétursson (1807-1872) frá Rauðafelli. Móðir Gunnvarar var Salgerður Einarsdóttir (1821) frá Litlu-Hólum í Mýrardal. Sigurður var sonur Péturs Árnasonar (1780-1808) frá Rauðafelli og Sigríðar Sigurðardóttur (1773) frá Hrutafelli. Eyjólfur og Gunnvör bjuggu á Ytri-Sólheimum 66-67, Stóru-Heiði 67-69 og á Raufarfelli frá 1869. Gunnvör bjó sem ekkja á Raufarfelli frá 1889-

1894. Fluttist síðar til Jóns (1870) sonar síns í Moldnúpi undir Eyjafjöllum. Anna Jónsdóttir (1901-1979) frá Moldnúpi, rithöfundur og ferðakona, var dóttir Jóns. Gunnvör og Þorvaldur Björnsson á Þorvaldseyri voru þremmenningar. Sigríður Sigurðardóttir (1773) amma Gunnvarar og Magnús Sigurðsson (1770-1854) afi Þorvaldar voru systkini. Foreldrar þeirra voru Sigurður Bjarnason (1714) bóndi á Hrutafelli og Oddný Jónsdóttir (1729) frá Selkoti, dóttir Jóns Ísleifssonar (1703).
- 1845-1869 Guðlaugur Sigurðsson (1823) frá Uppsölum í Hvolhreppi og kona hans Guðrún Ólafsdóttir frá Raufarfelli. Guðlaugur var seinni maður Guðrúnar. Móðir Guðlaugs var Ingibjörg Jónsdóttir (1782-1854) frá Grjótá í Fljótshlíð. Hún var húsfreyja á Uppsölum í Hvolhreppi. Hún var af Víkingslækjarætt.
- 1836-1845 Sveinn Jónsson (1809-1842) frá Raufarfelli, sonur Jóns Ólafssonar og Margrétar Sveinsdóttur í Miðbænum á Raufarfelli. Kona hans var Guðrún Ólafsdóttir (1810-1879) en hún var dóttir Ólafs Eiríkssonar (1766) og Þorbjargar Jónsdóttur (1766) sem einnig bjuggu á Raufarfelli. Guðrún bjó sem ekkja fyrstu árin eftir að Sveinn dó en giftist svo aftur.
- 1821-1836 Jón Ólafsson (1774-dó fyrir 1835) bóndi í Miðbæli og síðar á Raufarfelli. Kona hans var Margrét Sveinsdóttir (1773-1843). Margrét var húsfreyja í Miðbæli 1816. Hún var fósturbarn í Miðbæli 1788.
- 1789-1821 Jón Þorleifsson (1759) og kona hans Þórdís Einarsdóttir (1765-1845). Jón var sonur Þorleifs Guðnasonar (1722-1786). Þorleifur var sonur Guðna Ólafssonar (1682) bónda í Drangshlíð og Gróu Þorleifsdóttur (1683). Faðir Gróu var Þorleifur Ásmundsson (1635-1690) bóndi á Minni-Völlum á Landi. Móðir hennar var Valgerður Örnólfsdóttir (1639). Faðir Þórdísar, konu Jóns, var Einar Hafliðason lögréttumaður í Þrándarholti. Móðir Þórdísar hét Sigríður „yngri“ Jónsdóttir og var frá Stóra-Núpi í Gnúpverjahreppi. Sigríður var dóttir Jóns Magnússonar lögréttumanns og bónda á Stóra-Núpi en hann var sonur Magnúsar Sigurðssonar (1651) og Þórdísar Jónsdóttur (1671) í Bræðratungu í Biskupstungum en Þórdís þessi er sögð fyrirmynd Halldórs Laxness að Snæfríði Íslandssól. Þórdís Einarsdóttir var orðin ein 1811 en bjó til 1821. Hún var húsfreyja á Tjörnum undir Eyjafjöllum árið 1835. Nafn Jóns Þorleifssonar kemur fyrir í vísu (frásögn Þórðar Tómassonar í Skógum).
- Blaðið hér að bragna sjón berist hratt um velli. Þorleifssonar þiggi Jón, það á Raufarfelli.
- 1762-1789 Jón Sigurðsson (um 1722) og Margrét Eyjólfsdóttir (1720) frá Selkoti. Hún var dóttir Eyjólfss Teitssonar (1689) bónda í Selkoti og konu hans Guðríðar Arnbjörnsdóttur (1692) frá Þjóðólfs Haga í Holtum. Þau gætu hafa byrjað búskap fyrir 1762.

Suðurbær

- 2019- Þórarinn Ólafsson (1983) frá Drangshlíð og Tímea Nagy (1989)

- frá Horný Píal í Slóvakíu.
- 2002-2019 Kristinn Stefánsson (1963) frá Vík í Mýrdal og Anna Björk Ólafsdóttir (1968) úr Suðurbænum á Raufarfelli.
- 1996-2002 Ólafur Tryggvason í félagsbúi með dóttur sinni Önnu Björk Ólafsdóttur (1968) og manni hennar Kristni Stefánssyni (1963) frá Vík í Mýrdal.
- 1969-1996 Ólafur Tryggvason (1940-2010) úr Suðurbænum á Raufarfelli og Bóel Jónheiður Guðmundsdóttir (1942-1996) frá Vorsabæ í A.-Landeyjum. Frá 1994-1996 bjuggu með þeim í félagsbúi Rósa Íris Ólafsdóttir (1973) dóttir þeirra og Róbert Már Jónsson (1970) frá Fitjarmýri undir Eyjafjöllum.
- 1966-1969 Þórir **Finnur** Tryggvason (1939) úr Suðurbænum á Raufarfelli og Gréta Sigrún Tryggvadóttir (1941) systir hans.
- 1935-1966 Eiríkur **Tryggvi** Þorbjörnsson (1909) frá Hátúnum í Skriðdal og Kristín **María** Guðjónsdóttir (1909) úr Suðurbænum á Raufarfelli.
- 1919-1935 Guðjón Vigfússon (1887-1932) úr Suðurbænum á Raufarfelli og kona hans Þorbjörg Jónsdóttir (1884) frá Rauðsbakka. Guðjón dó úr lungnabólgu árið 1932.
- 1897-1919 Sveinbjörn Sveinsson (1861) frá Skarðshlíð og Kristín Brandsdóttir (1855-1919). Sveinbjörn var þriðji maður Kristínar. Frá 1904 bjó Kristín með börnum sínum þar til Guðjón sonur hennar tók við.
- 1885-1897 Vigfús Jónsson (1861-1894) frá Heiðarseli í Prestsbakkasókn og Kristín Brandsdóttir (1855-1919) frá Miðbæli undir Eyjafjöllum. Vigfús flutti með foreldrum sínum Jóni Jónssyni (1837) og Guðnýju Vigfúsdóttur (1836) að Lambafelli undir Eyjafjöllum 1862. Kristín kona
- Vigfúsar var áður gift Ólafi Unasyni (1858-1884) frá Syðra-Hólakoti. Ólafur drukknaði á besta aldri.
- 1880-1885 Sigurður Árnason (1833) ekill og Þuríður Guðmundsdóttir (1834) frá Drangshlíðardal. Hún var þá ekkja. Hún var bústýra á Rauðafelli 1870. Hún var einnig á Raufarfelli árin 1868-1869. Móðir Þuríðar var Elín Kjartansdóttir (1768). Árið 1883 var Þuríður orðin ein með búskapinn.
- 1860-1879 Sigurður Árnason (1833) frá Drangshlíð. Hann var bróðir Brands Árnasonar (1831) bónda á Raufarfelli. Kona hans var Guðrún Brandsdóttir (1830-1879) frá Raufarfelli. Hún var dóttir Brands Þorkelssonar (1785-1834) bónda á Raufarfelli en móðir hans var Guðríður Brandsdóttir (1749) ljósmóðir undir Eyjafjöllum. Í Landbúnaðarskýrslum er þess getið að Sigurður hafi átt hlut í bát (sexæringi) og einnig fjórðung í minni bát.
- 1850-1860 Björn Stefánsson (1796) bóndi á Raufarfelli og seinni kona hans Arndís Eyjólfsdóttir.
- 1845-1850 Björn Stefánsson (1796) frá Raufarfelli og fyrri kona hans Ingunn Björnsdóttir (1794-1846) frá Lambafelli. Björn var sonur Stefáns Magnússonar (1772-1846) bónda á Raufarfelli og Birget Jónsdóttur konu hans. Þau höfðu búið nokkuð lengi með Stefáni og unnið fyrir börnum sínum áður en þau tóku við búi.
- 1807-1845 Stefán Magnússon (1772-1846) frá Raufarfelli og Birgit Jónsdóttir (1767) frá Kaldrananesi í Mýrdal. Foreldrar hennar voru Jón Jónsson (1700) og seinni kona hans.
- 1775-1806 Magnús Sigurðsson (1738-1807) og kona hans Guðrún Sigurðardóttir

(1726). Hún var seinni kona hans. Sonur þeirra er Stefán Magnússon (1772-1846) bóndi á Rauðafelli. Magnús var sagður sonur Sigurðar Eiríkssonar á Minni-Borg undir Eyjafjöllum. Þau gætu hafa byrjað að búa á Rauðafelli fyrir 1775.

Vesturbær

- 1913-1958 Þorvaldur Ingvarsson (1885) frá Brennu undir Eyjafjöllum og Guðbjörg Sigurðardóttir (1885) frá Krókvelli.
- 1905-1913 Jón Benónýsson (1852-1935) bóndi og söðlasmiður frá Ormskoti undir Eyjafjöllum og kona hans Þorbjörg Guðmundsdóttir (1859-1949) frá Hallskoti í Fljótshlíð. Hún var dóttir Guðmundar Jónssonar (1816) bónda í Hallskoti.
- 1885-1905 Einar Einarsson (1852) bóndi og sýslunefndarmaður, fæddur í Engigarði í Mýrdal. Kona hans var Þorbjörg Jónsdóttir (1858) frá Hlíð undir Eyjafjöllum. Faðir hennar Jón Jónsson (1826) bóndi í Hlíð var af Selkotsætt. Einar drukknaði við Vestmannaeyjar ásamt mörgum Eyfellingum árið 1901. Frá 1901 bjó Þorbjörg ein sem ekkja. Sonur Einars og Þorbjargar var Einar bóndi á Ytri-Sólheimum í Mýrdal. Þau áttu einnig dóttur sem hét Guðlaug og var móðir Einars Sigurjónssonar sem lengi var forstjóri hjá Ísfélagi Vestmannaeyja.
- 1880-1884 Þessi ár voru aðeins 3 ábúendur á Rauðafelli og líklegt að það hafi verið Vesturbærinn sem ekki var búið á.
- 1870-1879 Brandur Árnason (1831) frá Drangshlíð. Hann var bróðir Sigurðar Árnasonar (1833) bónda

- á Rauðafelli. Brandur flutti að Rauðafelli árið 1880. Móðir hans var Anna Ólafsdóttir (1798) frá Suður-Fossi í Mýrdal. Hún giftist að Drangshlíð 1829 og var húsmóðir þar og síðar í Skarðshlíð. Maður hennar var Árni Brandsson (1799) bóndi í Drangshlíð og síðar í Skarðshlíð. Kona Brands var Valgerður Hróbjartsdóttir (1809-1876), frá Berjanesi.
- 1868-1869 Þuríður Guðmundsdóttir (1834) frá Drangshlíðardal, dóttir Guðmundar Jónssonar (1798-1867) og Elínar Kjartansdóttur (1798-1873). Hún var bústýra á Rauðafelli 1870 og var þá ógift. Hún kom aftur að Rauðafelli sem bústýra til Sigurðar Árnasonar 1880-1885 og var þá ekkja Sveins Jónssonar (1801-1879) bónda á Rauðafelli, Jónssonar prests í Mið-Mörk.
- 1866-1868 Björn Björnsson (1830-1912) frá Rauðafelli, sonur Björns Stefánssonar (1796) bónda í Suðurbænum á Rauðafelli og fyrri konu hans Ingunnar Björnsdóttur (1794). Kona hans var Guðrún Jónsdóttir (um 1826)
- 1835-1866 Jón Árnason (1808-1874) frá Hlíð undir Eyjafjöllum og Elín Björnsdóttir (1789-1886) kona hans. Jón var bróðir Bjarna (1801-1862) á Fitjarmýri og Eiríks (1807-1863) í Hlíð. Jón var seinni maður Elínar.
- 1812-1834 Brandur Þorkelsson (1785-1834) frá Steinum undir Eyjafjöllum og Elín Björnsdóttir (1789-1866) fædd í Miðbæli í Eyvindarhólasókn. Hún var dóttir Björns Árnasonar bónda á Heiði á Síðu og í Miðbæli undir Eyjafjöllum. Móðir Elínar var Sigríður Stefánsdóttir frá Fossi á Síðu. Þau Björn og Sigríður

- misstu mikið af eigum sínum í Skaftáreldunum og urðu að flýja. Þau fengu til ábúðar hluta af jörðinni Miðbæli undir Eyjafjöllum og bjuggu þar til æviloka. Þau þóttu sæmdarfólk. Þórður Tómasson segir frá þeim í 2. bindi Eyfellskra sagna á bls. 22. Elín varð ekkja 1834.
- 1805-1811 Oddur Bjarnason (1773-1826) frá Efri-Holtum undir Eyjafjöllum og Sigríður Valdadóttir (1773-1842) frá Sauðhúsvelli undir Eyjafjöllum. Þau fluttu að Lambhúshól undir Eyjafjöllum.
- 1795-1804 Ólafur Eiríksson (1766-1843) og kona hans Þorbjörg Jónsdóttir (1766-1857) frá Raufarfelli. Ólafur var sonur Eiríks Jónssonar (1736) bónda í Pétursey í Mýrdal og konu hans Katrínar Jónsdóttur (1727). Þau bjuggu í Syðstu-Mörk, Raufarfelli og á Fit. Foreldrar Þorbjargar voru Ragnhildur Jónsdóttir (1737-1813) á Raufarfelli og áður húsfreyja á Vilborgarstöðum í Vestmannaeyjum og Jón Nathanelsson bóndi á Vilborgarstöðum.
- 1775-1795 Ragnhildur Jónsdóttir (1737-1813) ekkja á Raufarfelli. Hún var dóttir Jóns Ísleifssonar (1703) bónda og lögréttumans á Lambafelli og síðar í Selkoti og Vigdísar Magnúsdóttur (1705) konu hans. Vigdís var dóttir Magnúsar Brandssonar (1680) lögréttumans á Raufarfelli og Rauðafelli og fyrri konu hans Sigríðar Ólafsdóttur (1680) frá Hlíð undir Eyjafjöllum. Sigríður var alsystir Ísleiks lögréttumans. Selkotsætt er kennd við Jón Ísleifsson (1703). Ragnhildur var húsfreyja á Vilborgarstöðum í Vestmannaeyjum en bjó síðar sem ekkja á Raufarfelli. Maður

hennar var Jón Natanaelsson (1734-1774) bóndi á Vilborgarstöðum í Vestmannaeyjum. Hann hrapaði til bana árið 1774.

Fimmti bærinn 1856-1867

- 1857-1867 Sveinn Sveinsson (1828-1905) frá Rauðafelli og kona hans Ingveldur Stefánsdóttir (1828). Sveinn var sonur Sveins Jónssonar bónda á Rauðafelli og Þórunnar Ólafsdóttur (um 1797) sem var af Selkotsætt og var húsfreyja á Rauðafelli. Þórunn var dóttir Þorbjargar Jónsdóttur (1766-1857) og Ólafs Eiríkssonar (1766-1843) sem bjuggu á Raufarfelli. Ingveldur var einnig af Selkotsætt, dóttir Stefáns Ólafssonar (1772-1854) bónda þar.
- 1856 Sigurfinnur Runólfsson (1824-1879) frá Skagnesi í Mýrdal og Helga Jónsdóttir (1815) fædd í Hofssókn í Suðuramti.

Ábúendur á Raufarfelli frá 1703-1762

- 1762 Þorsteinn Þórisson (1712) og Guðný Eyjólfsdóttir (um 1716). Bjarni Jónsson (1720) og Guðrún Eiríksdóttir (1718) kona hans. Faðir Bjarna var Jón Bjarnason (1691) bóndi og hreppsstjóri á Seljalandi í Fljótshverfi. Móðir Bjarna var Guðrún Sveinsdóttir (1690) frá Svínafelli í Öraefum. Guðrún Eiríksdóttir var systir Snorra í Skarðshlíð. Pétur Sveinsson (um 1717) og Kristín Gísladóttir (um 1702). Jón Sigurðsson (um 1722) og Margrét Eyjólfsdóttir (1720) kona hans. Margrét var dóttir Eyjólf

- | | | | |
|------|--|------|---|
| | Teitssonar bónda á Raufarfelli og í Selkoti og konu hans Guðríðar Arnbjörnsdóttur (1692). Margrét var ekkja í Skarðshlíð 1801. | | Kristbjörg Jónsdóttir (1671) Sigríður Þórðardóttir (1671), líklega orðin ekkja. |
| 1753 | Jón Ólafsson (1696) er ekill 1751. Þorsteinn Þórisson (1712) og Guðný Eyjólfsdóttir (um 1716) Jón Ísleifsson (1703) bóndi og lögréttumaður. Hann bjó einnig á Lambafelli og í Selkoti. Narfi Jónsson (1695). Hann var í Hvammi undir Eyjafjöllum 1703 og bóndi í Steinum undir Eyjafjöllum 1729. | | Jón Gamalielsson (1698) frá Raufarfelli og kona hans Aldís Þórðardóttir (1697) frá Miðbæli undir Eyjafjöllum. Jón var sonur Gamaliels og Ingveldar á Raufarfelli. Aldís var dóttir Þórðar Sigurðssonar (1666) bónda í Miðbæli og síðar á Rauðafelli og konu hans Halldóru Ögmundsdóttur (1669). |
| 1733 | Þá bjó Eyjólfur Teitsson (1689), sem áður bjó í Selkoti, á Raufarfelli. Kona hans var Guðríður Arnbjörnsdóttir (1692) frá Þjóðólshaga í Holtum. Hún var dóttir Arnbjörns Sveinssonar (1657) og Sigríðar Þorleifsdóttur (1669). Ekki fundust upplýsingar um hina ábúendurna. Líklegt er þó að þeir sem bjuggu þarna 1729 hafi flestir verið þarna þetta ár. | 1709 | Bjarni Eiríksson (1662) og Hólmfríður Sigurðardóttir (1671). Þau bjuggu áður á Rauðafelli Jón Björnsson (1665) og Sigríður Þórðardóttir (1671). Þau bjuggu áður á Rauðafelli. Einar Ólafsson (1685) frá Rauðafelli og Kristbjörg Jónsdóttir (1671). Ólafur (1645) faðir Einars bjó líklega á Rauðafelli. Móðir Einars hét Halldóra Einarsdóttir (1651). Gamaliel Eyjólfsson (1645) og Ingveldur Þorgrímsdóttir (1662) |
| 1729 | Einar Ólafsson (1685) og kona hans | 1703 | Jón Magnússon (1662) og Þuríður |



76. mynd. Hafnlaus suðurströndin var sjómönnum oft erfið, myndin er tekin í fjörunni framan við Ytri-Skóga 2016.

Jónsdóttir (1674).
Sæmundur Jónsson (1667) og
Ingibjörg Arviðsdóttir (1661).
Gamaliel Eyjólfsson (1654) og
Ingveldur Þorgrímsdóttir (1662).
Hún var á Raufarfelli 1729.
Jón Brandsson (1676) og Þuríður
Jónsdóttir (1669). Jón var sonur
Brands Jónssonar á Raufarfelli og
bróðir Magnúsar Brandssonar (1680)
lögréttumans sem bjó á Raufafelli
um tíma en einnig á Rauðafelli.
Teitur Þóroddarson (1651) og Arndís
Einarsdóttir (1655). Hann var bóndi
í Selkoti 1709 og á Núpakoti 1729.
Símon Pétursson (1643) og Halldóra
Ófeigsdóttir (1661).

Ábúendur á Raufarfelli fyrir 1700

Brandur Jónsson (1633).
Hjalti Jónsson (1590) og Málfríður
Jónsdóttir (1610) kona hans. Hjalti
var sonur Jóns „eldri“ Stefánssonar
(um 1565) kirkjuprests í Skálholti og
í Kálfholti í Holtum. Móðir Hjalta
var Þórdís Vigfúsdóttir (1575) kona
hans. Þórdís var dóttir Vigfúsar
Hjaltasonar bónda í Hildisey í
Landeyjum. Vigfús var sonur Hjalta
Magnússonar (1500) bónda á Stóru-
Borg undir Eyjafjöllum og Teigi í
Fljótshlíð. Kona Hjalta var Anna
Vigfúsdóttir (1500). Um hana ritaði
Jón Trausti söguna „Anna á Stóru-
Borg“. Kona Vigfúsar var Guðrún
Ólafsdóttir (1535) frá Marteinstungu
í Holtum. Ólafur Tómasson (1500)
faðir hennar var sonur Tómasar
Jónssonar (1470) lögréttumans í
Rangárþingi.



77. mynd. Steinhellir var þingstaður Eyfellinga frá 1818-1905.

Skólahald í sveitinni

Lengi vel var heimafræðsla ráðandi í sveitum landsins þar sem foreldrar báru ábyrgð á kennslunni en prestar fylgdust með námi barnanna. Síðasta fjórðung 19. aldar varð mikil vakning í skólamálum um allt land og þá urðu m.a. til svokallaðir farskólar. Farkennari dvaldi þá á einum eða fleiri bæjum í sveitum landsins og kenndi þar börnum úr nágrenninu. Einn af hvatamönnum þessa var Sighvatur Árnason alþingismaður frá Eyvindaraholti undir Eyjafjöllum. Hann bar upp frumvarp á Alþingi árið 1879 um að öll börn skyldu læra að reikna og skrifa en lestrarkennsla var þá þegar lögboðin. Með fræðslulögum 1907 kom heildstæð löggjöf um fræðslumál þar sem farskólarnir fengu lögformlega viðurkenningu. Samkvæmt lögum áttu heimilin að sjá um fræðslu barna til tíu ára aldurs en sveitarsjóður að kosta fræðslu barna frá 10-14 ára. Ritið Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007 (2008) gerir ágæta grein fyrir þróun skólakerfisins frá árinu 1880. Dýrfinna Sigurjónsdóttir (1995) skrifaði B.Ed. ritgerð um barnafræðslu undir A- Eyjafjöllum sem gefur ýmsar viðbótarupplýsingar við það sem hér stendur.

Líklega var Böðvar Böðvarsson (fæddur 1863) fyrsti barnakennarinn í farskólakerfi sveitarinnar. Samkvæmt minningargrein, sem Björn K. Þórólfsson (1953) skrifaði um hann, byrjaði hann að kenna börnum 1887 en hélt einnig kvöldskóla fyrir unglunga sem voru komnir yfir fermingaraldur. Böðvar skilaði kennsluskýrslu til yfirvalda síðasta árið sem hann kenndi, 1893-1894. Það er því spurning hvernig kennslunni var háttað hin árin, t.d. hvort fleiri komu að kennslunni þessi ár, a.m.k. kenndi Magnús Magnússon realstúdent úr Hafnarfirði veturinn 1891-1892. Böðvar rak síðar brauðgerðarhús í Hafnarfirði og gegndi ýmsum trúnaðarstörfum í bænum.

Ólafur Helgi Jónsson frá Eystri-Skógum tók við af Böðvari og kenndi 1894-1896. Veturinn 1894-1895 var Magnús Hj. Magnússon heimiliskennari á Þorvaldseyri, en hann var fyrirmynd Halldórs Laxness að Ólafi Kárasyni Ljósvíkingi (Gunnar M. Magnúss 1956, 1973). Frá 1895-1900 var Lárus Bjarnason kennari en hann varð síðar merkur skólamaður og skólastjóri Flensborgarskóla. Þá tók við Ólafur Eiríksson frá Berjaneskoti, sonur Eiríks bónda á Brúnum. Hann kenndi frá 1900-1938, það kom þó fyrir að aukakennarar kenndu með honum að hluta en það var ekki oft. Ólafur stundaði líka sjóróðra frá Fjallasandi og það kom fyrir að fella þurfti niður kennslu ef vel viðraði til sjósóknar. Í lok kaflans er listi yfir barnakennara undir Austur-Eyjafjöllum frá upphafi farskólakerfisins.



78. mynd. Böðvar Böðvarsson kennari.

Til að sveitakennarar fengju styrk fyrir kennslustörf sín urðu þeir á hverju ári að senda inn skýrslur um skólastarfið. Vegna þessa eru til töluverðar upplýsingar um skólahald farskólanna á skjalasöfnum. Samkvæmt Barnafræðsluskýrslum, var fyrstu áratugin, yfirleitt kennt á þremur eða fjórum bæjum í sveitinni á hverjum vetri, þó eru dæmi um að kennt hafi verið á fimm bæjum. Fyrir kom að námstíma einstaka ár væri skipt á milli tveggja bæja, t.d. árið 1914. Þá var átta vikna námi skipt þannig að kennt var í fjórar vikur á Rauðafelli og fjórar vikur í Ytri-Skógum og sami barnahópur þurfti að vera á báðum stöðunum. Þetta ár var einnig kennt í Steinum og Eyvindarhólum, átta vikur á hvorum stað.

Það var aðeins breytilegt milli ára á hvaða bæjum var kennt en helstu kennslustaðir voru Steinar, Rauðafell, Skarðshlíð, Drangshlíð,

Eyvindarhólar, Ytri-Skógar, Raufarfell og Hlíð. Það kom fyrir að kennt væri á öðrum stöðum t.d. Berjaneskoti, Hrutafelli, Þorvaldseyri og Lambafelli. Ekki var kennt á Raufarfelli eftir að þinghúsið var byggt á Rauðafelli en Þorvaldur Björnsson á Þorvaldseyri lét reisa það árið 1905 (79. mynd). Þetta hús var skilnaðargjöf hans til sveitarinnar þegar hann flutti þaðan. Með tilkomu þessa húss lagðist Steinahellir af sem þingstaður sveitarinnar. Þarna voru einnig dansleikir og aðrar samkomur. Húsið var notað til kennslu til 1930, en þó ekki samfellt, nokkur ár dattu út á þessu tímabili. Þinghúsið var fyrst og fremst notað fyrir nemendur úr nágrenninu en ekki fyrir alla sveitina. Ekki var á sama árinu kennt á tveimur nærliggjandi bæjum heldur var kennlustöðunum dreift um sveitina. Það var t.d. ekki kennt á Raufarfelli þau ár sem kennt var á Rauðafelli og öfugt.



79. mynd. Vesturbærinn á Rauðafelli eins og hann leit út árið 1927, skóla- og þinghúsið til vinstri. (Málverk eftir Trausta Eyjólfsson).

Farskólinn undir Austur-Eyjafjöllum var oft nefndur Steinaskóli þó svo að kennt væri á fleiri bæjum. Árið 1909 flutti Magnús Tómasson bæ sinn frá gömlu Steinum þangað sem byggðin er nú. Nýja húsið var timburhús og hluti þess var strax nýttur fyrir farskólann og var kennt í þessu húsi allt til 1945. Þá var farið að kenna í húsi Jóhanns Guðmundssonar í Steinum II og þar var kennt í örfá ár eða þar til farið var að kenna á einum stað í sveitinni.

Í flestum tilvikum fór kennslan fram í herbergi á sveitabæjunum nema þegar kennt var í samkomuhúsunum í Skarðshlíð og á Rauðafelli. Fyrstu tvo áratugi farskólans stóð skólinn í 4-8 vikur á hverjum stað. Fljótlega eftir aldamótin 1900 festust þessar átta vikur í sessi allt þar til farið var að kenna á tveimur stöðum, en þá lengdist skólatíminn. Skólinn byrjaði í október eða nóvember og stóð fram í febrúar eða mars og stundum lengur. Flest börnin voru bara í skólanum þessar 4-8 vikur á hverjum vetri en sum lengdu skólagönguna með því að mæta á fleiri en einum stað. Kennt var sex daga vikunnar, 5-6 stundir á dag. Taflan hér fyrir neðan sýnir hvað var kennt og hversu margar stundir á viku, annars vegar veturinn 1899-1900 og hins vegar veturinn 1929-1930.

	1899-1900	1929-1930
Lestur	6	4
Kver	3	
Biblíusögur	3	4
Skrift	6	6
Reikningur	6	6
Saga		3
Réttiritun	6	3
Landafræði		4
Náttúrufræði		3

Eftirtaldar kennslubækur voru notaðar veturinn 1891-1892 en þá var Magnús Magnússon kennari:

Kver:	Barnalærdómsbók Helga Hálfðánarsonar.
Biblíusögur:	Biblíusögur Balslevs.
Lestur:	Samtíningur handa börnum.
Skrift:	Forskrift var skrifuð daglega í bækur barnanna.
Reikningur:	Reikningsbók Eiríks Briems. Bæði kennt á spjald og í huganum.
Réttiritun:	Börnin voru látin skrifa upp eftir upplestri.

Veturinn 1930-1931 var kennslustöðum fækkað niður í tvo og þá lengdist skólinn á hvorum stað í 12-15 vikur. Þessir tveir staðir voru fyrst Steinar og Drangshlíð en síðar Steinar og Skarðshlíð. Árið 1938 ræddi fræðslunefnd sveitarinnar um byggingu á skólahúsi fyrir sveitina og var Þorvaldseyri nefnd sem heppilegur staður. Ekkert varð þó úr byggingu að sinni en ákveðið að semja við ungmennafélagið um afnot af félagsheimilinu í Skarðshlíð (Dagsbrún) fyrir kennslu í stað Drangshlíðar. Áfram var kennt í Steinum en veturinn 1947-1948 var skólinn eingöngu í Skarðshlíð og eftir það var hann á einum stað að undanskyldu skólaárinu 1952-1953, en þá var bæði kennt í Steinum og Skarðshlíð. Veturinn 1950-1951 var kennt í baðstofunni í Norðurbænum á Hrútafelli, fólkið sem þar bjó var nýlega flutt þannig að bærinn var ekki í notkun. Frá 1953-1959 var efri hæðin í íbúðarhúsi Sveins Jónssonar í Skarðshlíð tekin á leigu fyrir skólann. Þegar skólinn var kominn á einn stað var farið að skipta nemendum í eldri og yngri deild og voru deildirnar sitt hvorn daginn í skólanum. Árið 1950 var ákveðið að fækka kennsludögum úr sex á viku í fimm. Daglegur skólatími var lengdur að sama skapi.

Sérstakur barnaskóli var byggður í Ytri-Skógum og lauk byggingu hans árið 1959. Börnunum var áfram skipt í yngri og eldri deild. Fyrstu árin voru yngri og eldri deild sitt hvorn daginn í skólanum en 1966 var því breytt þannig að allir mættu



80. mynd. Félagsheimilið í Skarðshlíð, byggt 1927.

daglega í skólann, eldri deild var fyrir hádegi en yngri deild eftir hádegi. Árið 1961 var samþykkt að lengja skólaárið úr sjö mánuðum í átta mánuði. Árið 1966 var ákveðið að skólaskylda skyldi vera frá sjö ára aldri en sú regla hafði þó að einhverju leiti verið framkvæmd árin á undan. Haustið 1967 var kennurum fjölgað í tvo og haustið 1971 var ákveðið að lengja skólann um tvær vikur og varð hann þá átta mánuðir. Haustið 1990 verða sex ára börn skólaskyld.

Árið 1949 tók Héraðsskólinn í Ytri-Skógum til starfa en þá voru nokkrir sambærilegir skólar starfandi í landinu. Skólanum var ætlað að þjóna Rangæingum og Vestur-Skaftfellingum. Stofnun skólans var mikil lyftistöng fyrir sveitina. En með tímanum fjaraði undan skólanum eins og öðrum héraðsskólum og lagðist skólahald endanlega af árið 1999 eftir 50 ára starf. Jón R. Hjálmarsson (1999) ritaði sögu skólans.

Barnaskólinn í Skógum var lagður niður haustið 2001 og farið að keyra yngri börnin út að Seljalandi en þau eldri (8.-10. bekk) í Hvolsvöll. Þar með lauk skólastarfi í Austur-Eyjafjallahreppi, um það bil 114 árum eftir að það hófst. Haustið 2006 var farið að keyra öll grunnskólabörn undir

Eyjafjöllum í Hvolsvöll og Seljalandskóli lagður niður.

Skólastarfið

Þegar Þorvaldur Þorgrímsson á Raufarfelli (fæddur 1925) gekk í barnaskóla var kennt í Steinum og Drangshlíð, einn mánuð í senn á hvorum stað. Hann gekk í skólann í fjóra vetur, 10-14 ára. Hann var að mestu læs og skrifandi þegar skólagangan hófst. Allir árgangar voru saman í skólanum. Mánuðinn sem kennt var í Drangshlíð, voru börnin sem fóru að Steinum heima, en börnin í Drangshlíð heima þegar kennt var í Steinum. Sami kennari var á báðum stöðum. Kennslustofan í Steinum var í viðbyggingu vestan við íbúðarhús Magnúsar og Elínar en í Drangshlíð var hún í íbúðarhúsi Gissurar og Guðfinnu. Börn sem bjuggu nálægt skólastöðunum fóru heim til sín að loknum skóladegi en þau sem áttu lengra að fara gistu hjá fólki sem bjó nærri skólanum annað hvort allan veturinn eða hluta hans.

Fyrstu þrjá veturna sótti Þorvaldur skóla að Steinum en síðasta veturinn var hann bæði í Steinum og Drangshlíð. Á haustin fór hann ríðandi í skólann en gisti í nágrenni skólans eftir að líða tók á haustið og út veturinn. Þegar

hann var í Steinum gisti hann í Hvaltungu en í Austurbænum í Skarðshlíð þegar hann var í Drangshlíð. Þorvaldur var oftast samferða Sigurði Sigurðssyni frá Lambafelli þann tíma sem þeir fóru á milli. Þeir skiptust á að leggja til hest og tvímenntu á honum. Það eru um sex km frá Raufarfelli að Steinum og áþekkt vegalengd að Drangshlíð. Það þurfti að fara yfir tvær jökulár þegar farið var að Steinum, Laugará og Svaðbælisá en Kaldaklifsá þegar farið var að Drangshlíð.

Guðfinna Lilja Tómasdóttir á Raufarfelli (fædd 1943) var fimm vetur í barnaskóla (9-14 ára) og auk þess stuttan tíma í vorskóla áður en formleg skólaganga hófst. Fyrstu árin var kennt í samkomuhúsinu í Skarðshlíð (Dagsbrún) en þrjú síðustu árin í húsi Sveins Jónssonar í Skarðshlíð.

Auðunn Bragi Sveinsson var kennari í Skarðshlíð veturinn 1953-1954. Þá var í fyrsta skipti kennt á efri hæðinni í íbúðarhúsi Sveins Jónssonar. Auðunn Bragi kenndi víða um land og skrifaði bók um kennaraár sín. Hann segir eftirfarandi um kennsluna undir Eyjafjöllum: „*Ekki var hægt að hefja kennslu á morgnana fyrr en klukkan 10 í skammdeginu, sökum ljósleysis, en rafmagn var ekki tiltækt, eins og fyrr segir. Kennslunni hagaði ég þannig, að deildirnar komu annan hvern dag í skólann. Börnunum var ekið úr tveimur áttum, að austan og vestan, en þau börn sem næst bjuggu skólanum gengu að heiman og heim. Að vestan ók Sigurbergur Magnússon bóndi í Steinum en að austan Árni bústjóri Jónasson í Skógum....Börnin höfðu með sér nesti í skólann og ég sömuleiðis. Borðuðum við nestið inni í skólastofunni í hádeginu, en fríð hafði ég aðeins 20 mínútur. Voru börnin fljót að ljúka við nestið sitt og fóru orðalaust út til leikja á túninu þarna rétt hjá. Veður mátti teljast slæmt, ef þau fóru ekki út. Auðvitað var námsgeta barnanna misjöfn, en vilji yfirleitt fyrir hendi til að fræðast. Og þægari börn hef ég aldrei umgengist í skóla, og hef ég kennt á annan áratug. Það var beinlínis eins og þau vildu allt gera mér að*

skapi, ekki aðeins í byrjun skólatímans, heldur og allan veturinn“ (Auðunn Bragi Sveinsson 1990).

Skólaakstur

Með tilkomu bíla og betri vega var farið að keyra börnin í skólann a.m.k. hluta leiðarinnar. Skólaakstur byrjaði veturinn 1947-1948 þegar öllum var kennt á sama stað í fyrsta skipti, í samkomuhúsinu í Skarðshlíð. Í fyrstu gekk skólabíllinn bara eftir aðalvegnum og börnin þurftu að ganga í veg fyrir hann. Frá Raufarfelli eru t.d. tveir km niður á aðalveginn.

Fyrstu skólabílstjórnarnir voru bændur í sveitinni sem notuðu sína bíla í aksturinn. Stundum skiptu tveir eða jafnvel þrír með sér akstrinum. Af bændum sem tóku þátt í akstrinum má nefna Guðmund Vigfússon í Eystri-Skógum, Vigfússon hans, Sigurberg Magnússon í Steinum, Árna Jónasson í Ytri-Skógum, Tómas Jónsson í Skarðshlíð, Baldvin Sigurðsson í Eyvindarhólum og Sigurjón Sigurgeirsson í Hlíð. Árin sem Sigurður Guðmundsson var skólastjóri (1959-1966) annaðist hann einnig skólaaksturinn. Baldvin Sigurðsson keyrði veturinn 1966-1967 en Hilmar Andrésson frá Berjanesi sá um aksturinn 1967-1968. Ásbjörn Óskarsson frá Seljavöllum byrjaði í skólaakstri haustið 1968 og keyrði til ársins 2017. Kona hans, Guðrún Inga Sveinsdóttir, frá Skarðshlíð byrjaði að keyra með honum 2002 og keyrir enn.



81. mynd. Jón Kristinsson skólastjóri og Ásbjörn Óskarsson sem keyrði skólabíllinn í 49 ár. Þeir standa framan við bensrútuna sem var notuð í 35 ár. Ljósmynd Guðrún Inga Sveinsdóttir.

Eftir að sundlaugin á Seljavöllum var byggð 1923 var farið að kenna börnum í sveitinni að synda. Austur-Eyfellingar voru með þeim fyrstu til að nýta sér heimild í lögum til að gera sund að skyldunámi (Jón Á. Gissurarson 1982). Frá árinu 1932 var öllum heimilisföstum unglingum á aldrinum 12-16 ára skylt að stunda sundnám í samtals fjóra mánuði. Í framkvæmd var þetta oft þannig að börnin voru á stuttum sundnámskeiðum og fóru þá í sund mjög oft.

Björn Andrésson frá Berjaneskoti kenndi sund fyrstu árin en árum saman var sundkennslan á höndum heimafólks á Seljavöllum. Má þar nefna bræðurna Vigfús, Þorstein og Ágúst Jónssyni frá Seljavöllum og Guðjón Pétursson frá Lambafelli. Einnig kenndi Óskar Ásbjörnsson bóndi á Seljavöllum sund í mörg ár þar til Snorri Jónsson íþróttakennari við Héraðsskólann í Skógum tók við. Þegar barnaskólinn í Skógum var tekinn í notkun var verið að byggja sundlaug við Héraðsskólann og þegar sundlaugin var fullgerð var sundkennslan flutt þangað.

Haustið 1960 fól skólanefnd Sigurði Guðmundssyni kennara að ráða handavinnukennara, söngkennara og leikfímikennara. Börnin höfðu þó aðeins verið látin syngja fyrir þennan tíma þar sem Hanna Karlsdóttir í Holti stjórnaði söngnum. Hér á eftir eru nöfn flestra sem kenndu þessar greinar og fæðingarárið í sviga.

Eftirtaldir kenndu handavinnu við barnaskólann: Sigurður Guðmundsson (1921), Bergþóra Jórunn Guðnadóttir (1922), Snorri Jónsson (1925), Guðrún Tómasdóttir (1931), Þórunn Oddsteinsdóttir (1938), Ólöf Bárðardóttir (1940), Kristbjörg Magnea Gunnarsdóttir (1941), Guðný Helgadóttir (1946), Sigurlaug Bjarnadóttir (1951), Guðný Valberg (1953), Ólafur Sævar Gunnarsson (1959) og Gísli Valdimarsson (1967).

Eftirtaldir kenndu íþróttir og sund: Snorri Jónsson (1925), Olga Hafberg (1930), Halldór G.

Kristjánsson (1946), Haukur Snorrason (1952), Karl Frímannsson (1959), Ólafur Árni Traustason (1959), Ólafur Elí Magnússon (1961), Ingvar Helgason (1965), Sigrún Hreiðarsdóttir (1970), Tómas Birgir Magnússon (1974) og Sigríður Björk Ólafsdóttir (1976).

Eftirtaldir kenndu tónlist: Hanna (Pálína Jóhanna) Karlsdóttir (1910), Ólafur M. Einarsson (1919), Þórður Tómasson (1921), Margrét Tryggvadóttir (1945), Guðriður Valva Gísladóttir (1954), Kristín Björnsdóttir (1934) og Þorgerður Jóna Guðmundsdóttir (1946).

Hér á eftir er listi yfir barnakennara í Austur-Eyjafjallahreppi þann tíma sem skóli var í sveitinni. Reynt var að taka með alla kennara við skólann sem kenndu a.m.k. nokkrar vikur. Þarna eru einnig heimiliskennararnir Gísli Kjartansson, Magnús Hj. Magnússon og Hjörtur Árnason Fjeldsted en þeir voru allir heimiliskennarar á Þorvaldseyri. Nöfn þeirra eru skáletruð. Sumir af kennurum farskólans voru einnig heimiliskennarar á Þorvaldseyri eins og Lárus Bjarnason og Ágúst Árnason. Heimiliskennarar í sveitinni hafa áreiðanlega verið fleiri en þessir og fleiri hafa komið að kennslu með einhverjum hætti t.d. segir í Manntalinu 1910 að Guðni Hjörleifsson (1894) hafi verið kennari í Ytri-Skógum en þá var hann 16 ára. Í Manntalinu 1901 er þess getið að Jón Einarsson í Hlíð hafi kennt börnum þar á bæ 16 ára gamall. Þeirra er þó ekki getið í Barnafræðsluskýrslum frá þessum tíma.

Við samantektina var m.a. stuðst við gamlar Barnafræðsluskýrslur á Þjóðskjalasafni, Kennaratal á Íslandi, minningargreinar, fundargerðir skólanefnda og kennarafunda og samtöl við nemendur og kennara. Kristinn Heiðar Jónsson, frændi minn, veitti góða aðstoð við samantektina. Til ársins 1966 var jafnan einn kennari við skólann hverju sinni og var sá jafnframt skólastjóri. Frá haustinu 1967 breyttist þetta og eftir það eru nöfn skólastjóranna feitletruð.

Tímabil	Nafn og fæðingarár	Fæðingarstaður
1887-1894	Böðvar Böðvarsson (1863)	Svarðbæli, Ytri-Torfustaðahreppi
1891-1892	Magnús Magnússon (1868)	Öndverðarnes í Grímsnesi
1893-1894	<i>Gísli Kjartansson (1869)</i>	Ytri-Skógar undir Eyjafjöllum
1894-1896	Ólafur Helgi Jónsson (1867)	Eystri-Skógar undir Eyjafjöllum
1894-1895	<i>Magnús Hj. Magnússon (1873)</i>	Tröð í Álftafirði
1895-1900	Lárus Bjarnason (1876)	Prestsbakki á Síðu
1897-1898	Ágúst Árnason (1871)	Mið-Mörk undir Eyjafjöllum
1898-1899	<i>Hjörtur Árnason Fjeldsted (1875)</i>	Vatnshóll í Línakradal
1900-1938	Ólafur Eiríksson (1871)	Hlíð undir Eyjafjöllum
1913-1918	Þorsteinn Friðriksson -1888	Litlu-Hólar í Mýrdal
1915-1916	Ólafur Ólafsson (1873)	Stóra-Mörk undir Eyjafjöllum
1918-1919	Lilja Hjartardóttir (1899)	Núpakot undir Eyjafjöllum
1938-1939	Ólafur Gunnarsson (1917)	Stafafell í Lóni
1939-1943	Unnur Benediktsdóttir (1909)	Moldhaugar í Kræklingahlíð
1943-1947	Benedikta Benediktsdóttir (1915)	Skeið í Selárdal
1947-1948	Ólafur Jóhannsson (1919)	Austurey í Laugardal
1948-1952	Benedikta Benediktsdóttir (1915)	Skeið í Selárdal
1952-1953	Jónatan L. Jakobsson (1907)	Torfustaðahús í Miðfirði
1952-1953	Sigurður Marelsson (1931)	Reykjavík
1953-1954	Auðunn Bragi Sveinsson (1923)	Selhagi í Bólstaðarhlíðarhreppi
1954-1955	Sigurbjörg Guðjónsdóttir (1906)	Stóra-Mörk undir Eyjafjöllum
1955-1959	Sveinn Jónsson (1924)	Skarðshlíð undir Eyjafjöllum
1959-1966	Sigurður Guðmundsson (1921)	Vík í Mýrdal
1966-1980	Jón K. Kristinsson (1925)	Húsavík
1967-1970	Björg Sigurðardóttir (1939)	Reykir í Lundarreykjadal
1970-1971	Guðbjörg Þórisdóttir (1952)	Reykjavík
1971-1972	Kristinn Jónsson (1952)	Norður-Hvammur í Mýrdal
1972-1973	Kristín E. Benediktsdóttir (1952)	Reykjavík
1973-1975	Kristín Þorsteinsdóttir (1948)	Eystri-Sólheimar í Mýrdal
1975-1976	Guðbjörg Þórisdóttir (1952)	Reykjavík
1975-1976	Árni Blandon Einarsson (1950)	Reykjavík
1976-1977	Særún Albertsdóttir (1955)	Reykjavík
1977-1979	Guðný J. Valberg (1953)	Reykjavík
1979-1980	Jóhann Albertsson (1958)	Ytri-Skógar undir Eyjafjöllum
1980-1986	Halldór G. Kristjánsson (1946)	Súðavík
1980-1987	Stefán Böðvarsson (1949)	Ljósafoss í Grímsnesi
1986-1990	Guðbjörg Þórisdóttir (1952)	Reykjavík
1987-1989	Guðrún I. Hálfánardóttir (1960)	Seljaland undir Eyjafjöllum
1988-1989	Jóhanna Magnúsdóttir (1964)	Garður á Reykjanesi
1989-1995	Svanhvít Magnúsdóttir (1954)	Ísafjörður
1990-1993	Elfa Dögg Einarsdóttir (1961)	Stykkishólmur
1990-1992	Katrín Danivalsdóttir (1958)	Hafnarfjörður
1991-1992	Magðalena K, Jónsdóttir (1965)	Sölvabakki í Refasveit



82 mynd. Steinar undir Eyjafjöllum 1940-1950. Barnakennslan fór fram í viðbyggingu með skúrþaki lengst til vinstri á íbúðarhúsinu. Burstabærinn í Hvoltungu sést ofar á myndinni. Ljós. Vigfús Sigurgeirsson.

1992-1993	Auður Bergsteinsdóttir (1950)	Bessastaðir í Fljótsdal
1992-1993	Sigríður Jóna Þórisdóttir (1950)	Reykjavík
1992-1993	Sólveig Helga Jónasdóttir (1945)	Siglufjörður
1992-1994	Kristín Jóhannsdóttir (1952)	Reykjavík
1993-1995	Ólafur Elí Magnússon (1961)	Hrútafell undir Eyjafjöllum
1994-1995	Katrín Guðjónsdóttir (1964)	Reykjavík
1995-2001	Sverrir Þórisson (1953)	Reykjavík
1995-2001	Helena Pálsdóttir (1957)	Akureyri
1995-2001	Fjóla Björk Ottósdóttir (1961)	Hrísey
1996-2000	Guðmundur Sæmundsson (1946)	Reykjavík
1995-2000	Sigrún Hreiðarsdóttir (1970)	Selfoss
1996-1998	Ægir Pétur Ellertsson (1961)	Reykjavík
1996-1998	Örlygur S. Sigurjónsson (1970)	Reykjavík
1996-1997	Sverrir Magnússon (1950)	Bakki í Bakkafirði
2000-2001	Sigríður Björk Ólafsdóttir (1976)	Fit undir Eyjafjöllum

Leikir

Það er örstutt frá Raufarfelli að Rauðafelli en þar bjuggu þrír bændur á þessum tíma en höfðu áður verið enn fleiri. Selkot er svo aðeins vestar. Um 1940 voru því 8 bændur á þessum bæjum og oft stór krakkahópur sem safnaðist saman til leikja. Þó svo að börn færu snemma að hjálpa til þurftu þau að mæta þessari þörf sinni fyrir leiki og samfélag við önnur börn.

Krakkar fóru í ýmsa leiki eins og gengur, ýmist heimatilbúna eða leiki sem þekktir voru annars staðar frá eins og t.d. „Fallin spýtan“, „Að hlaupa í skarðið“, Skessuleik, Blindingsleik og boltaleiki. Einnig var leikið með kjálka, vödur, horn og annað sem mátti nota í búleiki. Á vetrum var hægt að renna sér á sleða en það var fyrst og fremst gert á ís sem myndaðist þar sem lækir flæddu úr farvegum sínum. Einnig voru leggir af stórgripum notaðir sem skautar. Hér skulu nefndir tveir leikir sem töluvert voru leiknir:

Saltabrauð. Einn beið í ákveðinn tíma á ákveðnum stað og á meðan áttu hinir að fela sig. Sá sem lá á fór svo að leita að hinum en þeir reyndu að laumast á staðinn þar sem legið var á. Kæmust þeir þangað án þess að nást sögðu þeir: „Saltabrauð fyrir mig“ og þá voru þeir sloppnir. Sá sem lá á þurfti því bæði að leita og passa staðinn svo hinir kæmust ekki þangað án þess að hann næði þeim.

Sjáinn, sjáinn, horfinn. Þetta var feluleikur þar sem þátttakendum var skipt í tvö lið. Annað liðið faldi sig en hitt liðið beið framan við Vesturbæinn þar til einn úr feluliðinu birtist í sundinu austan við Suðurbæjarfjósíð. Sá teygði fram hendina og lét hana svo síga niður og sagði „sjáinn“. Þetta endurtók hann tvisvar og sagði svo að lokum horfinn. Um leið og hann sagði það hljóp hann á felustaðinn til hinna. En liðið sem átti að leita hljóp af stað frá Vesturbænum, með bæjaröðinni og upp sundið og byrjaði að leita. Þegar búíð var að finna hitt liðið var hlutverkum víxlað.



83. mynd. Börn að leik í sundlauginni á Seljavöllum 1975.

Matur

Þorvaldur Þorgrímsson ólst upp í Austurbænum á Raufarfelli á árunum 1925-1945. Hann lýsti mat og matartímum í uppvexti sínum á eftirfarandi hátt:

Fótaferð var klukkan sjö og þá var drukkið kaffi en yfirleitt ekkert borðað með kaffinu. Eftir kaffið var farið að sinna kúnum að vetrinum, gefa þeim og mjólka. Að sumrinu þurfti að sækja þær inn í haga og þá voru þær mjólkaðar á stöðli. Jafnframt var farið að sinna öðrum verkum.

Um klukkan tíu var morgunverður, oft nefndur frúkostur. Þá var borðað skyr, slátur, flatkökur eða rúgbrauð.

Klukkan tólf var drukkið kaffi, oft án nokkurs meðlætis en stundum var smá biti með.

Miðdegismatur var borðaður klukkan 15. Oft var saltfiskur með kartöflum. Þegar kartöflurnar voru búnar á vorin voru soðkökur notaðar með fiskinum. Hveiti var uppistaðan í soðkökunum og stundum var annað mjöl haft með líka. Þær voru soðnar í potti, oft með öðrum mat. Þegar hægt var að sækja sjóinn, sem einkum var á útmánuðum og fram á vor, var nýr fiskur stundum á borðum sem þótti góð tilbreyting. Allir í sveitinni fengu að smakka nýjan fisk, einnig þeir sem ekki réru. Stundum var saltkjöt á borðum eða grjúpán (bjúgu), oftast af stórgripum. Hangikjöt var einnig borðað, einkum um helgar.

Klukkan 18 var drukkið kaffi, stundum var smá biti með. Klukkan 21 var kvöldmatur, skyr, grjónagrautur eða hafragrautur. Flatkökur, slátur eða rúgbrauð var borðað með.

Þessir matmálmáttimar breyttust til núverandi forms á milli 1940 og 1950. Það var mismunandi eftir bæjum í sveitinni hvenær þessi breyting var innleidd, í Miðbænum hélst þetta gamla

fyrirkomulag fram undir 1950 en því lauk nokkrum árum fyrr í Suðurbænum.

Kartöflur og rófur voru ræktaðar og rabbarbari í seinni tíð. Kúmen óx í kringum bæina. Annað grænmeti var ekki ræktað. Eitthvað voru villtar jurtir nýttar til matar, t.d. hvönn, krækiber, bláber, túnsúra og heimula (njóli). Einnig voru jurtir tíndar til litunar á fatnaði og til lækninga.

Mjólkin úr kúnum var ýmist drukkin eins og hún kom fyrir eða notuð í smjör, skyr og osta.

Á haustin var eldri ám slátrað heima og einnig minnstu lömbunum. Önnur lömb fóru í sláturhús. Kjötið var ýmist saltað eða reykt. Allur innmatur var nýttur og blóðmör, lifrarpylsa, rúllupylsa og lundabaggar búin til. Slátur, lundabaggar og sviðasulta var soðið strax og svo geymt í mjólkursýru úr skyrgerðinni. Rúllupylsur voru yfirleitt ekki soðnar strax en geymdar hráar í salti eða reyktar. Það þurfti að vanda frágang á tunnunum sem notaðar voru undir sýru eða saltþækil svo vökvinn rynni ekki í burtu.

Stundum var nautgrip slátrað, gamalli kú, vetrungi eða kálfi. Kjötið var saltað eða reykt. Þetta kjöt var einnig notað í grjúpán. Slátur var einnig gert úr nautgripum.

Oftast var einu hrossi slátrað á haustin og var hluti kjötsins reyktur og annað saltað. Mikið var gert af grjúpáni úr kjötinu og það var alltaf reykt. Ekki var borðað hrossakjöt á öllum bæjum í sveitinni.

Á haustin voru veiddir fýlar, en mun meira var um fýl á næsta bæ, Rauðafelli. Með tímanum færðust varpstöðvar fýlsins vestar og þá veiddist meira af honum á Raufarfelli. Þegar búíð var að veiða fýlinn var hann reittur og tekið innan úr honum. Oft var honum brugðið á eld til að fjarlægja síðustu



84. mynd. Bjarni Þorvaldsson að undirbúa kjöt fyrir reykingu 2017.

dúnagnirnar. Hann var ýmist borðaður nýr eða saltaður. Saltaðan fýl var hægt að geyma í marga mánuði. Fýllinn var alltaf soðinn og borðaður með kartöflum. Gjarnan var byrjað að taka upp nýjar kartöflur um fýlatímamann og því haldið áfram upp úr því. Fýlatíminn var talinn hefjast sunnudaginn í 18. viku sumars og stóð í um tvær vikur.

Á svipuðum tíma var farið í berjamó. Krækiber vaxa í Raufarfellstungum og einnig var farið í berjatínslu austur að Jökulsá á Sólheimasandi.

Maturinn var eldaður á hlóðum þar til kolaeldavélar komu til sögunnar. Eldsneytið var fyrst og fremst þurrkuð skán og spýtur sem féllu til. Mór var lítið notaður á Raufarfelli enda lítið til af honum í landinu.

Þegar rúgbrauð var bakað voru tvö frekar stór brauð hnoðuð og sett á plötu. Potti var síðan hvolft yfir. Þurru torfi var raðað í kringum pottinn og kveikt í. Þetta bakaðist svo yfir nóttina meðan eldsneytið entist. Þetta var ekki gert á hlóðunum heldur til hliðar við þær. Strompur með vindstýrðu skjóli var ofan við hlóðirnar.

Flatkökur, lummur og klattar voru bakaðar á hlóðunum, þá var járnstykki lagt yfir eldinn og bakað á því. Það kom fyrir að flatkökur væru fengnar að láni hjá nágrönnum ef þær kláruðust fyrir en ætlað var. Þær voru svo greiddar til baka í næsta bakstri.

Eftir að kolaeldavélarnar komu til sögunnar var farið að baka pönnukökur, jólakökur og kleinur. Einnig var farið að baka tertur með tilkomu eldavelanna.



85. mynd. Fýll í vegkanti.

Verzlun

Um aldir sóttu Eyfellingar verslun til Eyrarbakka og Vestmannaeyja. Leiðin til Eyrarbakka er löng og mörg erfið vatnsföll á leiðinni. Sjóleiðin til Vestmannaeyja er ekki mjög löng en ekki er hægt að lenda við Fjallasand nema við mjög góð skilyrði. Þegar stærri vélbátar komu til sögunnar var hægt að sigla með meiri varning í hverri ferð. Á Raufarfelli seldu menn stundum lömb eða stórgripi til Vestmannaeyja bæði til lífs og slátrunar og stundum hey. Sláturlömbin voru flutt lifandi til Eyja en stórgripum oft slátrað í sandinum áður en þeir voru fluttir í bátana en ekki var gert að þeim. Stórgripir sem seldir voru til lífs voru oft látnir synda út að stærri bátum.

Þegar Halldór Jónsson bóndi í Suður-Vík hóf verslun í Vík 1884 opnaðist álitlegur valkostur fyrir Eyfellinga. Þangað var mun styttra að fara en til Eyrarbakka en erfitt vatnsfall á leiðinni, Jökulsá á Sólheimasandi. Þegar Jökulsá var brúuð 1921 varð þessi kostur enn vænlegri og margir undan Austurfjöllunum versluðu í Vík á þessum árum.

Nokkrir einstaklingar undir Eyjafjöllum hófu einnig verslun í sveitinni t.d. var Þorvaldur Björnsson á Núpakoti og síðar Þorvaldseyri með verslun á árunum 1870-1900, Auðunn Ingvarsson stofnað verslun í Dalseli 1905, Jóhann Guðmundsson hóf verslun í Gíslakoti 1911 og hélt henni svo áfram í Steinum. Nokkrir bændur undir Útfjöllunum stofnsettu smáverlanir rétt fyrir 1890 en þær lifðu stutt. Eyfellingar nýttu sér allar þessar verslanir en versluðu einnig í Vík og Vestmannaeyjum og víðar á sama tíma. Sæmundur Einarsson (1964) frá Stóru-Mörk hefur skrifað um verslun Eyfellinga á þessum árum.

Árið 1896 vorum samþykkt lög í Bretlandi sem bönnuðu innflutning á lifandi sauðfé frá Íslandi. Með þessum lögum var helsta sauðfjármarkaði okkar skyndilega lokað. Á þessum árum voru árlega flutt út héðan 60-70 þúsund fjár. Þessi breytta staða knúði menn til að leita nýrra leiða og ein þeirra var stofnun Sláturfélags Suðurlands



86. mynd. Útibú Kaupfélagsins Þórs í Skarðshlíð.

árið 1907. Sláturhús var svo reist í Vík árið 1911. Margir Eyfellingar ráku lömb þangað til slátrunar m.a. bændur á Raufarfelli. Þess eru einnig dæmi að menn hafi rekið sláturfé til Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar í byrjun 20. aldar. Árið 1924 var sett upp aðstaða til slátrunar á Rauðalæk og ári síðar í Djúpadal í Hvolhreppi. Sláturfélag Suðurlands keypti svo aðstöðuna í Djúpadal 1938 og rak þar sláturhús í mörg ár. Sláturfélag Suðurlands reisti sláturhús á Hellu árið 1941.

Með tilkomu kaupfélaga í Rangárvallasýslu jukust valkostir Eyfellinga í verslun enn frekar. Fyrsta kaupfélag landsins, Kaupfélag Þingeyinga, var stofnað 1882. Tæpum 40 árum síðar, árið 1919, var Kaupfélag Eyfellinga stofnað en árið eftir komu bændur úr fleiri sveitum í félagið (Pálmi Eyjólfsson 1982). Þá fékk félagið nýtt nafn, Kaupfélag Hallgeirseyjar, og voru höfuðstöðvarnar í Hallgeirsey í Landeyjum en útibú var áfram undir Eyjafjöllum. Árið 1930 var stofnað útibú í Hvolhreppnum og varð það

upphafið að þéttbýlinu í Hvolsvelli. Árið 1933 voru höfuðstöðvarnar fluttar frá Hallgeirsey í Hvolsvöll. Árið 1930 var Kaupfélag Rangæinga stofnað á Rauðalæk í Holtum. Það sameinaðist svo kaupfélaginu í Hvolsvelli árið 1948 undir nafninu Kaupfélag Rangæinga. Kaupfélagið Þór á Hellu var stofnað árið 1935. Útibú frá kaupfélaginu Þór var stofnað í Skarðshlíð undir Eyjafjöllum árið 1939. Guðjón Friðriksson (2020) hefur skrifað sögu samvinnufyrirtækja á Suðurlandi og þar má finna mikinn fróðleik um þetta efni

Það var ýmislegt sem hafði áhrif á það hvar verslanir voru settar niður og hvar menn völdu að versla. Samgöngur skiptu þarna miklu máli. Brú yfir Þverá var byggð 1932, skömmu síðar yfir Ála og 1934 yfir Markarfljót. Rangárnar voru brúaðar fyrr, sú ytri 1912 og sú eystri 1914. En aðrir þættir höfðu einnig áhrif, t.d. pólitík. Á Suðurlandi voru kaupfélög tengd Samvinnuhreyfingunni og Framsóknarflokknum en einnig kaupfélög tengd Sjálfstæðisflokknum eins og t.d. Þór á Hellu.



87. mynd. Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum, þar var stunduð verslun í lok nítjándu aldar. Hlaðan sem er í byggingu var á sínum tíma stærsta hús landsins. Þorvaldur Björnsson bóndi er fremst á myndinni.

Hátíðir

Þorvaldur Þorgrímsson (1925) í Austurbænum man vel eftir jólahaldi á Raufarfelli. Bærinn var þrífinn fyrir jólin og fólkið þvoði sér sérstaklega vel áður en jólahaldið hófst. Reynt var að ljúka öllum verkum fyrir klukkan sex. Oft var kind slátrað fyrir jólin. Á aðfangadag var oftast kjötsúpa en hangikjöt á jóladag. Fólkið fékk stóran skammt af mat sem það borðaði yfir jólin. Þegar búið var að borða var kveikt á heimatilbúnu jólatré. Seinna um kvöldið var lesið úr Guðsorðabókum en það var oft gert á öðrum tímum einnig. Krakkarnir fengu gjafir, oft kerti og spil og einhvern fatnað. Ekki var spilað á aðfangadag. Það var hins vegar spilað á jóladag og á annan í jólum. Fullorðna fólkið spilaði gjarnan vist en einnig spiluðu menn maríás, kasínu, laumu, hund, súpuhund, Svarta-Pétur og fleira. Flestir fóru svo í kirkju ef messað var. Krakkarnir fóru á milli bæja í heimsóknir. Einnig komu krakkarnir á bæjunum saman til að ganga í kringum jólatré.

Á gamlárskvöld var brenna og fólk var með heimatilbúin blys. Oft var olía sett í torfhnaus og þetta notað sem blys. Það var sungið við brennuna. Oft var einnig brenna á þrettándanum og hátíðarhöld. Á sumardaginn fyrsta gerðu menn sér einnig dagamun en Þorvaldur segist hafa verið orðinn 10-12 ára þegar byrjað var á því.

Á páskum var borðaður betri matur en venjulega og farið í messur. Einnig var haldið upp á hvítasunnu og uppstigningardag á svipaðan hátt. Oft voru fermingar um hvítasunnuna.

Þegar búið var að heyja túnin voru töðugjöld haldin hátíðleg með kökum og kaffi eða súkkulaði. Einnig var haldið upp á slagann þegar öllum heyskap var lokið, en svo nefndist þessi hátíð. Heitið tengist væntanlega orðinu sláttur.

Ungmennafélagið Eyfellingur var stofnað 1922 og Kvenfélagið Fjallkonan 1939 og gengdu þessi félög mikilvægu hlutverki í félagslífi sveitarinnar. Fyrsta samþykkt Ungmennafélagsins var um byggingu sundlaugar á Seljavöllum og var það gert 1923. Þetta var 25 m löng sundlaug í 2-3 km fjarlægð frá Raufarfelli. Það var vinsæl skemmtun meðal yngra fólksins að fara þangað í sund. Jón Á. Gissurarson (1982) segir frá byggingu laugarinnar. Sundlaugin var ekki bara notuð til sundkennslu fyrir Eyfellinga heldur nágrannasveitirnar einnig.

Dansleikir voru stundum haldnir í Þinghúsinu á Rauðafelli en þegar Ungmennafélagið Eyfellingur byggði félagsheimili í Skarðshlíð árið 1927 fluttist skemmtanahald að mestu þangað þó svo að þinghúsið væri áfram notað. Harmonikka var til í Miðbænum á Raufarfelli og spiluðu bræðurnir Tómas, Stefán og Sigurjón Guðjónssynir á hana og einnig Gísli Hjörleifsson. Undir Útfjöllunum voru landskunnir hljóðfæraleikarar, lagasmiðir og textahöfundar eins og bræðurnir Leifur og Valdimar Auðunssynir frá Dalsseli og Jón Sigurðsson frá Brúnum, oft kallaður Jón í bankanum til aðgreiningar frá nöfnum sínum innan tónlistargeirans. Þeir spiluðu einnig á dansleikjum undir Austurfjöllum.

Þó svo að daglegt líf fólksins hafi verið bundið við Raufarfell voru kirkjan, félagsheimilið, sundlaugin og skólinn mikilvægir staðir í félagslífi þess. Ungmennafélagið stóð einnig fyrir íþróttæfingum og keppni í sundi, glímu og frjálsum íþróttum.

Ull og skinn

Skór úr skinni af nautgripum eða sauðfé voru notaðir á Raufarfelli fram yfir seinna stríð þó svo að aðrir skór hafi einnig verið komnir til sögunnar. Tómas Guðjónsson í Miðbænum og Finnur Tryggvason í Suðurbænum notuðu t.d. heimagerða skinnskó í smalamenskum eftir 1950. Hið sama má segja um fatnað. Föt úr ull og vaðmáli voru notuð fram yfir stríð þó svo að önnur efni væru einnig notuð.

Tvær gamlar konur á Raufarfelli, þær Ingveldur Jónsdóttir (1872) og Þorbjörg Jónsdóttir (1884), stunduðu tóvinnu fram yfir 1960 með sama hætti og gert hafði verið um aldir. Þó svo að megnið af ullinni færi í ullarverksmiðjur fengu þær sína ull til að kamba og spinna. Þær spunnu þráðinn, sem ekki hafði slitnað frá landnámi

jarðarinnar, á meðan heilsan leyfði. Næstu kynslóðir nýttu sér nýju tæknina við ullarvinnsluna, en þrjóna- og saumaskapur hélt áfram á bæjunum.



88. mynd. Ingveldur Jónsdóttir í Miðbænum að þrjóna.

Búfé

Um 1940 voru kýr, hross, sauðfé og hænsni á öllum Raufarfellsbæjunum. Flestir áttu hund og sumir kött. Það voru 3-4 kýr á hverjum bæ og 1 eða 2 vetrungar. Fjárfjöldi var 30-50 kindur á bæ. Hrossafjöldi á hverjum bæ var á bilinu 8-12 og fjöldi hænsna var á bilinu 5-10.

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem rituð var um 1709 var fjöldi búfjár ekki mjög frábrugðinn því sem hann var um 1940. Þó voru kýrnar heldur fleiri 1709 og féð heldur færra. Samsetning fjárstofnsins var einnig önnur þar sem flestir bændurnir voru með eitthvað

af sauðum þá. Búfjáfjöldi var sem hér segir hjá einstökum bændum árið 1709:

	Bjarni	Einar	Jón	Gamaliel	Samtals
Kýr	4	6	6	5	21
Kvígur	2				2
Kálfar	1	1	2	1	5
Ær	17	16	35	8	76
Veturgamlar	3	6	9	4	22
Sauðir	7	7	13		27
Lömb	15	16	20	6	57
Hestar	2	3	3	2	10
Folar	2	1	2		5
Hross	3	2	5	1	11
Folöld	2	2	3	1	8



89. mynd. Kýr framan við Suðurbæinn.



90. mynd. Ær við Suðurbæjarhúsin 1978.

Árni Magnússon og Páll Vídalín skráðu fjölda búfjár í Jarðabók sinni. Tölurnar fyrir Rangárvallasýslu voru skráðar 1708-1709. Í Þjóðskjalasafninu eru til svokallaðar Búnaðarskýrslur frá því um lok 18. aldar og fram á okkar daga. Í þessum skýrslum má finna upplýsingar um ábúendur, fjölda búfjár, kálgarða og fleira. Upplýsingum fyrir Raufarfell var safnað fyrir árabilið 1792-1939 eða tæplega 150 ára tímabil. Ekki voru til skýrslur fyrir öll ár en á þessu árabili fundust upplýsingar fyrir 57 ár eða rúmlega þriðja hvert ár að meðaltali. Línuritinn hér fyrir neðan sýna heildarfjölda nautgripa, sauðfjár og hrossa á þessu tímabili. Karl- og kvendýrum er þar slegið saman, einnig mismunandi aldurshópum og gripum frá öllum bæjunum. Gripafjöldinn 1708-1709 er til viðmiðunar á línuritunum.

Flestir voru nautgripir á Raufarfelli árin 1829 og 1831, 31 talsins en fæstir 1883, einungis 8 gripir, eftir kulda- og mislingasumarið 1882. Flestir voru nautgripirnir á fyrri hluta tímans (1792-1850) eða 25 að meðaltali. Þeim fækkaði svo mjög og voru að meðaltali 11-12 á árunum 1850-1890, en þetta var kalt tímabil. Svo fer nautgripum að fjölga aftur en þeir náðu ekki fjöldanum sem var á fyrri hluta tímabilsins. Nautgripum fór svo að fjölga aftur milli 1960 og 1970.




Árabilið frá 1813-1858 var, með nokkrum undantekningum, tiltölulega hlýtt á Íslandi (Trausti Jónsson 2016) en eftir það kólnaði. Áratugurinn 1859-1868 var sá kaldasti sem mælst hefur í Stykkishólmi síðan veðurmælingar hófust þar, og árið 1881 var það kaldasta. Mörg fleiri köld

ár komu í lok aldarinnar. Það er því ekki skrytið að búfé hafi fækkað á þessum árum.

Sauðfé var flest árin 1921 og 1924 en þá voru 243 kindur á Raufarfelli. Fæstar voru þær 1860, 29 talsins. Fjöldi sauðfjár sveiflast nokkuð fram til 1920 en þá fjölgaði töluvert eins og myndin sýnir. Sauðir og hrútar voru yfirleitt ekki margir en urðu flestir 1834, 40 talsins og 34 árið 1903. Upp úr 1970 fjölgaði sauðfé á Raufarfelli aftur og fór yfir 250 þegar mest var en fækkaði fljótlega aftur. Nú eru þar um 60 kindur.



Hrossin voru flest árið 1908 og voru þá 53. Fæst voru þau 1869, níu talsins. Þeim fækkaði töluvert á árunum 1868-1890 en fjölgaði svo upp úr aldamótunum. Þeim fækkaði svo mikið eftir að dráttarvélar komu til sögunnar.



Hænsna er fyrst getið í Búnaðarskýrslum frá Raufarfelli um 1930.



91. mynd. María og Elín að gefa hænunum 1978.

Sauðfé

Féð bar allt úti og það þurfti að ganga til kinda inn undir Selgil. Féð fór yfirleitt ekki hátt upp til að bera enda gátu þá lömbin rúllað niður brattann. Menn hjálpuðust að við að marka, ef einhver gekk fram á borna kind frá öðrum, brá hann til marks en fullmarkaði ekki. Eigandinn fullmarkaði svo þegar smalað var til rúnings. Yfirleitt var ekki farið að gefa fénu fyrr en í desember. Tilhleyppingar hófust um jólin.

Til eru ærbækur frá Tryggva Þorbjörnssyni í Suðurbænum frá árinu 1935 og áfram. Samkvæmt þeim hefur um þriðjungur fjárins verið tvílembdur á þessum tíma og einstök ár upp undir helmingur.

Árið 1952 var fé skorið niður í sveitinni vegna mæðiveiki. Haustin 1953 og 1954 kom fé að Raufarfelli frá Vestfjörðum í staðinn. Ég eignaðist þá mögotta kind úr Reykjavíri við Ísafjarðardjúp.



92. mynd. Hans Þorvaldsson og Þorvaldur Þorgrímsson að marka lömb 1971.

Kýr

Á vorin og framan af sumri gengu kýrnar í óskiptu högunum og voru reknar heim til mjalta kvölðs og morgna. Þær voru ekki mjólkaðar í fjósunum heldur á svokölluðum stöðli framan við vestustu húsinn í húsaröðinni (18. mynd). Frá stöðlinum lágu traðir sem kýrnar voru reknar eftir inn í haga. Eftir slátt var farið að hafa kýrnar heima á túnunum þar til þær voru teknar á hús.

Áður en vatn var leitt í fjósin á Raufarfelli var kúnum oft hleypt út á veturna til að láta þær drekka úr Bæjarlæknum. Það sparaði vatnsburð og var góð hreyfing fyrir kýrnar. Þetta var þó ekki gert í vondum veðrum eða hálfu.

Rjórabú var stofnað undir Útfjöllunum árið 1905 (Þórður Tómasson 1982; Sunnlenskar byggðir 1982). Það var við Hofsa sem er skammt frá bænum Seljalandi. Það starfaði til ársins 1928, en hlé varð á starfseminni árin 1917-1923. Á þessum árum sendu margir bændur úr Austur-Eyjafjallahreppi rjóma í búið og þar á meðal bændur frá Raufarfelli (Hans Grönfeldt 1910).

Þegar brú var byggð yfir Markarfljót 1933-1934 opnaðist Eyfellingum greið leið til vesturs. Ári

eftir opnun brúarinnar hóf Mjólkurbú Flóamanna mjólkurflutninga frá bændum undir Eyjafjöllum. Það var mikil búbót fyrir eyfellska bændur þegar þeir gátu farið að selja mjólk og fá þannig reglubundnar tekjur.

Hross

Á þessum árum voru hross töluvert mikið á húsi enda oft í brúkun. Oft var þeim hleypt út að deginum en rekin aftur inn á kvöldin. Hross sem ekki voru í brúkun voru tekin á hús um áramót en brúkunarhrossin mun fyrr. Yfir sumarið gengu hrossin inni í högum þar sem kýrnar og féð gengu einnig. Það þurfti því að sækja hrossin þangað ef þurfti að brúka þau.

Á haustin voru oft fá hross á járnum og gat þá stundum mætt töluvert á þeim. Einu sinni þurfti að sækja lækni fyrir konu í barnsnauð á einum bæjanna. Það var lítið af hrossum heima við á járnum, en þó var hestur heima í Miðbænum sem þá var ný kominn úr langri ferð og stóð sveittur inni í hesthúsi. Undir venjulegum kringumstæðum hefði Tómas Guðjónsson eigandi hans ekki viljað lána hann í aðra langferð, en við þessar aðstæður var ekkert annað að gera. Menn þurftu því oft að leggja meira á hrossin og mannfólkið en þeir vildu.



93. mynd. Nasi við Austurbæinn.



94. mynd. Hér er verið að gelda hest. Frá vinstri Hans Þorvaldsson, Þorlákur Björnsson (geldingamaður), Þorvaldur Þorgrímsson og Sigurður Sigurjónsson. (Ljós. Bjarni Þorvaldsson).

Hross sem voru í brúkun þurfti að járna reglulega. Skeifur voru smíðaðar heima en ekki smíðuðu allir sínar skeifur sjálfir og sumir fengu einnig aðra til að járna fyrir sig. Þorgrímur í Austurbænum smíðaði t.d. mikið af skeifum og járnaði fyrir marga og sömuleiðis smíðaði Guðjón í Suðurbænum mikið af skeifum.



95. mynd. Mjög gömul skeifa sem kom upp djúpt úr jörðu þegar grafið var fyrir stöplum brúar yfir Svadbælisá árið 1971.

Annað sem þurfti að gera var að gelda hesta nema þá örfáu sem voru notaðir sem stóðhestar. Þorgrímur í Austurbænum galti hross fyrir marga í sveitinni. Einnig þurfti oft að gelda hrúta og naut.

Nöfn búfjár

Það tíðkaðist að gefa öllu búfé nafn. Algengt var að hrossin bæru nöfn sem tengdust lit. Auk þess gátu þau verið kennd við bæ eða persónu. Eftirfarandi nöfn voru til á hrossum á Raufarfelli á þessum árum: Bleikur, Blesi, Blesa, Brúnn, Brúnka, Brúnstjarni, Fífill, Geira-Jörp, Geira-Jarpur, Glóa, Glói, Grása, Hólakots-Gráni, Máni, Mósi, Nasi, Neisti, Nýlendu-Rauðka, Skolur, Sleipnir, Sokki, Sóti, Steina-Rauðka, Stjarni, Tvistur og Þristur.

Nöfn á kúm voru einnig oft tengd við lit. Eftirfarandi nöfn voru til á kúm á Raufarfelli um 1940: Bauga, Bára, Búa, Huppa, Húfa, Hryggja, Hyrna, Krossa, Lukka, Reyðir, Rönd, Síða, Skraut, Svört, Von og Þrílit.

Þess má geta að kýr sem nú kallast bröndóttar voru á Rauarfelli kallaðar báróttar og nafnið Bára er dregið af þeim lit. Það sem kallað er kolótt víða annars staðar var kallað bröndótt.

Flestar kindurnar á bæjunum voru hyrndar. Nokkrar voru þó kollóttar, einkum í Vesturbænum. Allar báru kindurnar nöfn. Sumar fengu nafn af hornalagi. Kindur með fremur upprétt hornlag gátu heitað Háhyrna, Spjálka eða Stróka. Ef hornin vísuðu út mátti nota nöfn eins og Úthyrna og Garhyrna. Ef hornin voru skeifulaga voru notuð nöfn eins og Skeifa, Sauðhyrna og Króka. Hnýflótt kind gat heitað Hnýfla og Hnýfill ef um hrút var að ræða. Hvítar kindur með svarta rák í hornunum báru stundum nafnið Rák.

Sumar kindur báru nafn af lit. Mjög hvítar kindur gátu heitað Drífa, Fönn, Mjöll eða Rjúpa og ef nasir og augnumgjörð var dökk fengu þær stundum nafnið Hvarma. Hvítar kindur með dekkri bletti í framan gátu heitað Dröfn, Dropa, Valbrá eða Yrja. Hvítar kindur sem voru kolóttar í framan fengu nöfn eins og Kola, Kríma, Jökla eða Íma. Hvítar kindur sem voru gular í framan eru kallaðar vellóttar undir Eyjafjöllum sem mun þýða gull, samanber vellauðugur. Þær gátu heitað Vella, Vellhyrna, Vellukolla, Rauðvella eða Gul. Hvítar kindur með dökkan blett á skrokknum fengu t.d.

nöfn eins Bletta eða Sjálflagða. Hvítar kindur með blett á fæti gátu heitað Fóta eða Hækla.

Svartar kindur báru nöfn eins og Svört, Hrefna og Surtla. Gráar kindur hétu nöfnum eins og Grána, Þoka og Héla. Mórauðar kindur báru nöfn eins og Mora, Móra eða Mossa. Litur sem víða um land nefnist golsóttur heitir mögóttur undir Austurfjöllum og kindur með þennan lit geta því heitað Maga eða Golsa. Litur sem víða um land nefnist botnóttur heitir í þessari sveit golóttur og kindur með þeim lit hétu t.d. Gola eða Botna. Flekkóttar kindur báru nöfn eins og Flekka, Bilda, Bauga, Krúna, Hosa, Leista, Sokka, Kápa eða Hálsa.

Aðrar báru nafn af svip eða vaxtarlagi, t.d. Buddha (þéttvaxin kind), Fjárleg (falleg kind), Krubba og Stórleit (stórgerð kind). Enn aðrar fengu nöfn af skapgerð t.d. Gæf, Ferð, Féleg, Ljóna, Spök og Stygg. Sumar fengu nöfn af því hvernig þær komust í eigu viðkomandi, t.d. Gjóf eða Meðgjöf. Sumar fengu nöfn sem tengdust væntingum um ærnar eins og Lukka, Gullbrá og Gæfa. Þá fengu ær stundum nafn af því hvar þær gengu á sumrin t.d. Höfða eða Tungukolla. Ull gaf einnig tilefni til nafngiftar t.d. Dúða (ullarmikil kind) Brúska (með brúsk í enni) og Lubba (með brúsk í enni). Þá gátu atburðir leitt til nafns eins og t.d. Ófeig.



96. mynd. Mögubíldótt kind (Golsa) með mögótt lömb.



97. mynd. Hvítt og mórauðt lamb.



98. mynd. Búbót (145) í Suðurbænum á Raufarfelli
(Ljós. Sveinn Sigurmundsson).

Búfjárrækt

Þegar markviss ræktun búfjár hófst í landinu upp úr aldamótunum 1900 og ráðunautur í búfjárrækt var ráðinn til starfa hjá Búnaðarfélagi Íslands, vaknaði smám saman áhugi á búfjárkynbótum meðal bænda í landinu. Sá áhugi leiddi til stofnunar félaga um ræktun kúa, hrossa og sauðfjár í sveitum víða um land. Í Austur-Eyjafjallahreppi var stofnað nautgriparræktarfélag 1915, hrossaræktarfélag 1935 og sauðfjárræktarfélag 1954. Bændur á Raufarfelli

hafa tekið þátt í þessu starfi ásamt öðrum bændum í sveitinni.

Í Suðurbænum hefur verið rekið gott kúabú um langt skeið og ein kýrin þar, Búbót 145, var á sínum tíma í hópi afurðahæstu kúa landsins. Hún fæddist 1984 og mjólkaði á 11,9 árum 89.420 kg af mjólk. Hún var felld 14 vetra gömul 1998.

Langt er síðan hross voru í Suðurbænum og einungis örfáar kindur hafa verið þar undanfarna áratugi.

Ekki hafa verið kýr í Miðbænum síðan 1974, en hross og kindur. Árangur hefur verið ágætur í sauðfjárræktinni en þetta er lítið sauðfjárabú. Það hefur gengið þokkalega í hrossaræktinni og nokkur hross fengið 1. verðlaun. Hrossin eru í grunninn af svokölluðu Núpakotskyni sem var þekkt fyrir nokkrum áratugum. Um ræktun þess var stofnað félagið Fjalla-Blesi árið 1972 en það hefur nú verið lagt niður. Þessi ræktunaraðferð þótti ekki vera í takt við tímann og nú hafa hrossin á Raufarfelli blandast ýmsum þekktum stóðhestum í landinu.



99. mynd. Kýr á Raufarfelli 2016. Vestmannaeyjar í baksýn.



100. mynd. Hross frá Raufarfelli á ræktunarbússýningu á fjórðungsmóti 1996. F.v. Þorvaldur Þorgrímsson, Sveinn Jónsson á Mána, Rúnar Andrésson á Sindra, Vignir Jónasson á Dropa, Bjarni Þorvaldsson á Komma og Jóhanna Haraldsdóttir á Tvisti.

Smölun

Raufarfellsbæirnir, ásamt Selkoti, eigasameiginlegt beitiland sem afmarkast af Laugaránni að vestan, fjallseggjunum að austan, en Eyjafjallajökli að norðan. Mörkin í suðri eru landamerkin milli Rauðafells og Raufarfells við Merkilækinn og frá honum upp í Högnaklett. Þetta land var notað sem sumarhagar fyrir sauðfé og á neðsta hluta þess gengu hross og nautgripir. Þetta land er víða mjög bratt og sundurskorið af giljum.

Þegar landið var smalað fóru oft þrír menn inn í heiði eins og sagt var en tveir í Framfjallið. Þeir sem fóru í heiðina fóru gangandi að heiman og gengu sem leið lá inn úr högum, yfir Selána, upp Krókinn og inn Þvertungur sem eru innsti hluti heiðarinnar og þar skildi leiðir. Einn fór yfir í Raufarfellstungur ofan við Tungugilið. Hann smalaði niður Tungurnar og varð svo neðsti maður eftir það. Raufarfellstungur afmarkast af miklum gljúfrum, Laugarárgili (Innra-Tungugili) að vestan og Tungugili (Fremra-Tungugili) að austan. Það eru tvær aðalleiðir í Tungurnar,

annað hvort er farið ofan við Tungugilið eins og oftast var gert í smalamenskum. Einnig er hægt að fara þangað neðst í Tungunum en þar er gilið orðið mikið grynna. Þegar búið var að smala Tungurnar var féð rekið úr þeim um svokallaða Ofanferð, neðst í Tunguranaanum og yfir ána sem rennur eftir gilinu. Þriðja leiðin í Tungurnar er af Króknum, en sú leið er ófær fyrir fé.

Smalarnir sem ekki fóru í Tungurnar skiptu sér þannig að annar smalaði niður Krókinn og var næstefstur þegar smalað var fram. Sá þriðji var efstur og smalaði fénu sem efst var.

Þeir sem fóru í Framfjallið fóru upp Rauðafellsmegin, upp á Móhraun og smöluð fénu til norðvesturs. Annar fór yfir Bæjargilið eftir svokölluðum Sléttabergsstíg en hinn fór upp í Bæjarskálir og smalaði þær. Þessir tveir ráku sinn fjárhóp að Djúpagili og komu fénu þar niður. Þær kindur sem ekki tóku niður, heldur fóru yfir gilið, mættu þeim sem komu innan að og lentu í þeirra fjárhópi. Síðan biðu þessir tveir við Djúpagilið

og voru þar í fyrirstöðu þegar féð kom innan að. Annar þeirra beið við Karlinn því þar gátu kindur farið austur yfir gilið. Hinn var töluvert neðar en þar gátu kindur einnig komist yfir gilið. Þegar kindur birtust á vesturbarmi gilsins gerðu þeir vart við sig og reyndu að hindra þær í að koma yfir gilið. Efsti maður vestan megin kom svo ofan að hópnum, niður Höfðana, sem eru vestan við gilið, og rak hann féð niður með gilin. Það fé sem fór niður í gilið var rekið áfram niður og sameinaðist þannig hópnum. Við Djúpagilið var allt féð rekið niður úr fjallinu, bæði það sem kom innan að og austan að. Annar smalinn úr Framfjallinu fór ekki niður við Djúpagilið heldur fór hann til baka á svokallaða Pottgilsgötu til að standa þar fyrir svo féð færi ekki aftur upp í fjall.

Gamla réttin er hlaðin úr grjóti. Hún er neðan við Sauðakofahálsinn, norðvestur af Selkotsbænum. Það þurfti því að reka féð til austurs þegar komið var niður úr fjallinu og rekið var í réttina neðan frá. Lítið aðhald var við réttina og féð rakst því illa inn í hana.

Oft var fé í brekkunum ofan við Raufarfellsbæinn og í högunum þar fyrir innan. Einnig niður við ána í svokölluðum Eyjabakka. Krakkar, og aðrir sem heima voru, ráku þetta fé inn að réttinni þannig að það blandaðist hinu fénu. Þeir sem komu með þessar kindur voru svo í fyrirstöðu austan við réttina.

Síðar var farið að rétta mikið austar, við traðarkjafstinn, rétt utan túngirðingar. Sú rétt var hlaðin að hluta, en trégrindur voru þó uppistaðan í réttinni. Þótt þessi rétt væri notuð var svipað fyrirkomulag á smöluninni. Það þurfti bara að reka féð lengra í áttina að Raufarfelli. Það var þægilegra að reka inn í þessa rétt því túngarðurinn hélt að fénu austan megin og túngirðingin í Selkoti að vestan.

Yfirleitt tók rúman hálfan dag að smala. Oft var reynt að smala samtímis á Raufarfelli og Rauðafelli því á vissum stöðum getur fé farið á milli heiðanna yfir eggjarnar.



101. mynd. Gamla réttin 2016.



102. mynd. Gamla réttin 2016, eini dilkurinn er fremst á myndinni.

Lögrétt fyrir hreppinn var á Rauðafelli og allt óskilafé úr sveitinni var rekið þangað. Einn dilkurinn í Rauðafellsréttinni var notaður sem lögrétt.

Flestir smalarnir voru með hund og göngustaf. Margir voru með nokkuð langan broddstaf. Yfirleitt höfðu menn nestisbita með sér.



103. mynd. Réttin við enda traðanna, fremst á myndinni eru Tryggvi Þorbjörnsson (t.v.), Þorvaldur Ingvarsson (t.h.).

Í seinni tíð, eftir að fénu fækkaði á bæjunum, hafa smalamennskurnar ekki verið eins formlegar þó svo að í stórum dráttum sé þetta gert með

svipuðum hætti og áður. Gömlu réttirnar eru löngu aflagðar, en nú er féð rekið heim í tún og svo inn í fjárhús.



104. mynd. Ólafur og Finnur Tryggvasynir. Hesthús (58) efst til hægri en fjárhús frá Selkoti efst til vinstri.



105. mynd. Ólafur og Finnur Tryggvasynir. Hesthús (58) ofarlega til hægri og túngarðurinn vestan við Kúatröðina þar fyrir aftan.

Jarðrækt

Búnaðarfélag var stofnað í Austur-Eyjafjallahreppi árið 1895. Tún voru þá víða þýfð og eitt fyrsta verk félagsins var að vinna að túnasléttun. Maður var ráðinn til að fara um sveitina og vera verkstjóri við það verk. Hann fór á milli bæja og bændunum var skylt að leggja til tvo menn á móti. Ítarlegri upplýsingar um Búnaðarfélagið er að finna í umfjöllun Þórðar Tómassonar (1982) um Austurfjöll í bókinni Sunnlenskar byggðir IV.

Árið 1853 er þúfnasléttun á Raufarfelli fyrst nefnd í Búnaðarskýrslum. Paksléttur voru algengar en þá var torfið skorið ofan af en síðan jafnað undir og torfið sett yfir aftur. Það voru ekki bara túnin sem sléttuð voru með þessum hætti, heldur má sjá merki þess að brekkurnar ofan við túnið hafi verið sléttaðar að hluta. Pétur Hróbjartsson sléttaði t.d. teiga í brekkunum, sem tilheyrðu Austurbænum, áður en hann flutti að Lambafelli árið 1908.

Í sóknarlýsingum Eyvindarhólasóknar frá 1840 segir: „Yfir höfuð er hér vel stunduð jarðrækt, en margir farnir að byrja á að slétta tún, en garðar eru víðast umhverfis, og skriðugarðar víða hlaðnir, en greftir til vatnsafleiðinga eru hér sjaldgæfari“ (Sóknarlýsingar Rangárvallasýslu 1839-1873).

Upp úr 1930 smíðaði Þorgrímur Þorvaldsson bóndi í Austurbænum þúfnabana sem dreginn var af tveimur hestum. Hann var ekki notaður heima við heldur á mýrinni þar sem þúfur voru stærri. Þetta tæki skar þúfurnar ofan af en ekki gróðurinn á milli þúfnanna. Þúfunum var svo safnað og raðað í litla garða í mörkum á milli skáka. Stundum voru þær einnig notaðar til að fylla upp í slakka eða keldur. Þorvaldur Þorgrímsson gerði þetta tæki upp og gaf Byggðasafninu í Skógum þar sem það er varðveitt nú.

Samkvæmt fasteignamati frá 1940 var túnstærð bæjanna og heyfengur sem hér segir:

	Túnstærð	Heyfengur (meðaltal 5 ára) í hestburðum (100 kg)	
	ha	tún	engi
Vesturbær	3,1	65	100
Miðbær	3,7	100	240
Suðurbær	3,9	120	180
Austurbær	3,9	90	170

Á þessum tíma mátu bændur á Raufarfelli heyþörf þannig að kýr þyrftu 32 hesta af heyi, kindur 1,75 og hross 8-10.

Í Búnaðarskýrslum var fyrst minnst á hleðslu túngarða á Raufarfelli árið 1802. Þá var minnst á vatnsveitu árið 1857 og árið 1864 er minnst á færivíar í eigu Tómasar Stefánssonar. Í sóknarlýsingum Eyvindarhólasóknar sem gerðar voru 1840 er tekið fram að fjöldi bænda noti færivíar og láti ær sínar liggja inni á næturnar frá fardögum til höfuðdags (Sóknarlýsingar Rangárvallasýslu 1839-1873).

Samkvæmt fasteignamati frá 1940 keyptu allir bændurnir einhvern fódurbæti og tveir þeirra áburð. Bændurnir fengu þá 16 aura fyrir mjólkurlítrann.

	Fódurbætir	Áburður
	kr	kr
Vesturbær	32	5
Miðbær	33	0
Suðurbær	20	0
Austurbær	44	6

Um 1950 voru fyrstu framræsluskurðirnir grafnir með gröfu í svokölluðum Pælum á Raufarfelli. Pælnar eru hluti af Veitunum sem eru neðan við bæina á Raufarfelli. Veiturnar voru grasgefna, mjög blautar á köflum en þurrir balar á milli. Það var nokkuð mikið seinna sem farið var að grafa skurði á Mýrinni (engjunum) þar sem aðaltúnin eru í dag.



106. mynd. Túnkort frá Raufarfelli, teiknað 1918.

Árið 1955 hófst mikið ræktunaráttak í sveitinni þegar farið var að rækta upp Skógasand í samstarfi við Landgræðslu ríkisins. Alls voru ræktaðir þarna um 320 ha. Margar jarðir undir Austurfjöllum

voru landlitlar og var þetta kærkomin viðbót við heimalöndin. Raufarfellsbændur nutu góðs af þessu eins og aðrir.



107. mynd. Tún á Skógasandi 1971, í farska er búið að hlaða upp stórar lanir.



108. mynd. Túnrækt á Raufarfelli 2011.



109. mynd. Eftir eldgosið 2010 gekk illa að hemja árnar, á myndinni sést hvernig Laugaráin skemmdi tún á Raufarfelli.

Heyskapur

Frá upphafi byggðar í landinu hafa menn miðlað næringarefnum á tún með því að dreifa búfjárburði og öðrum úrgangi á túnin. Einnig hafa menn veitt næringarríku vatni á slægjuland þar sem þess var kostur.

Í fasteignamati frá 1940 kemur fram að tveir bændur á Raufarfelli keyptu svolítið af tilbúnum áburði. Það var þó ekki fyrr en um miðja öldina sem farið var að nota tilbúinn áburð að einhverju marki. Á vorin var kúamykju og hrossataði dreift á túnin og brekkurnar. Farið var með mykjuna á hestvögnum á túnin sem voru næst bæjunum en hrossataðið var flutt í laupum á túnin og brekkurnar sem stóðu hæst og voru lengst frá bænum. Ekki var borinn skítur á Veiturnar og sjaldan á Mýrina. Sauðataðið var þurrkað og notað sem eldiviður. Eitthvað af kúamykju var einnig þurrkað til eldiviðar.

Það fór eftir árferði hversu snemma var komin slægja á túnin og það fór svo eftir heyskapartíðinni hvenær hægt var að hefja slátt. Oft var komið eitthvað fram í júlí þegar sláttur hófst. Túnin voru slegin fyrst og reynt að byrja á blettum sem lágu næst bæjunum svo ekki þyrfti að ganga eða fara með hesta yfir óslægjuna. Fram yfir 1930 var allt slegið með orfi en hestasláttuvélarnar komu á bæina milli 1930 og 1940. Það var töluvert slegið með orfi á Raufarfelli fram undir 1960, t.d. Brekkurna, Veiturnar og hluti af Mýrinni. Veiturnar voru slegnar á eftir túnunum og Mýrin síðust. Yfirleitt var bara slegið einu sinni nema stöku blettir heima.

Karlmenn slógu yfirleitt og konurnar fylgdu á eftir og breiddu á með hrífum (dreifðu grasinu jafnt yfir túnið). Þegar yfirborð heysins var farið að þorna þurfti að snúa því, oft var það gert tvisvar á dag. Það var misjafnt hversu mikinn þurrk heyið þurfti, oft 2-3 dagar. Úthey þurfti minni þurrk en taðan.



110. mynd. Ingveldur Jónsdóttir að raka.

Þegar heyið var að verða þurrt var það rakað í múga og sætt upp úr múgunum. Sáturnar voru svo bundnar í bagga sem voru keyrðir heim í hlöðu á vögnum eða hengdir á klyfbera.

Einnig var heyi oft hlaðið upp í svokallaðar lanir úti á túni og það látið verkast í þeim áður en það var keyrt heim í hlöðu. Þetta var fyrst og fremst gert á túnunum enda heyið þar kraftmeira en útheyið og meiri hætta á að hiti myndaðist í því. Þetta var frekar gert í óþurrkatíð en þegar þurrkur var góður. Menn notuðu heimasníðaðar heyýtur úr tré til að draga saman heyið í múgunum. Hestar drógu þessar ýtur þar til dráttarvélar komu til sögunnar. Þegar búið var að draga heyið saman í hrúgur var því hlaðið upp í lanir sem voru þannig gerðar að sem minnst vatn kæmist inn í þær. Oft var strigi breiddur yfir sem var festur niður með hælum sem reknir voru niður í jörðina.



111. mynd. Hey dregið saman á Grjótatúninu með heyýtu. Tómas Guðjónsson stjórnar ýtunni en Róbert Pétursson teymir hestinn. Myndin er tekin 1954.



112. mynd. Lanir á Þverskákum. Bjarni, Guðfinna og Guðni Þorvaldsbörn fremst á myndinni.

Til frekari fróðleiks um heyskap fyrri tíma má benda á nýlegar bækur Bjarna Guðmundssonar á Hvanneyri (2013; 2015) og Þórðar Tómassonar í Skógum (2018).

Kálgarðar

Árið 1791 voru kálgarðar á innan við 10% býla á Íslandi. Upp úr 1800 fór þeim að fjölga og náðu hámarki 1858 en þá voru kálgarðar orðnir fleiri en sveitabýlin (Hagskinna Hagstofu Íslands). Jónatan Hermannsson (2017) hefur ritað góða samantekt um landnám og sögu gulrófunnar hér á landi.

Tímabilið frá 1813-1858 má líta á sem hlýskeið (Trausti Jónsson) og hefur það gefið garðræktinni byr í seglin. Í kjölfarið komu svo mörg köld ár og fækkaði þá kálgörðum aftur. Í Búnaðarskýrslum eru kálgarðar fyrst nefndir á Raufarfelli árið 1808. Eftir það virðist ræktunin hafa verið nokkuð samfelld en þó eru göt í skráningunni hér og þar. Það þarf þó ekki að vera vegna þess að rófur eða kartöflur hafi ekki verið ræktaðar heldur virðist breytilegt milli ára og tímabila hversu nákvæm skráningin var.

Í sóknarlýsingum Eyvindarhólasóknar frá 1840 segir: „Kálgarðar eru hér miklir og er enginn sem ekki leggur alúð á þá, eins og líka að þeir gefa hér

meiri ávöxt en annars staðar, jarðepli eru hér og á sumum stöðum“ (Sóknarlýsingar Rangárvallasýslu 1839-1873).

Allir bæirnir á Raufarfelli áttu kálgarða sem voru bæði norðan og sunnan við traðirnar. Ræktaðar voru kartöflur og gulrófur. Allir áttu einnig eitthvað af rabbarbara. Kúmen óx sums staðar í túninu og við bæina.

Framan við Austurbæinn þar sem íbúðarhúsið á Raufarfelli 2 (Miðbærinn) stendur núna var kálgarður frá Vesturbænum. Hann náði langleiðina austur að Bæjarlæknum og vestur á móts við hesthúsið sem var sunnan við traðirnar. Einnig voru kálgarðar framan við Suðurbæinn, Miðbæinn og Vesturbæinn sem tilheyrðu þessum bæjum. Þá var kálgarður vestan við Vesturbæjarhesthúsið sem tilheyrði Vesturbænum. Kálgarður var framan við Miðbæjartröðina sem nefndist Þrasagarður. Hann tilheyrði Miðbænum. Kálgarður frá Austurbænum var framan við hesthúsið með baðgryfjunni.



113. mynd. Þorvaldur Þorgrímsson að taka upp kartöflur 1995.



114. mynd. Kartöflur teknar upp 1970. Heiðar Jónsson keyrir en Hans og Bjarni Þorvaldssynir hreinsa.

Neðan við traðirnar voru einnig kálgarðar. Austast var garður frá Suðurbænum og náði hann vestur að hesthúsinu í Austurbæjarkálgarðsskákinni. Þar tók Austurbæjargarðurinn við og náði vestur að Litlalæk. Vestan við lækinn var garður frá Miðbænum.

Samkvæmt fasteignamati frá árinu 1940 var stærð kálgarða og uppskera (meðaltal þriggja ára) eftirfarandi:

	Stærð m ²	Kartöflur kg	Rófur kg
Vesturbær	1300	700	500
Miðbær	1660	1000	400
Suðurbær	1670	700	300
Austurbær	1680	800	500

Stærð kálgarða var einnig gefin upp í fasteignamati frá 1930 og var mjög svipuð matinu frá 1940.

Kartöflurnar voru ræktaðar í beðum sem kölluð voru des, og á milli desanna voru grafnar götur sem einnig nefndust geilar. Fjórar kartöflur rúmuðust á breiddina í hverju desi. Það þótti gott

ef hægt var að setja niður fyrir vertíðarlök (11. maí). Skítur var borinn í garðana og það þurfti að reyta illgresi til að það kæfði ekki kartöflugrösin eða rófulönturnar.

Það háði rófuræktinni lengi að menn þurftu að kaupa rófufræið erlendis frá. Guðmundur Tómasson á Yzta-Skála hóf að rækta gulrófnafræ 1830-1840. Margir tóku það eftir honum og varð þá eyfellskt gulrófnafræ víða þekkt (Þórður Tómasson 1948).

Trjárækt

Á árunum 1975-1976 var tveimur plöntum af silfurreyni plantað austan við íbúðarhúsið í Miðbænum og munu það hafa verið fyrstu trjáplönturnar sem voru gróðursettar á Raufarfelli svo vitað sé. Þessar plöntur voru keyptar á Tumastöðum í Fljótshlíð. Þær áttu erfitt uppdráttar lengi vel en lifðu samt. Önnur þeirra er lifandi, en hin var felld fyrir nokkrum árum. Það liðu svo nokkur ár þar til bætt var við ösp, alaskavíði og gljávíði. Birki og reyni var fyrst plantað við Suðurbæinn um 1980 og hefur útplöntun trjáa verið nokkuð samfelld þar síðan.

Árið 2014 var ákveðið að byrja á skjólbeltarækt á báðum bæjunum. Sett var skjólbelti á milli bæjanna og beltí vestan og norðan við Suðurbæinn og kringum rúllugerði í Miðbænum. Það sem stendur hæst af beltinu milli bæjanna hefur orðið fyrir nokkrum skakkaföllum og hefur börkur sorfist af nokkrum trjám í vindi, einkum af öspum. Trén hafa þó náð sér aftur eða verið fyllt í eyðurnar. Hæstu trén eru nú um 3 m á hæð.



115. mynd. Silfurreynir sem var fyrsta trjáplantan sem plantað var á Raufarfelli, mynd tekin 2019.

Bátar

Um aldir hafa Eyfellingar róið til fiskjar frá hafnlausri ströndinni. Sjósókn var ekki auðveld við þessar aðstæður og jafnan var ekki farið á sjó nema í norðanátt þegar sjór var kyrrari en í öðrum áttum. Í Búnaðarskýrslum er þess stundum getið um bændur á Raufarfelli að þeir hafi átt hlut í bátum, t.d. átti Jón Árnason 1/8 í bát 1853 og Sveinn Sveinsson átti ¼ í skipi árið 1857. Fiskurinn var mikil búbót fyrir þessa þéttbýlu sveit. Þórður Tómasson fræðimaður í Skógum hefur gert sjósókninni góð skil í bókum sínum (Þórður Tómasson, 1951; 1993). Margir fóru einnig á vertíð til Vestmannaeyja eða Suðurnesja og sumir settust þar að.



116. mynd. Fólk og varningur ferjað í land. (Ljósm. Ólafur Runólfsson).



117. mynd. Hestar tilbúnir fyrir fólkið í fjörunni. (Ljósm. Ólafur Runólfsson).

Bátar voru einnig notaðir til að flytja fólk og vörur til og frá Vestmannaeyjum. Þá kom bátur siglandi frá Vestmannaeyjum með minni bát í eftirdragi. Stærri bátinum var svo lagt skammt frá landi en litli báturinn notaður til að ferja vörur og fólk í land. Þetta var aðeins hægt í mjög góðu veðri og dauðum sjó. Oft var komið að landi vestan við Borgarhólinn sem er í landi Stóru-Borgar. Val á lendingarstað fór þó eftir aðstæðum hverju sinni og stundum var því lent annars staðar.

Árið 1955 fóru bræðurnir Finnur og Ástþór Tryggvasynir frá Raufarfelli á vertíð til Eyja og fóru með báti frá Eyjafjallasandi. Líklega hefur þetta verið í síðasta skipti sem menn fóru með þessum hætti til Eyja.

Hestaverkfæri

Frá upphafi byggðar fram á 20. öldina voru hestar notaðir til burðar og reiðar á Raufarfelli eins og annars staðar á landinu. Hestvagnar komu ekki austur undir Eyjafjöll fyrr en eftir 1900 (Þórður Tómasson 1948; 1982). Þegar Þorgrímur Þorvaldsson flutti að Raufarfelli árið 1913 kom hann með hestvagn með sér. Þetta gæti hafa verið fyrsti hestvagninn í Raufarfelli, en þeir komu síðar á hina bæina líka. Yfirleitt voru tveir vagnar á hverjum bæ og annar þeirra sturtuvagn.

Vagnarnir voru notaðir í ýmsa flutninga, þar á meðal heyflutninga. Þá var kassinn, sem venjulega var notaður, tekinn af hjólunum og svokölluð heygrind sett í staðinn. Heygrindin var töluvert lengri en kassinn. Á Raufarfelli voru yfirleitt settir fjórir baggar á grindina, tveir framan við hjól, einn milli hjóla og einn aftan við hjól. Það kom fyrir að fimm baggar væru settir á grindina en það þótti ekki gott, enda þurfti



119. mynd. Gráni úr Austurbænum fyrir heygrind, Magnús Hjörleifsson (til hægri) og Jón Pálsson standa hjá.

stundum að fara yfir ár og upp brekkur til að komast að bæjunum.

Þó svo að vagnar væru komnir til sögunnar voru klyfberar áfram notaðir til flutninga í einhverjum



118. mynd. Tómas Guðjónsson í Miðbænum að slá með Blesa og Jarpi. Róbert Pétursson stendur fyrir aftan.



120. mynd. Sleipnir og Bakkarauður í Suðurbænum fyrir sláttuvél.



121. mynd. Hestvagn og mjólkurbrúsar, Austurbærinn og Steinunnarhús í bakgrunni.

mæli. Þorvaldur Þorgrímsson segist t.d. muna eftir því að tveir hestar með heybagga á bakinu hafi verið bundnir aftan í heygrindina í Miðbænum. Þeir báru þá saman fjóra bagga eða sömu þyngd og var á heygrindinni. Þannig var þetta oft að gamla tæknin var notuð samhliða þeirri nýju til að byrja með.

Fyrstu sláttuvélarnar komu austur undir Eyjafjöll um og rétt eftir aldamótin 1900 (Þórður Tómasson 1948). Árið 1930 kom hestasláttuvél að Selkoti og var það fyrsta sláttuvélin sem kom á bæina í kringum Raufarfell. Sláttuvélar komu á Raufarfellsbæina á árunum 1930-1940. Hestarakstrarvélar komu heldur seinna.

Dráttarvélar

Fyrsta dráttarvélin kom í sveitina árið 1945, það var Farmall A sem Tómas Magnússon, sem þá bjó á Hrútafelli, keypti. Um það bil ári seinna komu samskonar vélar að Þorvaldseyri, Seljavöllum og Ytri-Skógum. Árið 1949 komu dráttarvélar að Rauðafelli (Allis Chalmers) og Selkoti (Farmall Cub).

Fyrsta dráttarvélin kom að Raufarfelli 1954, en það var grár Ferguson með 20 ha bensínvél. Tryggvi Þorbjörnsson í Suðurbænum og Tómas Guðjónsson í Miðbænum keyptu hana saman. Tveimur árum síðar var keypt önnur samskonar vél og varð hún eign Tómasar, en Tryggvi eignaðist þá hina alla. Eftir að dráttarvélnar komu voru fljótlega keypt ýmis tæki við þær. Hliðtengdar greiðusláttuvélar komu með báðum dráttarvélnum. Vökvaknúin ýta var komin á báðar vélnar árið 1957. Aldrei komu dráttarvélar í Austur- eða Vesturbæinn. Næsta dráttarvél kom í Suðurbæinn á Raufarfelli 1964, en það var Deutz. Nýr Zetor kom svo í Miðbæinn árið 1970. Síðan þá hafa margar dráttarvélar verið til á Raufarfelli.

Rakstrarvélar komu á bæina fyrir 1960 en heyþyrlur (fjölfætlur) nokkru eftir 1960. Heyblásari kom í Miðbæinn 1964 og um svipað leyti í Suðurbæinn eða aðeins fyrr.

Eftir að dráttarvélnar komu að Raufarfelli voru smíðaðir vagnar fyrir þær til heyflutninga. Í fyrstu voru jeppahásingar notaðar sem hjólabúnaður en svo var farið að nota vörubílshásingar. Stundum var heyinu keyrt beint inn í hlöðu eftir hirðingu, einkum útheysi (óáborið hey af engjum). Algengt var þó að hlaða heyinu upp í svokallaðar lanir og láta heyið taka sig í þeim áður en það var flutt í hlöðu. Oft var það látið standa í hálfan mánuð í lönunum áður en það var tekið inn, þá hitnaði síður í því. Á Raufarfelli var ýtan framan á dráttarvélnum notuð til að ýta lönunum upp á vagnana. Vagninum var lyft upp að framan og staur settur undir, kubbar settir fyrir framan hjólin og sliskja aftan á sem lönunum var rennt eftir. Tvær lanir voru svo settar á vagnana. Heyinu var mokað inn í hlöðu með kvíslum, og eftir að heyblásarar komu var heyinu blásið inn í



122. mynd. Guðfinna Þorvaldsdóttir á Ferguson úr Miðbænum.



123. mynd. Ferguson með ýtu t.v. og heyvagn smíðaður á vörubílsgrind t.h. Lilja Tómasdóttir heldur á Guðjóni Erni 1962.

hlöðurnar. Blásararnir voru einnig notaðir til að blása undir hey, bæði til að losna við hita og til að þurrka heyið.

Skömmu eftir 1970 kom New Holland bindivél í Miðbæinn sem batt heyið í litla bagga og voru þeir tándir upp á vagn með höndum. Einnig voru þeir settir inn í hlöðu með handafli. Seinna

smíðaði Þorvaldur Þorgrímsson færiband til að flytja baggana af vagninum í hlöðu. Þetta var erfiður heyskapur en gekk hratt fyrir sig og létti mikið gegningar að vetrinum. Árið 1989 var farið að binda hluta heyfengsins í rúllubagga og pakka rúllunum í plast. Þetta fyrirkomulag hélst til 1995 en eftir það hefur allt heyið verið bundið í rúllubagga í Miðbænum.



124. mynd. Hans Þorvaldsson að snúa 1975.

Það kom einnig bindivél í Suðurbæinn en upp úr 1980 var keyptur þangað sláttutætari og tveir vagnar. Um nokkurt skeið var þar töluverð

votheysverkun en jafnframt var bundið þurrt hey. Nú er allt hey þar bundið í rúllubagga.



125. mynd. Vélbundnir baggar auðvelduðu gegningar. Þorvaldur og Valgerður að fara með hey í hrossin 1993. (Ljósm. Bjarni Þorvaldsson).



126. mynd. Bjarni Þorvaldsson að bera á 2009.



127. mynd. Þórarinn Ólafsson verktaki að slá á Raufarfelli 2013. Það færir í vöxt að menn nýti sér verktaka við landbúnaðarstörf.

Bílar

Fyrsti bíllinn kom líklega heim að Raufarfelli árið 1929 þegar Brandur Stefánsson kom með Guðfinnu Björnsdóttur, langömmu mína, austan úr Vík. En hún var þá að flytja til dóttur sinnar, Guðfinnu Runólfsdóttur, sem bjó í Austurbænum. Það þurfti að bæta vatni á bíllinn þegar heim var komið og um leið var settur kaffikorgur á vatnskassann til að þétta hann.



128. mynd. Plymouth Þorvaldar Þorgrímssonar.

Fyrsti bíllinn sem var keyptur að Raufarfelli kom líklega 1947. Gísli Hjörleifsson á Raufarfelli átti hann í félagi við Ingólf Björnsson frá Drangshlíð. Þetta var lítill bíll af gerðinni Austin. Númerið á honum var L-155. Gísli og Ingólfur keyptu bíllinn af Sigurjóni Ólafssyni í Syðstu-Mörk. Þeir áttu hann í skamman tíma. Þorvaldur Þorgrímsson keypti hann af þeim og átti hann heldur ekki lengi. Nokkru seinna

eignaðist Þorvaldur annan bíl, Plymouth 1942. Hann var dökkblár og númerið L-66.

Árið 1958 keyptu bræðurnir í Suðurbænum, Ástþór, Finnur og Ólafur, Willys-jeppa, árgerð 1942. Það má segja að það hafi verið fyrsti heimilis- og landbúnaðarbíllinn sem kom að Raufarfelli.



129. mynd. Ástþór Tryggvason við Willysinn.

Aðrar tækninýjungar

Þórður Tómasson (1948) segir frá ýmsum nýjungum sem bárust undir Fjöllin á 19. og 20. öld. Hér verða nefndar nokkrar mikilvægar nýjungar á Raufarfelli á 20. öldinni.

Rennandi vatn kom í Austurbæinn á árunum 1936-1937 og var það fyrsti bærinn á Raufarfelli sem fékk rennandi vatn. Það var tekið úr Bæjarlæknum.



130. mynd. Mjólkurbíllinn árið 1966.

Vatnssalerni var sett í suðausturhornið á hlóðældhúsinu í Austurbænum 1949 og var það fyrsta vatnssalernið á Raufarfelli. Sama ár var byggt nýtt hús í Suðurbænum og var það einnig með vatnssalerni.

Fyrsta útvarpið á Raufarfelli kom í Suðurbæinn um 1935. Það þurfti bæði rafhlöðu og sýrugemy við tækið. Geymirinn var hlaðinn á Þorvaldseyri. Tæki sem komu seinna notuðu bara rafhlöður sem ekki var hægt að hlaða.

Sími kom í Miðbæinn á Raufarfelli 1946 eða 1947. Hringingin var ein löng. Hann var í mörg ár eini síminn á Raufarfelli og var því notaður af hinum bæjunum líka. Sími kom að Selkoti og a.m.k. á einn bæ á Rauðafelli um svipað leyti. Sjálfvirkur sími kom svo 1982.

Kolaeldavélar komu á Raufarfellsbæina um það bil 1932-1933 og kolaofnar í baðstofurnar nokkru seinna. Nokkuð mörgum árum seinna var hætt að nota kolaofna í baðstofunum en í staðinn lögð vatnslögn frá kolaeldavélinni í miðstöðvarofn í baðstofunum. Þegar nýju íbúðarhúsin voru byggð í Suðurbæ og Miðbæ var kolaeldavélunum breytt í olíuvélar.

Árið 1948 var tekið í notkun frystihús hjá kaupfélaginu Þór á Hellu. Þar voru frystihólf sem leigð voru bændum á svæðinu. Þetta nýttu menn sér á Raufarfelli. Vikulega kom bíll frá Hellu með vörur sem bændur höfðu pantað í Kaupfélaginu og bíllinn kom einnig með mat úr frystihólfinu væri þess óskað. Bíllinn sem kom með vörurnar var kallaður Hellubíllinn. Þetta var mjög mikilvæg þjónusta.

Nokkrum árum áður en veiturfarmagn kom í sveitina komu gaseldavélar á marga bæi en sú tækni varð ekki langlíf því rafmagnseldavélar leystu þær af hólmi.

Um 1937 var sett vindmylla á hesthús frá Austurbænum og framleiddi hún rafmagn sem nýttist til að lýsa upp Austurbæinn. Veiturfarmagn kom á Raufarfellsbæina 1962, árið eftir að rafmagn kom að Skógum (Jón R. Hjálmarsson 1999).

Fyrsta mjaltavélin kom í Suðurbæinn rétt eftir að rafmagnið kom en mjaltavél kom í Miðbæinn 1965.

Mjólkurtankar leystu brúsana af hólmi árið 1966. Eyjafjallasveit var ein fyrsta sveitin á Suðurlandi sem tankvæddist.

Heitt vatn

Heitar lindir finnast á nokkrum stöðum undir Eyjafjöllum, bæði austan og vestan Raufarfells. Í Kaldaklifsgili í landi Rauðafells eru lækir með um 80° heitu vatni og við Laugará vestan Raufarfells er 60° heitt vatn og hefur það m.a. verið notað í sundlaugarnar við Seljavelli.

Í nóvember 1955 fór Þorbjörn Karlsson frá jarðborunardeild raforkumálastjórnar ríkisins að skoða aðstæður í Kaldaklifsgili með það í huga að nýta vatnið fyrir Skógaskóla (Þorbjörn Karlsson 1955). Sökum legu þessara heitu lunda taldi hann útilokað að hagnýta þær og hefur það ekki verið gert enn. Grétar Óskarsson á Seljavöllum leiddi árið 1977 heitt vatn, um 1200 metra leið, innan úr Innra-Tungugili heim að bæ og nýtti til upphitunar. Sverrir Magnússon skólameistari í Skógum hefur gert grein fyrir nokkrum tilraunum Eyfellinga til að bora eftir heitu vatni og nýta það (Jón Hjálmarsson 1999).

Þorvaldur Þorgrímsson gekkst fyrir því að fá Jón Jónsson jarðfræðing til að skoða aðstæður á Raufarfelli með borun eftir heitu vatni í huga. Tilraunahola (100 m) var boruð í svonefndum Leyni ofan við Raufarfell sumarið 1993. Í stað þess að halda áfram borun í Leyninum var ákveðið að færa borstaðinn aðeins til vesturs, í Kúatröðina, rétt neðan við Bæjargilið. Ástæðan fyrir þessu var sú að auðveldara þótti að koma tækjum og tólum þangað. Borun í Kúatröðinni hófst svo vorið 1994. Dýpt holunnar er rúmir 700 metrar. Ræktunarfélag Flóa- og Skeiða sá um borun tilraunaholunnar en Jarðboranir ríkisins boruðu hina holuna.

Þorvaldur og Ólafur á Raufarfelli, Kolbeinn í Selkoti og bræðurnir Guðni og Þorsteinn á Rauðafelli stóðu að boruninni. Menn reyndu að gera sem mest sjálfir til að lágmarka kostnað. Ýmislegt efni sem til þurfti var keyrt á borstaðinn með dráttarvélum. Bormennirnir bjuggu hjá



131. mynd. Tilraunahola boruð upp í Leyni 1993.



132. mynd. Borað í Kúatröð 1994.



133. mynd. Borholan í Kúatröð.

Þorvaldi og Valgerði á Raufarfelli og voru í fæði þar að hluta en einnig hjá hinum bændunum. Eftir að boruninni lauk gerðist Finnur Tryggvason á Rauðafelli aðili að þessum hópi. Samkomulag um þetta verkefni var undirritað í árslok 1996. Borunin gekk vel og að henni lokinni var ákveðið að blása út holuna eins það var kallað. Þetta varð til þess að rennslið úr holunni minnkaði og vatnið kólnaði. Það var eins og einhver æð hefði lokast. Þann 9. september 1997 var rennslið úr holunni

85 lítrar á mínútu og hitinn á vatninu var um 50°C. Síðan þá hefur vatnið aðeins hitnað.

Þann 15. nóvember 1994 var vatni fyrst hleypt á lögnina og 22. nóvember sama ár var vatnið komið í húsið hjá Þorvaldi á Raufarfelli. Vatnið kom svo fljótlega inn í önnur hús einnig. Vatnið rennur sjálft upp úr holunni og heim á bæina þar sem borholan stendur nokkuð hærra en bæirnir.

Örnefni

Hér á eftir fer listi yfir örnefni í landi Raufarfells og Selkots. Örnefnunum er lýst, sem og afstöðu þeirra hvers til annars. Þá eru mörg þeirra merkt með númerum inn á kort eða ljósmyndir til frekari glöggvunar. Það er rétt að vekja athygli á hugtökunum inn og fram sem oft koma fyrir í lýsingunni. Þegar eitthvað örnefni er innan við annað er átt við að það sé fjær bæjunum, lengra inn í landi. Það sem er framar er nær sjónum. Borgardalur er innan við Breiðuskriðu sem þýðir að hann er lengra inni í landi. Breiðaskriða er hins vegar framan við Borgardal.

Örnefnin voru á hvers manns vörum hér áður fyrr og mikilvægt staðsetningartæki í samfélaginu. Þegar ég var að alast upp voru þau mikið notuð en með næstu kynslóð fóru þau að tynast. Nú er svo komið að örfáir núlifandi menn þekkja vel örnefni í landi Raufarfells. Við gerð þessarar samantektar naut ég aðstoðar Þorvalds Þorgrímssonar, Ástþórs Tryggvasonar, Finns Tryggvasonar og Kolbeins Gissurarsonar. Þrír þeir fyrstnefndu ólust upp á Raufarfalli en Kolbeinn í Selkoti. Einnig fengust mikilvægar upplýsingar úr tveimur örnefnaskráum sem Þórður Tómasson í Skógum tók saman eftir ábúendum á Raufarfalli og Selkoti.

Það eru til örnefnaskrár fyrir margar jarðir í landinu en til að þær komi ókunnugum að gagni þurfa þær að vera nákvæmar og lýsa því hvað örnefnið stendur fyrir, hvort það er fjall, steinn, gil eða eitthvað annað. Einnig þarf staðsetning þeirra í landinu að vera nákvæm þannig að ókunnugir geti fundið þau.

Ég ákvað að nota túnkort til að staðsetja örnefni á flatlendinu en ljósmyndir til að sýna örnefni í fjalllendi. Það er erfitt að sýna örnefni í bröttu fjalli á loftmynd. Hverju örnefni fylgir lýsing og númer. Númer flestra örnefnanna koma svo fyrir á einni eða fleiri af myndunum sem fylgja textanum. Til að

auðvelda fólki að tengja myndirnar saman skarast þær þannig að örnefni á jöðrum myndanna koma fyrir á fleiri en einni mynd.

Heimatúnin á Raufarfalli

Landinu innan túngarðs á Raufarfalli má skipta í þrennt. Í kringum bæinn voru aðaltúnin, sem voru ágætlega þurr, en neðan við þau voru svokallaðar Veitur sem voru frekar blautar. Ofan við túnin voru brekkurnar sem að stórum hluta voru einnig slegnar og ágætlega þurrar. Þessu landi var öllu skipt upp þannig að hver bær átti sínar spildur um allt svæðið.

Heimalandi var skipt í rúmlega 40 skákir þannig að tún hvers bæjar var í mörgum bútum. Þetta hefur verið gert til að skiptin yrðu sem jöfnust því blettirnir voru misgóðir. Víða voru engin náttúruleg mörk milli túnanna heldur voru gerðar svokallaðar markþúfur eða steinar notaðir til að skilja á milli þeirra. Á meðan slegið var með orfi og rakað með hrífu kom þetta ekki að sök en þegar vélar komu til sögunnar varð þetta fyrirkomulag til trafala við heyskap og aðra vinnu á túnunum. Árið 1968 var túnunum svo skipt í tvennt þannig að Miðbærinn fékk túnin austan megin í landinu en Suðurbærinn vestan megin. Við þetta rýrnaði hagnýtt mikilvægi nafnanna sem spildurnar höfðu og mörg þeirra dattu alveg úr notkun. Stöku nöfn eru þó í notkun enn.

Hnausar (1) eru efsti og austasti hluti túnsins á Raufarfalli. Þeir markast af Bæjarlæknum að vestan og norðan en landamærunum við Rauðafell að austan. Að sunnan ná þeir að Markamýri (að austan) og Þverskákum (að vestan). Þrír bæjanna áttu hlut í Hnausunum. Miðbæjarhnausarnir voru vestastir og lágu með Bæjarlæknum. Næstir komu Suðurbæjarhnausarnir en Austurbæjarhnausarnir voru austastir.

Markamýri (2) er neðan við Austurbæjarhnausana. Hún var óskipt land og var ekki slegin á þessum tíma. Stundum var torf skorið þar. Þetta var frekar blautt stykki. Heitið Maðkamýri var einnig notað. Það var farið að slá Markamýrina eftir að hún var þurrkuð um 1950 og hún var eftir það nytjuð af Suðurbæ og Miðbæ. Þegar landið var grafið komu nokkuð sverir drumbar upp sem sýna að þarna hefur einhvern tímann verið vöxtulegur skógur.

Þverskák (3) eru neðan við Hnausana og ná austur að Markamýri. Þeim var skipt í sex spildur sem lágu austur-vestur. Efsta skákin tilheyrði Miðbænum, sú næsta Suðurbænum og þriðja skákin tilheyrði Austurbænum. Næst kom aftur skák frá Suðurbænum og síðan önnur frá Miðbænum og sú neðsta var frá Austurbænum. Neðsta skákin náði aðeins niður fyrir gamla veginn sem lá austur að Rauðafelli.

Lækjarskák (4) er vestan við Þverskákarnar og nær vestur að Bæjarlæknum. Vegurinn austur að Rauðafelli skipti henni í tvennt. Vesturbærinn átti það sem var ofan við veginn nema smáspildu efst sem tilheyrði Miðbænum. Miðbærinn átti einnig þann hluta sem var neðan vegar.

Fornufjós (5) (N 63° 32' 41,7" V 019° 36' 21,6") er smáspilda þar sem einhvern tímann hafa verið byggingar. Þau eru neðan við Bæjarlækinn, austan við efsta hluta Lækjarskákarnar en vestan við þriðju Þverskákina. Þessi blettur gæti upphaflega hafa verið neðsti hluti Traðarskákarnar sem er ofan við lækinn. Suðurbærinn átti þennan blett. Þar voru garðbrot sem ýtt var út til að slétta túnið.

Veitur (6) Landið neðan við túnin en ofan við Útmýrarnar nefnist einu nafni Veitur. Veiturnar voru blautar og slegnar með orfi þar til landið var grafið. Veiturnar þornuðu ekki vel þrátt fyrir skurðgröftinn. Þeim var skipt í margar spildur. Kálgarðsskákarnar, Svunta og Grjótatúnin, eru neðstu hlutar túnsins og Veiturnar þar neðan við.

Pælur (7) eru að mestu neðan vegar á milli Merkilækjar og Bæjarlækjar og ná frá Markamýri niður að svokölluðum Grafarteigi sem er frá Selkoti. Suðurbæjarpælan var austust, í miðjunni var Austurbæjarpælan en Miðbæjarpælan vestust og náði vestur að Bæjarlæknum. Suðurbæjarpælan náði nokkuð upp fyrir veginn.

Pæluhóll (8) er vestast í þeim hluta Suðurbæjarpællunnar sem er ofan vegar. Þetta er lítið stykki sem stendur hærra en landið austan við og er alþurrt. Pællurnar voru annars frekar blautar.

Austurveita eða Austurskák (9) er vestan við Grafarteiginn og náði að Bæjarlæknum eins og hann rann hér áður fyrr. Hún er neðan við Miðbæjarpælu og ofan Útmýra. Þessi spilda var frá Vesturbænum. Hún var heldur þurrari en aðrir hlutar Veitunnar.

Grafarteigur (10) er sunnan við Pællurnar og nær niður að Útmýrum. Hann tilheyrir Selkoti.

Útmýrar (11) eru neðan við veiturnar á Raufarfelli og ná niður að áreyrunum við Laugará. Þær tilheyra Selkoti. Þarna er landið orðið nokkuð flatt en Veiturnar ofan við eru í halla. Þarna eru aðaltúnin í Selkoti.

Frugga (12) er vestan við Austurveituna, austan Mjónu, neðan Kálgarðsskákarnar en ofan Útmýra. Henni var skipt í þrennt. Austurbæjarfruggan var austust (vestan við Bæjarlækinn) og náði vestur að skurðinum sem er skammt austan við núverandi markaskurð. Miðbæjarfruggan var næst vestan við og náði að núverandi markaskurði. Suðurbæjarfruggan var vestan við markaskurðinn og breiðust af Fruggunum. Þetta voru mjög blaut stykki.

Fruggubali (13) er efst í Fruggunum. Hann var nánast þurr.



134. mynd. Örnefni við bæina á Raufarfelli.

Fruggudý (14) var efst í Austurbæjarfruggunni, rétt neðan við Kálgarðsskákina. Þegar landið var grafið fór skurðurinn í gegnum dýið. Þetta var ekki stór blettur en mjög blautur og kindur drápuð þar stundum.

Stóradý (15) var efst í Suðurbæjarfruggunni. Það var mjög blautt og stærra en Fruggudýið. Þar drápuð stundum kindur og þótti það enn hættulegra en Fruggudýið.

Mjóna (16) er vestan við Frugguna og austan við Þembu. Henni var skipt í tvennt. Austurhlutinn var frá Miðbænum en Vesturhlutinn frá Vesturbænum. Hún nær upp að Rófu og niður að Útmýrum.

Þemba (17) er vestan við Mjónu og tilheyrði Austurbæ. Hún er mun breiðari en Mjónan og nær vestur að spildum sem kallaðar eru „fyrir vestan garð“. Þemba var ekki alveg eins blaut og Fruggurnar og Mjónurnar. Hún nær upp að Rófu og niður að Útmýrum.

Vestan við garð (18) nefnist spilda vestan við Þembuna. Henni var skipt í þrennt. Hlið við hlið voru spildur frá Miðbæ og Suðurbæ en ofan við þær var spilda frá Vesturbænum sem náði upp undir veg. Nafnið hefur komið til vegna þess að túngarðurinn var færður út og þessar spildur eru vestan við gamla túngarðinn. Gamli túngarðurinn var látinn halda sér og var því á mörkum Þembu og spildunnar fyrir vestan garð.

Rófa (19) er lítill blettur ofan við Mjónur og Þembu en neðan við Grjótatún og Svuntu. Vesturbærinn átti Rófuna. Rófan var nokkuð vel þurr.

Grjótatún (20) er ofan við Rófuna. Heimreiðin að Raufarfelli skipti því í tvo hluta og mörkin á milli skáka voru óregluleg. Næst gamla túngarðinum neðan vegar var hluti af Suðurbæjargrjótatúninu. Neðan við það en ofan Rófu var Miðbæjargrjótatúnið. Það teygði sig reyndar aðeins upp fyrir veg austan við

Suðurbæjargrjótatúnið. Vesturbæjargrjótatúnið var austan við Miðbæjargrjótatúnið og náði austur að Svuntu og upp undir veg. Ofan vegar að vestan var efri hluti Suðurbæjargrjótatúnins og þar ofan við Austurbæjargrjótatúnið. Það náði að tröðunum sem lágu frá stöðlinum inn í haga. Horn af Austurbæjargrjótatúninu náði suður að vegi austan við hornið úr Miðbæjargrjótatúninu sem teygði sig upp fyrir veg.

Svunta (21) er austan við Vesturbæjargrjótatúnið, fram af stöðlinum þar sem mjólkað var. Svuntan tilheyrði Austurbænum. Hún nær austur að Kálgarðsskákunum og niður að Rófu. Svuntan mjókkar mikið í neðri endann.

Díli (22) er lítið horn vestan við Svuntuna en austan við Vesturbæjargrjótatúnið. Það tilheyrði Miðbænum. Þegar nýtt íbúðarhús var byggt í Miðbænum árið 1954 í Vesturbæjarkálgarðinum var Dílið látið í skiptum fyrir lóðina sem fór undir húsið.

Kálgarðsskákar (23) eru austan við Svuntuna, neðan við kálgarðana en ofan við Frugguna. Vestast var kálgarðsskák frá Miðbænum (fyrir vestan Litlalæk), þar austan við kálgarðsskák frá Austurbænum. Hún náði að hesthúsinu (42) neðan við traðirnar og austast var Suðurbæjarkálgarðsskákin og náði austur að Bæjarlæknum.

Nýgræða (24) er norðan við traðirnar og náði að túngarðinum að vestan, Dalvelli að norðan en Fjárhússkák frá Austurbæ að austan. Nýgræðan tilheyrði Vesturbæ.

Dalvöllur (25) er norðan við Nýgræðu og náði eins og hún að túngarðinum að vestan en Kúatröð að norðan. Þrjár bæir áttu í Dalvellinum. Vestast ofan við Nýgræðuna var stykki frá Suðurbænum. Þar fyrir ofan var spilda frá Austurbænum og náði hún að Kúatröðinni. Miðbæjarspildan var svo austan við hinar tvær og náði aðeins upp í brekkuna jafn



135. mynd. Örnefni ofan við bæina á Raufarfelli.

langt upp og Austurbæjarskákin náði.

Nú hafa öll tún verið talin upp nema þau sem eru ofan við bæina, vestan Bæjarlækjar, og brekkurnar þar ofan við. Landinu var skipt upp að svokölluðum Flám en þær byrja þar sem landið verður brattara og fjallið tekur við. Flárnar og allt land þar ofan við var óskipt. Landinu ofan við bæina (vestan Bæjarlækjar) var skipt í sjö ræmur sem náðu niður undir löngu bæjaröðina og upp undir Flár. Vesturbærinn átti eina ræmu en hinir bæirnir tvær hver. Vesturbæjarröndin var slitin í sundur af Dalvelli en annars voru þessar spildur samfelldar. Fjánhúsin og aðrar byggingar ofan við löngu bæjaröðina stóðu í þessum spildum og skýra dreifinguna á þeim um svæðið.

Brekkur (26) er samheiti yfir hliðina ofan við bæina, upp að Flám. Það er talað um að fara upp í Brekkur þegar ekki er átt við neinn sérstakan stað. Þetta heiti er því hliðstæða við Veiturnar og Mýrina. Einhverjir hafa kallað þetta sama svæði Hóla.

Dalvallarenni (27) er brött brekka upp af Dalvellingum. Dalvallarenni, Kúatraðarenni og Enni eru í raun mismunandi hlutar sömu brekkunnar. Kúatraðarenni er vesturhlutinn, Dalvallarenni suðvesturhlutinn og Enni suðurhlutinn.

Kúatröð (28) er norðan við Dalvöllinn og nær upp undir Bæjargil. Þetta er mjög skjólgott svæði því brött og há brekka er austan við hana er nefnist Kúatraðarenni. Þessi brekka er vestur af Löngutorfu. Að norðan er skjól af fjallinu og að vestan veita hálsarnir ofan við Selkot skjól. Kúatröðin tilheyrði Vesturbænum.

Kúatraðarenni (29) er brekkan austur af Kúatröðinni. Hún er mjög brött.

Fjánhússkák frá Austurbæ (30) er austan við Nýgræðu og Dalvöll. Þar voru Austurbæjarfjánhúsin. Austurbærinn átti ræmu upp af Fjánhússkákinni allt upp á efsta hluta Löngutorfu.

Enni (31) er brött brík skammt ofan við Austurbæjarfjánhúsin en neðan við Löngutorfu.

Langatorfa (32) er vel gróin grasbrekka austan við Kúatraðarennið upp af Fjánhússkák og tilheyrði Austurbænum eins og hún. Í byrjun 20. aldarinnar var hún farin að blása upp. Þegar Guðrún Þorgrímsdóttir (fædd í Austurbænum árið 1916) var 10 ára léku krakkarnir sér að því að skriða í gegnum gat sem myndast hafði á Löngutorfunni. Þetta gat varð svo til þess að torfan slitnaði í sundur og það fór að blása úr báðum endum. Miðað við fjarlægðina í milli torfanna hefur rofhraðinn verið um 50 cm í hvora átt á ári. Rofinu í neðri hluta torfunnar var lokað rétt fyrir 1980. Efri torfunni hefur ekki verið lokað enda er hún alveg stök og orðin mjög há. Gróðurinn hefur náð að elta rofið þannig að það stækkar ekki. Moldin sem fýkur úr torfunni festist að hluta í gróðrinum í kring.

Leyniskinn (33) heitir brekkan austur af Löngutorfunni. Hún nær austur að Litlalæk og niður undir Þrasagarð. Hún tilheyrði Miðbænum. Ofarlega í henni er fjárhústóft.

Fjánhúskinn (34) frá Suðurbæ er austan við Litlalækinn og nær eins og hinar spildurnar upp undir Flár. Suðurbæjarfjánhúsin voru þar og Suðurbæjartröðin.

Leynir (Vesturleynir) (35) kallast dalurinn sem Leyniskinn (33) og Fjánhúskinn (34) mynda. Þar er mjög skjólgott fyrir skepnur.

Kinnarskák (36) frá Austurbæ er austan við Fjánhúskinnina í Suðurbæ. Þar stendur enn hlaðið hesthús.

Kinnarskák frá Miðbæ (37) er þar austan við. Miðbæjarfjánhúsin eru þar og standa enn.

Traðarskák (38) frá Suðurbæ er þar austan við og nær austur að Bæjarlæknum.

Hóll (39) er upp af Traðarskákinni og tilheyrði einnig Suðurbæ. Hóllinn nær austur að Bæjarlæknum. Þar er tóft frá Suðurbænum. Traðarskákin og Hóllinn mynduðu því eina ræmu líkt og áður nefndar spildur gerðu. Stundum var talað um Hól sem stærra svæði, þá teygði hann sig vestur í Kinnarskákarnar.

Austurleynir (40) nefnist kvosin austan við Hólinn og ofan við Bæjarlækinn. Hann er í raun framhald kvosarinnar á milli Sandhásanna. Þar er einnig skjólgott fyrir fénað en þó ekki eins skjólgott og í Vesturleyni.

Önnur örnefni innan túngarðs

Merkilækur (41) rennur að hluta til í mörkum milli bæjanna Raufarfells og Rauðafells. Sums staðar ofan til rennur hann þó austan við mörkin. Smá ræma af Hnausunum er því í landi Rauðafells.

Bæjarlækur sem einnig var nefndur Stórilækur (42) rennur austan við bæina og var mikið notaður til þvotta. Þangað var einnig sótt neysluvatn.

Litlilækur (43) kemur ofan úr Vesturleyni og rann áður til vesturs norðan við bæina og til austurs neðan við þá, uns hann sveigði til suðurs. Nú rennur hann niður á milli bæjanna.

Prasagarður (44) var kálgarður frá Miðbænum neðan við Miðbæjartröðina.

Nötugarður (45) var hlaðinn garður norðan við Miðbæinn sem brenninetla hafði lagt undir sig. Brenninetlan var kölluð nata. Ekki er vitað hvaða hlutverki þessi garður gegndi. Þorvaldur Þorgrímsson (fæddur 1925) man eftir því þegar hann var hlaðinn.

Mýri (engjarnar)

Mýri (46) nefnist landið vestan Laugarár. Þetta var þó ekki samfelld mýri heldur voru þurrir vallendisbakkar inn á milli enda hefur áin flæmst þarna yfir á liðnum öldum. Mýrinni var skipt

í margar skákir líkt og heimalandinu en menn átti ekki alltaf sömu stykkin heldur gengu mörg þeirra kerfisbundið á milli bæjanna. Oft voru spildurnar afmarkaðar af keldum eða öðrum náttúrlegum kennileitum. Eftir að farið var að þurrka landið riðlaðist þessi gamla skipting. Þegar túninu var skipt 1968 var Mýrinni einnig skipt. Einnig var hluta af sameiginlegu högunum skipt á Raufarfellsbæina og Selkot.

Miðbærinn fékk austurhlutann af Mýrinni en Suðurbærinn vestur- og norðurhlutann. Hér á eftir verður reynt að lýsa Mýrinni eins og hún var áður en skiptin fóru fram og áður en hún var þurrkuð. Það gildir um Mýrina eins og heimatúnin að notagildi örnefnanna minnkaði mikið við þurrkun landsins og skiptingu. Þá urðu til nýjar spildur sem fengu nöfn eða númer en sum nöfnin eru þó enn notuð. Skurðir urðu eðlileg mörk milli spildna en keldur og fleira sem hafði afmarkað spildurnar hurfu.

Stóri-Kollur (47) er syðst í vestasta stykkinu sem nú tilheyrir Miðbænum og nær aðeins austur í núverandi miðstykki frá sama bæ. Hann nær vestur að Torfmýri og austur að Óskiptuhólma. Rásir og keldur afmörkuðu hann. Hann nær upp að Litla-Kolli. Mörkin voru skammt sunnan við bleytuna sem verið hefur í þessu stykki. Austurbær og Miðbær áttu Kollana og skiptust á að nýta þá, nýttu Stóra-Koll annað árið en Litla-Koll hitt árið. Kollarnir þóttu þokkaleg stykki og voru frekar þurrir nema bleytustykkið í Litla-Kolli.

Litli-Kollur (48) er norðan við Stóra-Koll og nær norður fyrir bleytuna sem var í stykkinu og er þar að hluta enn.

Torfmýri (49) er vestan við Kollana og þar voru margar skákir sem lágu austur-vestur. Torfmýrin nær vestur að Langabakka og upp að Þýðhólma. Austurbær, Miðbær og Suðurbær áttu Torfmýrina, 2-3 skákir hver bær. Bæirnir áttu hins vegar ekki ákveðnar spildur, heldur fluttust þær kerfisbundið



136. mynd. Örnefni á Mýrinni.

á milli bæjanna. Stundum var torf skorið í Torfmýrinni og nafnið er væntanlega dregið af því. Torfmýrin var nokkuð blaut og þýfð. Þegar þúfur var skornar ofan af voru þær lagðar í mörkin milli stykkja eða notaðar til að fylla upp í keldur.

Torfmyrarhorn (50) er smástykki efst og vestast í Torfmýrinni. Þýðhólmi er norðan við það og Litla-Koll.

Þýðhólmi (51) er norðan við Litla-Koll og Torfmýri. Hann nær töluvert vestur fyrir

markaskurðinn og upp undir Grændali. Suðurbær, Austurbær og Miðbær áttu Þýðhólma. Honum var ekki skipt heldur slógu menn hann til skiptis. Hann var frekar þurr og ekki mjög þýfður.

Langibakki (52) er vestan við Torfmýrina og nær til vesturs að mörkum milli Seljavalla og Raufarfells. Til norðurs nær hann að Grændölum. Að austan nær Langibakki að Þýðhólma og Torfmýri. Langibakki var þýfður og blautur. Hann tilheyrði Vesturbænum.

Grændalir (53) eru ofan við Langabakka og ná norður fyrir núverandi veg u.þ.b. á móts við gistihúsið á Lambafelli (gamla skátaheimilið). Allir bæirnir áttu í Grændölum og einnig Selkot. Selkot og Vesturbær áttu þó helmingi minni hlut en hinir. Þetta voru margar skákir sem gengu á milli bæjanna. Þetta voru ágætlega þurr stykki.

Brandsbakki (54) er austan við Grændali og nær austur að Laugará og jafn langt norður og Grændalirnir. Brandsbakkinn nær svo suður undir rás sem var u.þ.b. þar sem núverandi markaskurður er á milli Raufarfellsbæjanna. Til vesturs nær hann á móts við svokallað Miðstykki á Raufarfelli 2. Suðurbærinn átti Brandsbakkann einn.

Langhólmi (55) er vestan við Bakkaskákar og nær upp að Brandsbakka og suður undir Kolla. Þýðhólmi er vestan við hann. Miðbærinn og Austurbærinn áttu Langhólma en honum var ekki skipt heldur skiptust bæirnir á að nýta hann.

Óskiptuhólmi (56) er austan við Stóra-Koll og nær austur að Óskiptu. Mörkin milli Óskiptu og Óskiptuhólma eru rétt austan við miðjuna á austasta slægjustykkinu á Raufarfelli 2 (þriðja stykki vestan frá). Óskiptuhólmi nær norður að Bakkaskákunum. Allir bæirnir áttu í Óskiptuhólmanum og einnig Selkot. Vesturbær og Selkot áttu saman jafn stóran hlut og hinir. Stykkinn lágu austur-vestur eins og þjóðvegurinn

og líklega voru skákirnar átta talsins og menn skiptust á að nýta þær.

Óskipta (57) nær frá Óskiptuhólma austur að Óskiptunni á Rauðafelli. Óskiptan nær upp að Bakkaskákunum eins og Óskiptuhólminn. Allir áttu í Óskiptunni en Selkot og Vesturbær áttu hálfan hlut á móti hinum. Þetta stykki, eins og flest hin, skiptist milli bæja eftir árum.

Bakkaskákir (58) tilheyrðu Miðbæ og Austurbæ. Þær lágu austur-vestur norðan við Óskiptuhólmann og austan við Langhólmann. Þær gætu hafa verið fjórar talsins en sú syðsta var stærst. Bakkaskákirnar ná austur í austasta stykkið (fjórða stykki vestan frá á Raufarfelli 2) um það bil að varnargarðinum sem er efst í því stykki. Bæirnir skiptust á að nýta þær.

Hornin (59) eru þrjár litlar spildur austan við Bakkaskákirnar og ná að Laugaránni. Þær heita Aurlólmi, Horn og Kirkjuhorn. Hornin tilheyrðu Miðbæ og Austurbæ. Bæirnir áttu alltaf sömu spildurnar gagnstætt því sem yfirleitt var.

Aurlólminn (60) er næstur ánni og tilheyrði Austurbænum. Hann nær að Óskiptunni að sunnan.

Kirkjuhorn (61) er vestan og ofan við Aurlólma. Það tilheyrði líklega Austurbænum. Þóður Tómasson í Skógum telur að heyfall af þeim hafi verið ætlað Miðbælispresti, er syngja átti nokkrar messur á ári í bænhúsinu á Raufarfelli.

Horn (62) er vestan við Aurlólmann. Það liggur að Brandsbakka og tilheyrði Miðbænum.

Önnur örnefni á Mýrinni

Laugará (63) rennur að hluta í mörkum milli Lambafells og Seljavalla annars vegar og Raufarfells og Selkots hins vegar. Einnig klýfur hún lönd Raufarfells og Selkots í tvennt. Nafn árinna breytist í Bakkakotsá þar sem hún rennur undir brúna á þjóðvegnum.

Vöðull (64) nefndist leiðin sem farin var yfir rás sem skildi að Bakkaskákir og Brandsbakka. Rásin var ekki stór en umferð hestanna hafði myndað töluverða tjörn þar sem farið var yfir.

Laugaránni var veitt á Kollana, Óskiptuhólmann, Brandsbakka og víðar eftir því sem hægt var. Byrjað var á þessu á vorin en vatnið tekið af töluvert fyrir sláttinn.

Önnur örnefni í landi Raufarfells og Selkots

Áður en lengra er haldið er rétt að minnast á svokölluð sveltí en það eru syllur eða fláar sem kindur geta komist niður í en ekki aftur upp. Nokkrir slíkir staðir eru í Raufarfellsheiðinni en þó eru sveltí í Rauðafellsheiðinni mun fleiri. Í Raufarfellsheiðinni eru t.d. sveltí í Bæjargilinu, við Djúpagil og í Raufarfellstungum. Reynt var að fylgjast með þessum stöðum yfir sumarið og bjarga kindum sem þar lentu. Oft þurfti að styðjast við band til að komast á þessa staði.

Eystri-Sandháls (65) er upp af Austurleyni og var fyrir nokkrum áratugum að mestu ógróinn. Þegar gosið hófst í Eyjafjallajökli var hann orðinn ágætlega gróinn en fór illa í öskufokinu 2010. Hann hefur náð sér aftur.

Vestri-Sandháls (66) er vestan við Eystri-Sandhálsinn og mjög áþekkur honum.

Flár (67) eru brattar, grasigrónar hlíðar sem taka við þegar brekkunum sleppir. Þær afmarkast af Sandhálsnum að austan en Bæjargili að vestan og ná upp undir Sléttbergshaus. Þær eru sums staðar aðeins blautar því vatn seytlar víða úr berginu.

Högnaklettur (68) er mikill og áberandi klettur sem rís austan við Bæjarskálirnar. Hann setur mikinn svip á fjallið. Markalínan milli Rauðafells og Raufarfells liggur í Högnaklett.

Sigurðarhilla (69) er sylla neðan við Högnaklett en ofan við götuna næst neðan við hann. Við vitum ekki nákvæmlega hvaða sylla það er en hún er á þessum slóðum. Sagnir eru um að kindur hafi lent þar í sveltí.

Bæjargil (70) er nokkuð stórt gil í fjallinu vestan við Raufarfell en austan við Selkot og neðan við Bæjarskálir. Það ásamt Bæjarskálunum skiptir fjallinu í Framfjall og Innfjall. Eftir því rennur Grjótalækur ofan úr Bæjarskálum. Í gilinu er mikill gróður.

Framfjall (71) kallast fjallið ofan við bæinn á Raufarfelli til aðgreiningar frá Innfjalli sem er innan við Bæjargilið. Mörg örnefni eru svo í hvorum hluta fjallsins fyrir sig.


Innfjall (72) kallast fjallið ofan við Selkot og er því innan við Bæjargilið.

Bæjargilsfossar (73) eru fossar í Bæjargilinu bæði ofan og neðan við Sléttabergsstíg. Tveir þeirra blasa við frá Raufarfellsbæjunum. Fossarnir eru í Grjótalæknum.

Sléttaberg (74) er þverhniptur hamraveggur í austurbarmi Bæjargils. Efri hluti þessa hamraveggs er vestur hluti svokallaðs Sléttbergshaus.

Sléttbergshaus (75) er hamrahaus á austurbrún Bæjargils sem að heiman séð er nokkuð kúlulaga. Sá hluti hans sem snýr að gilinu er þó lóðréttur bergveggur (Sléttaberg).

Sléttbergsstígur (76) er stígur sem liggur niður í Bæjargilið austanvert, meðfram Sléttabergi. Eftir honum er hægt að komast yfir Bæjargilið. Ef verið er að eiga við fé austan við Bæjargilið þarf að gæta þess að það komis ekki á stíginn því þá sleppur það vestur í fjall. Ekki er hægt að komast yfir gilið neðan við Sléttbergsstíginn. Ef farið er töluvert ofar er hægt að komast yfir gilið með því að fara niður mjög bratta skriðu en það er leiðinleg leið.



137. mynd. Örnefni við Selkot.

Þegar komið er upp í Bæjarskálir er hægt að fara ofan við gilið.

Bæjarskálir (77) er hvilft eða dalur sem jökull hefur myndað á sínum tíma. Þessi dalur er upp af Bæjargilinu. Lengi var þetta svæði illa gróið en gróður hefur aukist þar í seinni tíð en gosið 2010 spillti honum mikið en hann er nú á uppleið aftur. Í vestanverðum Bæjarskálum, upp undir egg, er lítil og nokkuð þykk gróðurtorfa (á að giska 100 fermetrar). Hún gefur vísbendingar um mikinn gróður á þessu svæði hér áður fyrr.

Bæjargilsrani (78) er tunga sem liggur frá Bæjarskálunum niður í Bæjargilið.

Eggjar (79) skilja að Rauðafells- og Raufarfellsheiði en þessar heiðar eru sitt hvoru megin á miklum fjallshrygg. Eggjarnar eru víða illfærar mönnum og fé en sumsstaðar er greiðfært yfir þær einkum innarlega í heiðinni og uppabænum á Raufarfelli. Þær ná alveg inn að Eyjafjallajökli. Eggjar (176) eru hluti af sama hrygg og þessar eggjar.

Bæjargilstorfa (80) er nokkuð stór grasbrekka vestan við Bæjargilið.

Litla-Bæjargil (81) er frekar lítið gil vestan við Bæjargilstorfuna.

Hagar (82) er samheiti yfir sameiginlegt beitiland bæjanna vestan við túngarðinn á Raufarfelli og inn undir Selgil. Hér er ekki átt við fjallið eða heiðina heldur neðri hluta landsins sem kýr og hross gátu nýtt. Það var talað um að fara inn í haga eða að fara inn fyrir. Þetta heiti er því hliðstætt Veitum, Mýri og Brekkum, samheiti yfir svæði sem hefur mörg sérnöfn.

Grjótalækur (83) rennur ofan úr Bæjarskálum, um Bæjargilið og myndar þar fallega fossa. Hann rennur svo niður Bólið og í Laugará skammt sunnan við Selkot.

Ból (84) er svæðið á milli túngarðanna í Selkoti og á Raufarfelli. Það nær ofan frá Bæjargili og niður undir Laugará. Á Bólinu vestan við Nýgræðuna og Dalvöllinn voru kvíar og sést enn móta fyrir þeim. Þangað var stutt að fara bæði frá Selkoti og Raufarfelli. Það var fært frá á tveimur bæjum á Raufarfelli (Suðurbæ og Miðbæ) fram yfir 1920.

Tangaból (85) er syðsti hluti Bólsins.

Stóristeinn (86) er stór steinn rétt ofan við túngarðshliðið í Selkoti en utan túngarðs. Hann er ekki eins áberandi nú og hann var áður því skriður hafa hlaðist í kringum hann.

Eyjabakki (87) er graslendi á flatlendinu neðan við Selkot. Laugaráin bar ösku og annan framburð yfir hann haustið eftir gosið í Eyjafjallajökli og hefur hann ekki náð sér enn. Á 132. mynd sést hversu gróinn hann var fyrir gos.

Austurhóll (88) er smáhóll vestan við fjárhúsin í Selkoti en austan við Innhússlækinn.

Vesturhóll (89) er framhald Austurhóls en vestan lækjar.

Innhússlækur (90) á upptök í bergbrúninni neðan Katrínarhillu og kemur niður á milli Innhússháls og Miðháls. Á Raufarfelli var þessi lækur gjarnan nefndur Selkotslækur. Hann er í raun bæjarlækurinn í Selkoti.

Lækjarlaut (91) er laut í túninu í Selkoti. Lækurinn rennur vestan við Austurhólinn þegar hann kemur niður fyrir túngirðinguna en rennur austur í Lækjarlautina þegar neðar dregur.

Austurtún (92) er túnið austur af bænum í Selkoti.

Upptún (93) er túnið ofan við bæinn í Selkoti, neðan við fjárhúsin og vestur að Lækjarlaut.

Vesturtún (94) er túnið vestur af bænum í Selkoti.

Suðurtún (95) er sunnan og suðvestan við bæinn í Selkoti.

Útseta (96) er austasti hluti túnsins í Selkoti. Þetta var áður hluti af Bólinu en túnið var stækkað og túngirðingin færð utar.

Þýfi (97) var svæðið niður og austur af Gömlu réttinni á milli Réttarlækjar og Innhússlækjar. Það er utan við túngarðinn.

Framveita (98) er fremri hluti veitunnar neðan við túnin í Selkoti.

Vesturveita (99) er innan við Framveituna og byrjar við Dýaugun.

Innveita (100) er votlendi innan við Selkot en neðan við Réttarleiti.

Stóra-Dý (101) var syðst í Vesturveitunni. Það var hættulegt skepnum en grafinn var skurður í kringum það fyrir 1920 til draga úr hættunni.

Dýaugu (102) eru á milli Framveitu og Vesturveitu og var handgrafinn skurður á mörkum Vesturveitu og Dýaugna.

Litlamýri (103) er innan við Innhússlækinn í Selkoti, neðan túngarðs og nær niður að aur. Búið er að grafa hana en hún er tæpast nógu þurr.

Dýjabakki (104) er þurr brekka eða hækkun í landslagi ofan við Innveituna en neðan við Réttarleitið.

Gamla réttin (105) er innan og neðan við Innhússhálsinn en framan við Réttarlækinn. Veggirnir standa að hluta.

Bringir (106) Bakkar neðan við Breiðuskriðu sem Laugará hefur brotið í gegnum árin. Þeir eru nokkrir metrar á hæð.

Hellisháls (107) er austastur þriggja hálsa sem ganga fram úr fjallinu vestan við Bæjargilið. Í þessum hálsi er hellir sem nú er fallinn saman. Fé var haft í hellinum hér áður fyrr. Neðan við Hellisháls eru fjárhús frá Selkoti sem nefnast Bólhús.

Miðháls (108) er á milli Hellisháls og Innhússháls (Sauðakofaháls).

Innhússháls (109) (einnig nefndur Sauðakofaháls) er innstur hálsanna þriggja. Fjárhús frá Selkoti voru neðst í hálsinum.

Gýpir (110) eru smá hvilftir inn í bergið á milli hálsanna. Annars vegar á milli Hellisháls og Miðháls og hins vegar á milli Miðháls og Innhússháls (Sauðakofaháls).


Réttarlækur (111) kemur niður innan við Sauðakofaháls. Í honum er foss sem kallast Innhússfoss. Innhússfoss er því ekki í Innhúslæk. Hann rennur niður rétt innan við Gömlu réttina.

Innhússfoss (112) er foss í Réttarlæknum sem myndast þegar lækurinn fellur niður í hvilftina innan við Innhússháls (Sauðakofaháls). Innhússfoss er framan við Innhússtorfu.

Réttarleiti (113) er innan og neðan við Gömlu réttina, framan við Stórlág.

Stóralág (114) er ofan við fjárhúsin á Breiðuskriðunni.

Stórlágarhálsar (115) eru ofan við Stórlág en neðan við Tvöföldu hamra.



138. mynd. Örnefni í Innfallinu.



139. mynd. Örnefni við Djúpagil.

Katrínarhilla (116) er í bergbrúninni rétt austan við háhrygginn á Innhússhálsi. Sagt er að úr henni hafi hrapað kona er Katrín hét.

Sauðatorfa (117) er grastorfa upp af Katrínarhillu og teygir sig upp undir Geldingakletta.

Innhússtorfa (118) er grastorfan framan við Pottgilið og teygir sig upp í áttina að Geldingaklettum.

Pottgil (119) er lítið gil framan í fjallinu upp af Réttarleitinu. Það er stutt en nokkuð djúpt.

Pottgislækur (120) rennur eftir Pottgilinu.

Pottgilsgata (121) er fjárgata sem liggur yfir Pottgilið.

Tvöföldu hamrar (122) er hamraveggur sem slitinn er sundur með nokkuð breiðri syllu. Eftir þessari syllu liggur kindagata. Þessir hamrar eru neðan við Smjörtorfu en ofan við Stóruhálsá.

Karl (123) er afar stór einstæður klettur sem stendur austan Djúpagils, ofarlega. Hann er upp af Smjörtorfunni.

Smjörtorfa (124) er nokkuð stór grastorfa, niður af Karli en ofan við Tvöföldu hamra.

Setur (125) eru ofan við Djúpagilið og ofan við Karl. Þarna eru hamrar og grasflákar. Úr Setum er hægt að komast inn í Bæjarskálirnar, vestanverðar.

Geldingaklettur (126) eru klettabelti framan við Karl og teygja sig upp í eggina vestan Bæjarskála. Sauðatorfa er neðan við þá austan til en Innhússtorfa neðan við þá að vestanverðu.

Tæpugata (127) er illfær gata sem liggur til vesturs eða norðvesturs ofan við Djúpagil.

Djúpagil (128) er nokkuð stórt gil upp af mörkum

Breiðuskriðu og Borgardals. Það er mikið gróið og hægt er að komast yfir það á nokkrum stöðum.

Loftsból (129) er hellisskúti framan við Djúpagilskjafinn.

Breiðaskriða (130) er innan við Stóruhálsá. Hún er stór um sig og er nú algróin og víða nokkuð slétt. Hún nær inn að Borgardalslæk.

Höfðar (131). Á innri brún Djúpagils, ofarlega, eru þrjár höfðar, Efstihöfði, Miðhöfði og Neðstihöfði. Þeir eru einu nafni nefndir Höfðar.

Efstihöfði (132) er efstur höfðanna innan við Djúpagil.

Miðhöfði (133) er á milli Efstahöfða og Neðstahöfða.

Neðstihöfði (134) er neðstur höfðanna innan við Djúpagil.

Borgardalur (135) er ekki eiginlegur dalur heldur kvos við rætur fjallsins innan við Borgardalslæk. Landinu hallar nokkuð niður að Laugaráni.

Borgardalslækur (136) rennur eftir Djúpagili og skilur að Breiðuskriðu og Borgardal.

Borgardalsklettur (137) er klettabelti upp af Borgardalnum.

Háatorfa (138) er grasfláki sem teygir sig hátt upp í hlíðina skammt innan við Borgardalinn.

Illagil (139) er framan við Mórauðu hnausa en innan við Borgardal samkvæmt örnefnaskrá eftir Þórð Tómasson. Við þekkjum ekki þetta örnefni og getum ekki alveg staðsett það. Tveir smáskorningar koma til greina á þessu svæði en eru ekki illfærir. Númerið var eigi að síður sett inn á myndina. Nokkru innar eru Skálhálsagil sem eru mikið stærri og bæru þetta nafn betur.

Mórauðu hausar (steinar) (140) eru stórir móbergssteinar austan við Laugará á svæðinu frá upphafi göngustígsins inn í Seljavallalaug að lauginni. Láglandið meðfram ánni tekur væntanlega nafn af þeim en það er kallað Mórauðu hnausar.

Mórauðu hnausar (141) er láglandið austan Laugarár sem byrja við þurran lækjarfarveg innan við Borgardalinn og nær inn að Selgili.

Laugarárbrekkur (142) heitir hlíðin upp af Mórauðu hnausum.

Búrhálsar (143) eru framan við Vegghamra og ofan við Laugarárbrekkur.

Búrhaus (144) er klettahaus upp af Búrhálsunum.

Vondunef (145) nefnast nefin eða háu eggjarnar upp af Búrhausi. Þau ná fram að Djúpagili.

Örnefni innan við Selá

Selá (146) er vatnslítill á sem fellur fram Selgil og rennur í Laugará skammt innan við Seljavallalaug.

Selgil (147) er allstórt flákagil sem skerst niður eftir heiðinni. Selá rennur eftir gilinu.

Seltorfa (148) er vestan Selár. Þetta er nokkuð stór grastorfa sem var að blása upp. Sáð hefur verið í rofið að töluverðum hluta. Í rofinu að vestan má sjá leifar húshleðslu. Þarna hefur verið sel frá Raufarfelli frá landnámsöld og fram til 1500 eða 1600.

Seltorfurani (149) er neðan við Seltorfu.

Raufarfellstungur (150), sem einnig hafa verið nefndar Lambatungur, liggja milli tveggja mikilla gljúfra. Í daglegu tali er gjarnan talað um Tungurnar. Að vestan er Innra-Tungugil (einnig nefnt Laugarárgil) sem skilur að heiðarlönd Seljavalla og Raufarfells. Að austan

er Fremra-Tungugil. Það eru tvær aðalleiðir í Tungurnar, annað hvort er farið ofan við Fremra-Tungugilið, um Þvertungur, eins og oftast var gert í smalamennskum. Einnig er fær leið neðst í Tungunum í Tunguranaanum. Framan í honum er svonefnd Ofanferð sem er þokkalega greiðfær en brött. Einnig er hægt að komast yfir Fremra-Tungugilið á Króknum en sú leið er ófær fyrir fé. Krækilyng er í Raufarfellstungum og þangað var stundum farið til berja. Tveir ungir synir Jóns Björnssonar bónda í Miðbæli drukknuðu í Tungnaá 1848 en þeir höfðu farið þangað í berjatínu. Þórður Tómasson (1949) segir frá þessu í Eyfellska sögnum.

Innra-Tungugil (151) er stórt og hrikalegt gil sem skilur að heiðarlönd Seljavalla og Raufarfells. Þetta gil hefur einnig verið nefnt Laugarárgil.

Fremra-Tungugil (152) er stórt og mikið gil sem skilur Raufarfellstungur frá Raufarfellsheiðinni.

Tungurani (153) er neðsti hluti Raufarfellstungna.

Tungnaá (154) rennur eftir Fremra-Tungugili

Tungufoss (155) er foss í Fremra-Tungugili um það bil miðsvæðis.

Tungusveldi (156) er neðarlega í vestanverðum Raufarfellstungum, niður undir Laugará. Oft notuðu menn tækifærið þegar þeir fóru í sundlaugina á Seljavöllum og kíktu í sveltíð. Það sést vel í það úr brekkunni innan við laugina. Það var farið í sveltíð ofan frá með stuðningi banda. Svo var reynt að handsama féð og hífa það upp. Það kom fyrir að féð stykki niður úr sveltinu og niður á áreyrnar. Þá þurfti að koma því yfir ána.



140. mynd. Örnefni innan við Djúpagil.



141. mynd. Örnefni í Heiðinni.



142. mynd. Örnefni í Heiðinni



143. mynd. Örnefni í Raufarfellstungum.

Lambhagi (157) er í Innra-Tungugilinu, neðan við Tunguranann, Seljavallamegin. Þetta er vel gróið svæði niður undir Laugará. Fé sem fór í Lambhagann þurfti yfirleitt að sækja, það kom ekki sjálft.

Ofanferð (158) er gata sem liggur úr Tungunum og yfir Tungnaá.

Brýr (159) er töluvert mikið klettabelti í Tungunum sem skiptir þeim í tvennt. Neðan við klettabeltið eru Tungurnar nánast algrónar. Það er fært fyrir menn og kindur um Brýrnar. Neðan við Brýr er ágætt berjaland.

Vesturdalir (160) eru ofan við Brýr. Þetta svæði er ásamt Austurdölum gróðursælasta svæðið þar uppi.

Austurdalir (161) eru ofan við Brýr. Þetta svæði er ásamt Vesturdölum gróðursælasta svæðið þar uppi.

Mörleysur (162) eru lítt gróið svæði sem liggur vestan að Tungunum og tilheyrir Lambafellsheiðinni (Seljavallaheiðinni). Stundum hefur fé úr Raufarfellstungum farið þangað.

Lambatungnahaus (163) er hár haus eða skerjaklasi innst í Raufarfellstungunum, inn við jökulinn.

Guðnanípa (164) er sá hluti Lambatungnahaus sem hæst ber og sést hún vel af þjóðveginum.

Eyjafjallajökull (165) er ofan við heiðarlöndin sem hér er lýst.

Guðnasteinn (166) er bergstál sunnan í Eyjafjallajökli sem yfirleitt er snjólaust á sumrin en lokast af snjó á veturna.

Þvertungur (167) eru nokkuð framan við Lambatungnahaus og liggja austur og vestur um innsta hluta heiðarinnar. Framan við Þvertungur er gil sem liggur vestur í Fremra-Tungugil.

Uppistungnahaus (168) er framan við gilið sem afmarkar Þvertungurnar, miðsvæðis að kalla. Í afriti landamerkjálýsingar frá 1886 er nefnt Yrpustungnahöfuð og er það líklega sama örnefnið.

Uppistungur (169) eru neðan við Uppistungnahaus og ná að Selgili sem er eitt af Skálhalsagiljunum. Krókur er svo vestan og neðan við þær.

Krókur (170) nefnist nokkuð stórt svæði ofan og vestan við Seltorfuna. Krókurinn liggur austan við Tungugilið en neðan og vestan við Uppistungur. Nafnið kemur væntanlega af því að gilið sveigir þarna til vesturs og myndar þennan krók.

Skálhalsagil (171) eru gil sem skilja að Skálhalsana. Sum þeirra eru mjög hrikaleg.

Skálir (172) eru efst í Raufarfellsheiði, fram frá Uppistungnahaus. Þær eru þrjár: Innsta-, Mið- og Fremstaskál. Þær hafa einnig verið nefndar Kálfaskálir.

Innastaskál (173) er innst skálanna þriggja.

Miðskál (174) er skálin í miðjunni.

Fremstaskál (175) er fremst skálanna þriggja.

Kálfaskálaeggjar eða Eggjar (176) skilja að Raufarfells- og Rauðafellsheiði. Innsti hluti þeirra hefur stundum verið nefndur Kálfaskálaeggjar. Þær eru framhald eggjanna (79) sem áður hefur verið getið.

Ofanferð (177) er leiðin frá Skálunum niður á Skálhalsa.

Skálhalsar (178) liggja niður frá Skálunum. Þeir eru þrír og heita Langi-Skálhals, Ofanferðarhals og Stutti-Skálhals.



144. mynd. Eyjafjallajökull séður frá Mýrinni á Raufarfelli. Guðnasteinn sést á toppi jökulsins, Seljavallaheiði er neðan jökuls fyrir miðri mynd og Raufarfellstungur hægra megin við jökulinn. Guðnanípa sést efst í Tungunum.

Langi-Skálhál (179) er innstur hálsanna.

Ofanferðarhál (180) er miðhálslinn.

Stutti-Skálhál (181) er fremstur (syðstur) hálsanna.

Votuflær (182) eru austan við Stutta-Skálhál og ná að læk sem er þar austan við. Í Votuflám eru uppsprettur og vatnselgur töluverður. Þarna er einnig nokkuð bratt.

Vegghamrar (183) eru neðan við Votuflær. Þetta er nokkuð sléttur bergveggur.

Örnefni í landi Rauðafells

Landamerki milli Raufarfells og Rauðafells eru skammt austan við bæina á Raufarfelli. Hluti af landi Rauðafells blasir því við af bæjarhlaðinu á Raufarfelli. Vegna þessa verður einnig sagt frá nokkrum örnefnum vestan til í Rauðafellslandi.

Lynghausar (184) eru klettabelti milli tveggja gilja austan og neðan við Högnaklett.

Vestra-Lynghausagil (185) er vestan við Lynghausana.

Eystra-Lynghausagil (186) er austan við Lynghausana.

Fjallfláki (187) er klettabelti vestur af Lynghausum og nær niður að Vestri-Leyni á Rauðafelli. Þetta örnefni hefur ekki verið notað í seinni tíð en er í örnefnaskrá Þórðar Tómassonar.

Litli-Högnaklettur (188) er skammt framan við Högnaklett.

Bláskriður (189) eru grjótskriður framan og neðan við Litla-Högnaklett.

Móhraun (190) er töluvert gróið land en ekki gróskumikið neðan við Bláskriðurnar en ofan við Móhillubrekkurnar.

Efri-Móhilla (191) er móbergsbelti vestan við Móhraunið.

Neðri-Móhilla (192) er móbergsbelti austan og neðan við Efri-Móhillu.


Móhillubrekkur (193) eru grasi grónar brekkur neðan við Móhillurnar.

Máriuergil (194) er grunnt en vel gróið gil neðan við Móhraunið.

Mógil (195) er nokkuð stórt gil innan við Máriuergil. Móberg er áberandi í gilin eins og víðar á Rauðafelli.



145. mynd. Rauðafell 1988, Raufarfell og Selkot fjær.



146. mynd. Örnefni á Rauðafelli.

Vestri-Leynir (196) er vestan við Álfhól. Örnefnið Leynir er því til á Rauðafelli eins og á Raufarfelli.

Eystri-Leynir (197) er austan við Álfhólinn.

Álfhóll (198) hryggur sem hefur verið grasi gróinn en efsti hluti hans hefur blásið upp.

Álfhólsskákar (199) eru brött tún neðan við Álfhólinn og ná vestur að Merkilæk, niður að Þúfnatúni og Ekru.

Ekra (200) er nokkuð bratt tún vestan við Bæjarlækin á Rauðafelli neðan við Álfhólsskákar, austan við Þúfnatún og ofan við Skjaldalund.

Þúfnatún (201) er tún neðan við Álfhólsskákar og vestan Ekru.

Skjaldalundur (202) er frekar flatt tún neðan við Ekruna.

Mýrarhóll (203) er hóll, ofan og vestan við Rauðafell I, rétt ofan við bílveginn.

Grjótteigur (204) er austan við Merkilæk ofan bílvegar.

Örnefni í stafrófsröð

Aurhólmi (60)	Eystri-Leynir (197)
Austurdalir (161)	Eystri-Sandháls (65)
Austurhóll (88)	Fjallfláki (187)
Austurleynir (40)	Fjánhússkinn (34)
Austurtún (92)	Fjánhússkák (30)
Austurveita (9)	Flár (67)
Álfhóll (198)	Fornufjós (5)
Álfhólsskákar (199)	Framfjall (71)
Bakkaskákar (58)	Framveita (98)
Bláskriður (189)	Fremra-Tungugil (152)
Borgardalsklettar (137)	Fremstaskál (175)
Borgardalslækur (136)	Frugga (12)
Borgardalur (135)	Fruggubali (13)
Ból (84)	Fruggudý (14)
Brandsbakki (54)	Geldingaklettar (126)
Breiðaskriða (130)	Grafarteigur (10)
Brekkur (26)	Grjótalækur (83)
Bringir (106)	Grjótatún (20)
Brýr (159)	Grjótteigur (204)
Búrhaus (144)	Grændalir (53)
Búrhálsar (143)	Guðnanípa (164)
Bæjargil (70)	Guðnasteinn (166)
Bæjargilsfossar (73)	Gýpir (110)
Bæjargilsrani (78)	Hagar (82)
Bæjargilstorfa (80)	Háatorfa (138)
Bæjarlækur (42)	Hellisháls (107)
Bæjarskálir (77)	Hnausar (1)
Dalvallarenni (27)	Horn (62)
Dalvöllur (25)	Hornin (59)
Díli (22)	Hóll (39)
Djúpagil (128)	Höfðar (131)
Dýaugu (102)	Högnaklettur (68)
Dýjabakki (104)	Illagil (139)
Efri-Móhilla (191)	Innfjall (72)
Efstihöfði (132)	Innhússfoss (112)
Eggjar (79)	Innhússháls (109)
Ekra (200)	Innhússlækur (90)
Enni (31)	Innhússtorfa (118)
Eyjabakki (87)	Innmýri (105)
Eyjafjallajökull (165)	Innra-Tungugil (151)
Eystra-Lynghausagil (186)	Innstaskál (173)

Innveita (100)	Mörleysur (162)	Torfmyrarhorn (50)
Karl (123)	Neðri-Móhilla (192)	Torfmyri (49)
Katrínarhilla (116)	Neðstihöfði (134)	Traðarskák (38)
Kálfaskálaeggjar (176)	Nýgræða (24)	Tungnaá (154)
Kálgarðsskák (23)	Nötugarður (45)	Tungufoss (155)
Kinnarskák frá Austurbæ (36)	Ofanferð (158)	Tungurani (153)
Kinnarskák frá Miðbæ (37)	Ofanferð (177)	Tungusveldi (156)
Kirkjuhörn (61)	Ofanferðarháls (180)	Tvöföldu hamrar (122)
Krókur (170)	Óskipta (57)	Tæpugata (127)
Kúatraðarenni (29)	Óskiptuhólmi (56)	Uppistungnahaus (168)
Kúatröð (28)	Pottgil (119)	Uppistungur (169)
Lambatungnahaus (163)	Pottgilsgata (121)	Upptún (93)
Lambhagi (157)	Pottgilslækur (120)	Útmýrar (11)
Langatorfa (32)	Pæluhóll (8)	Útseta (96)
Langhólmi (55)	Pætur (7)	Vegghamrar (183)
Langibakki (52)	Raufarfellstungur (150)	Veitur (6)
Langi-Skálháls (179)	Réttarleiti (113)	Vestan við garð (18)
Laugará (63)	Réttarlækur (111)	Vestra-Lynghausagil (186)
Laugarárbrekkur (142)	Rófa (19)	Vestri-Leynir (196)
Leynir (vestur) (35)	Sauðatorfa (117)	Vestri-Sandháls (66)
Leyniskinn (33)	Selá (146)	Vesturdalir (160)
Litla-Bæjargil (81)	Selgil (147)	Vesturhóll (89)
Litlamýri (103)	Seltorfa (148)	Vesturtún (94)
Litli-Högnaklettur (188)	Seltorfurani (149)	Vesturveita (99)
Litli-Kollur (48)	Setur (125)	Vondunef (145)
Litlilækur (43)	Sigurðarhilla (69)	Votuflær (182)
Loftsból (129)	Skálhálsagil (171)	Vöðull (64)
Lynghausar (184)	Skálhálsar (178)	Þemba (17)
Lækjarlaut (91)	Skálar (172)	Þrasagarður (44)
Lækjarskák (4)	Skjaldalundur (202)	Þúfnatún (201)
Markamýri (2)	Sléttaberg (74)	Þverskák (3)
Máriuergil (194)	Sléttabergshaus (75)	Þvertungur (167)
Merkilækur (41)	Sléttabergsstígur (76)	Þýðhólmi (51)
Miðháls (108)	Smjörtorfa (124)	Þýfi (97)
Miðhöfði (133)	Stóradý (15)	
Miðskál (174)	Stóradý, Selkoti (101)	
Mjóna (16)	Stóralág (114)	
Mógil (195)	Stóri-Kollur (47)	
Móhillubrekkur (193)	Stóristeininn (86)	
Móhraun (190)	Stóralággarhálsar (115)	
Mórauðu hausar (140)	Stutti-Skálháls (181)	
Mórauðu hnausar (141)	Suðurtún (95)	
Mýrarhóll (203)	Svunta (21)	
Mýri (46)	Tangaból (85)	

Landamerki

Landamerki Raufarfells eru skráð í Landamerkjabók Rangárvallasýslu nr. 66, bls. 44. Ljósrit af lýsingunni er á næstu síðu en textinn er einnig skrifaður með prentletri hér á eftir til að auðvelda lesningu.

Skrásetning um landamerki jarðarinnar Raufarfells í Austur-Eyjafjallahreppi Rangárvallasýslu, og er hér lýst, mörkum bæði eftir skjölum og skilríkjum, og svo líka eftir samkomulagi og sögn múlifandi manna, og eru mörkin sem nú skal greina:

Úr þúfunni sem er rétt ofan við sýsluvegin norðan við vestri Helgubakkann, er bein sjónhending í hinn forna markgarð, á milli Raufarfells og Rauðafells og það sömu beina línu yfir nefndan Sandháls austan til og upp í Högnaklett og úr Högnakletti ræður egginn í Yrpustungnahöfuð í Jökul, úr nefndri þúfu að sem hesteyra sjáist af fjallinu Pétursey, framundan Hrutafellsfjalli, allt þangað til að kemur það langt vestur að kemur á þúfuna rétt framan við

sýsluvegin, vestast á horninu í nefndri Torfmýri, svo úr þeirri þúfu beina sjónhending í Rauðastein, sem er á aurnum fyrir innan Seljavelli, og svo er markalínan áfram inn með Laugarárbrekkum niður á aurnum og inni gilið, sem er vestan við svonefndar Raufarfellstungur, liggur svo markið eftir gílinu til jökuls.

Árið 1967 var gerð landskiptagjörð milli Raufarfells og Selkots (nr. 86) og árið 1968 var landi Raufarfells skipt milli jarðanna þar (nr. 90). Þetta var gert til að land jarðanna yrði samfellt en ekki í litlum skákum eins verið hafði. Nánar er fjallað um landamerkin í úrskurði Óbyggðanefndar (2004).

Þess má geta að þúfan sem á að vera norðan við Helgubakkann sést ekki lengur, henni hefur verið ýtt burt þegar vegurinn var endurbættur.



147. mynd. Landamerki milli Raufarfells og Rauðafells.

N^o 66

Skrásetning

um landsamaki jorðarinnar Kraufarfelds í Austur-Eyja-
fjallakruppi Rangárvallasýslu, og er hjer lýst, mörkunn
bæði eftir skjalum og stikilögum, og svo líka eftir sambom-
lagi og sögum nálífandi manna, og eru mörkin sem nú
skal greina.

Uá þúfurni - sem er rjett áframvið býlaveginum
norðanvið vestri Helgubakkanum, er bein sjónkending í
himn þarna markgörd, á milli Kraufarfelds og Þraud-
felds og það sömu beina línu yfir reipnan Sand-
trálo austan til og upp í Flagna-klett, og úr Flagna-
klett sestur egginn í gypstunguathöfud í jökul, úr reipni
þífu að sem hekkra sjúist af fjallinu Þetursey, fram-
undan Flútrafelds-fjalli, allt þangað til að kemur
það langt vestur að kemur á þúfuna rjett framandi
býlaveginum, vestast á horninu á reipni Turfnjúri, svo
úr þeirri þúfu beina sjónkending í Þraudskur, sem er
á aurnum fyrir innan Heljavelli, og svo er þessi
marklínun áfram innvið Laugará brekkum
miður á aurnum og inni gilið, sem er vestandi úr-
reipnar Kraufarfeldstunguro, liggur svo markvið eftir
gilinu til jökuls.

Kraufarfeldi, dag 16. mýrg 1856.

Fumboði Vilborgar Jónsdótturo, Jón Eþerleifsson
Þórður Pálsson, Sveinn Steinvorðarson,
Björnsson, Jón Guðmundsdóttur, Tomas Steffánsson,
Sveinn Sveinsson, Anni Magnússon,
Halldór Magnússon, Jón Guðmundsson
Eyjólfur Þórarinnsson, Guðmund-

Þakkarorð

Ég færi öllum heimildarmönnum bestu þakkir fyrir hjálpina. Enn fremur fólki á Þjóðskjalasafni sem aðstoðaði mig við að finna heimildir. Síðast en ekki síst þakka ég öllum sem lásu handritið yfir, lánuðu mér myndir eða hjálpuðu til á annan hátt.

Ég vil einnig þakka Menningarsjóði Rangárbings eystra fyrir 350.000 kr styrk sem hann veitti til lokafrágangs á ritinu og til prentunar á eintökum til bókasafna og fleiri stofnana.


Myndir

Ekki er vitað um myndahöfunda allra eldri myndanna í ritinu. Róbert Páll Pétursson arkitekt tók einhverjar myndir þegar hann, sem strákur, var vinnumaður í Miðbænum. Til dæmis var 118. mynd tekin á hans vél. Ólafur Daðason tók einnig einhverjar myndir en hann var giftur konu úr Suðurbænum. Ástþór Tryggvason tók einhverjar gömlu myndanna. Guðni Þorvaldsson tók flestar þeirra mynda sem teknar voru 1966 og síðar.

Þess er getið ef aðrir tóku myndirnar. Nokkrar myndir af fólki voru teknar á ljósmyndastofum en ljósmyndara er ekki getið í slíkum tilvikum. Loftmyndir af tünnum voru fengnar hjá Búnaðarsambandi Suðurlands. Mynd af Steinunni Ögmundsdóttur og Þorsteini Tómassyni var fengin frá Byggðasafninu í Skógum og einnig myndin af bænum í Steinum.



148. mynd. Við Laugará, Selkot og Raufarfell í baksýn.



149. mynd. Kort af Austur-Eyjafjallahreppi. Teikning Emmanuel Pierre Pagneux.

Heimildir og ítarefni

- Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007, 2008. Fyrri bindi, skólahald í bæ og sveit 1880-1945. Ritstjóri Loftur Guttormsson. Háskólaútgáfan. 340 bls.
- Almenningsfræðsla á Íslandi 1880 – 2007, 2008. Síðara bindi, skóli fyrir alla 1946-2007. Ritstjóri Loftur Guttormsson. Háskólaútgáfan. 363 bls.
- Auðunn Bragi Sveinsson, 1990. Kennari á faraldsfæti – Minningar frá kennarastarfi. Skuggsjá, bls 198.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1709. Jarðabók fyrsta bindi. Vestmannaeyja- og Rangárvallasýsla. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn 1913-1917, 41-42.
- Bjarni Guðmundsson, 2013. Frá hestum til hestafla. Uppheimar, 232 bls.
- Bjarni Guðmundsson, 2015. Íslenskir sláttuhættir. Hið íslenska bókmenntafélag, 352 bls.
- Björk Ingimundardóttir, 2019. Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi, I. bindi. Austfirðinga- og Sunnlendingafjórðungar. Þjóðskjalasafn Íslands, 260-266.
- Björn Magnússon, 1970-1973. Vestur-Skaftfellingar 1703-1966. Prentsmiðjan Leiftur H.F. Reykjavík, I - IV bindi.
- Björn K. Þórólfsson, 1953. Böðvar Böðvarsson bakari. Morgunblaðið 6. júní, bls. 11.
- Búnaðarskýrslur undan Eyjafjöllum, 1792-1939.
- Dýrfinna Sigurjónsdóttir, 1995. Barnafræðsla í Austur-Eyjafjallahreppi 1893-1966. Lokaverkefni til M.Ed.-prófs við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. 40 bls.
- Eiríkur Ólafsson, 1946. Eiríkur á Brúnum. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík. 188-192.
- Fasteignamat frá Raufarfelli árin 1916, 1930 og 1940.
- Guðjón Friðriksson, 2020. Samvinna á Suðurlandi – Héraðssaga kaupfélaga og annarra samvinnufyrirtækja í Árnassýslu, Rangárvallasýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og Vestmannaeyjum. Fjögur bindi. Bókaútgáfan Sæmundur, Selfossi.
- Guðni Þorvaldsson, 2011. Við rætur Eyjafjallajökuls vorið 2010. Fræðingur 2011, 18-24.
- Gunnar M. Magnúss, 1956. Skáldið á Þröm. Iðunn, 145-159.
- Gunnar M. Magnúss, 1973. Ósagðir hlutir um skáldið á Þröm. Skuggsjá, 18-34.
- Íslenskt fornbréfasafn I, 255.
- Hannes Þorsteinsson, 1923. Rannsókn og leiðrétting á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1923 (37), bls. 16.
- Hagskinna Hagstofu Íslands.
- Hannes Lárusson, 2014. Íslenski bærinn. Tímarit máls og menningar 75(1), bls. 17-35.
- Hans Grönfeldt, 1910. Reyndur rjóminn. Búnaðarritið 24, bls 263.
- Húsvitjunarbók Holts undir Eyjafjöllum, 1906-1917.
- Hörður Ágústsson 1998. Íslensk byggingararfleifið I – Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940. Húsafríðunarnefnd ríkisins, bls. 46.
- Jónatan Hermannsson, 2017. Gulrófur og smér, það er of gott í almúgan. Garðyrkjuritið 2017. Ritstjóri Guðrún Agnarsdóttir, 22-28.
- Jón Á. Gissurarson, 1982. Seljavallalaug. Lesbók Morgunblaðsins 15. tbl, bls 13.
- Jón R. Hjálmarsson, 1999. Menningarsetrið í Skógum 50 ára – Skógaskóli og Skógasafn 1949-1999. Suðurlandsútgáfan, bls. 54, 109-112.
- Kirkjubækur undan Eyjafjöllum og úr nærsveitum. Landnámabók.
- Manntöl undan Eyjafjöllum, allar útgáfur.
- Pálmi Eyjólfsson, 1982. Hvolsvöllur. Sunnlenskar byggðir I, 1982. Búnaðarsamband Suðurlands 1982, bls. 530-533.
- Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. Rangæingafélagið í Reykjavík 1968. Bls 22.
- Barnafræðsluskýrslur farskólans undir Austur-Eyjafjöllum 1893-1938.
- Sunnlenskar byggðir IV, 1982. Búnaðarsamband Suðurlands 1982, bls. 118-119.
- Sæmundur Einarsson, 1964. Þættir úr atvinnusögu. I. Um aðrætti og verslun Eyfellinga fyrr og nú. Goðasteinn 3 (3). 51-54.
- Trausti Jónsson, 2016. Hitafar á Íslandi eftir 1800.

www.vedur.is.

Úrskurður Óbyggðanefndar, 2004. Mál nr. 5/2003.

Eyjafjallasvæðið og Þórsmörk í Rangárþingi eystra, 453-457.

Þorbjörn Karlsson, 1955. Skýrsla um athugun á jarðhita fyrir Skógaskóla. Vistuð á Orkustofnun.

Þórður Tómasson, 1948. Eyfellskar sagnir I. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, bls. 105-123.

Þórður Tómasson, 1949. Eyfellskar sagnir II. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, bls. 22-26 og 31-32.

Þórður Tómasson, 1951. Eyfellskar sagnir III. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, bls. 35-53.

Þórður Tómasson, 1982. Austur-Eyjafjallahreppur. Sunnlenskar byggðir IV. Búnaðarsamband Suðurlands 1982, bls. 8-23.

Þórður Tómasson, 1993. Sjósókn og sjávarfang – barátta við brimsand. Örn og Örlygur, 334 bls.

Þórður Tómasson, 2008. Íslensk þjóðfræði. Skrudda, 256 bls.

Þórður Tómasson, 2018. Heyannir - Um baráttu þjóðar fyrir lífi sínu. Bókaútgáfan Sæmundur, Selfossi. 272 bls.